



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. júlí 2007 – 191. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Á í stríði við Eddie Murphy

Victoria Beckham sendi gamanleikaranum tóninn í sjónvarpsþætti.

FÓLK 26



Heimilislíf hundsins

Snoop Dogg verður að raunveruleikapáttastjórnu og opnar heimili sitt fyrir sjónvarpsvélunum.

FÓLK 24



Viðhalda fáfræði kristninnar?

Ein afleiðing þessara deilna var að Biblíuhandritunum var breytt meðal annars til þess að þjóna þessum mismunandi skoðunum, skrifar Steindór J. Erlingsson.

Í DAG 18


KR náði að jafna

Keflavík og KR gerðu 1-1 jafntefli í Landsbankadeild karla í gær. Mark frá varamanninum Björgólfi Takefusa tryggði KR stigið.

ÍPRÓTTIR 28



VEÐRIÐ Í DAG




HÆGVIÐRI - Í dag verður hægt breytileg átt. Fremur skýjað sunnan til og sums staðar dálítill væta, skýjað með köflum vestan til en yfirleitt léttskýjað á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 10-20 stig, hlýjast til landsins norðvestan til.

VEDUR 4

Mánudagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu

77%



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007

Vildu aðgang að styrkjum

Bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ og Hafnarfirði beittu sér fyrir því að Orkuveita Reykjavíkur veitti bæjarbúum aukinn aðgang að samfélagsstyrkjum í samkomulagi um eignarhluta á Hitaveitu Suðurnesja.

ORKUMÁL Hafnarfjarðarbær og Reykjanesbær óskuðu sérstaklega eftir því þegar samið var um eignarhald í Hitaveitu Suðurnesja að aðilar innan bæjarfélagaanna gætu sótt um samfélagsstyrki til Orkuveitu Reykjavíkur, og var það fært til bókar í samkomulagi um skiptingu eignarhaldsins.

„Suðurnesjamenn og aðrir á veitusvæði Hitaveitu Suðurnesja munu hér eftir geta sóst eftir styrkjum í samfélagssjóð OR, eins og aðrir á veitusvæði Orkuveitunnar,“ segir Haukur Leósson, stjórnarformaður OR.

Haukur segir fulltrúa Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar hafa óskað eftir því að þetta yrði tekið sérstaklega fram í samkomulaginu, og á það hafi verið fallist. Fram kemur í samkomulagi um skiptingu eignarhluta að OR og Geysir Green Energy veiti fjárhagslegan stuðning við menningar-, íþróttar-, og áhugafélag á starfssvæði Hitaveitu Suðurnesja.

Rúmum 37 milljónum króna var úthlutað úr samfélagssjóði OR í júní síðastliðnum til samtals 47 málefna sem tengjast mannúðarmálum, menningu, íþróttar- og æskulýðsmálum og umhverfis-

og útivistarmálum. Haukur segir að enn sé til fé í sjóðnum, og hugsanlega verði auglýst eftir umsóknum um styrki aftur á þessu ári.

„Orkuveitan hefur verið með stuðning á sínu starfssvæði, og ég skil þetta þannig að þetta sé í samræmi við það og ekki meira en verið hefur,“ segir Dagur B. Eggertsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn OR.

Reykjavíkurborg á 93,5 prósent í OR, Akraneskaupstaður 5,5 prósent og Borgarbyggð eitt prósent. Guðmundur Þóroddsson, forstjóri OR, segir ekkert óeðli-

legt við að fyrirtæki sem sé að mestum hluta í eigu Reykjavíkurborgar veiti styrki víðar en í þeim byggðarlögum sem eigi Orkuveituna.

„Orkuveitan er fyrst og fremst fyrirtæki, sem er með viðskiptavinum úti um allt, meðal annars í Hafnarfirði og á Reykjanesi. Borgarbúar njóta arðs sem eigendur, en við sinnum þjóðfélagsmálum á öllu okkar veitusvæði þar sem við seljum afurðir. Við seljum þær svo sannarlega bæði í Hafnarfirði og á Suðurnesjum,“ segir Guðmundur.

- bj



SYNTI Á NORÐURPÓLNUM Sjávarhitinn var -1,8°C þegar breski ævintýramaðurinn Lewis Gordon Pugh stakk sér til sunds á norðurljónum í gær. Pugh synti einn kílómetra á tæpum 19 mínútum í isköldum sjónum, og varð að líkindum fyrsti maðurinn til að synda í sjónum á norðurljónum. Tilgangurinn með sundsprettinum var að vekja athygli umheimsins á hækkanði hitastigi jarðar.

NORDICPHOTOS/AP

Breska Íraksnefndin segir að Bretar þurfi að breyta um stefnu gagnvart Írak: Engir góðir kostir í stöðunni

LONDON, AP „Það eru engir góðir kostir eftir. Það sem við þurfum að gera er að velja þann kost sem er illskástur,“ segir Paddy Ashdown, breskur lávarður og annar tveggja höfunda nýrrar breskrar skýrslu um ástandið í Írak.

Í skýrslunni er dregin upp dökk mynd af ástandinu og Ashdown fullyrðir að engin leið sé fyrir Bretum að finna áhættulausa leið út úr vandanum. Hann segir einnig að brotthvarf breska hersins frá Írak eigi ekki að ráðast af því hvort ástandið þar leyfi það, heldur hvort Íraskir hermenn séu tilbúnir til að taka við af erlenda herliðinu.

„Brotthvarf okkar á ekki að fara eftir því hvernig öryggisástandið er, sem myndi gera víga-



BROWN Í BAGDAD Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, í hópi breskra hermanna í Írak.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sveitum og uppreisnarmönnum kleift að stjórna brotthvarfi okkar – heldur eftir því hve þjálf-

un Íraskra hersveita er komin langt,“ sagði Ashdown í viðtali við fréttastofu BBC í gær.

Skýrslan er afrakstur bresku Íraksnefndarinnar, sem fékk það verkefni að leggja línurnar fyrir framtíðarverkefni Breta í Írak, að fengnu álitum herforingja, embættismanna og hjálparstarfsfólks, og hefur nefndin að hluta starfað að fyrirmynd bandarísku Íraksnefndarinnar, sem skilaði skýrslu á síðasta ári.

Í skýrslunni kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að Bretar og bandamenn þeirra verði að breyta rækilega um stefnu í Írak. Mælt er með því að Írak verði áfram ein ríkisheild og gera þurfi efnahagsáætlun fyrir uppbyggingu landsins.

- gb

Óvenjulegt njósnamál í Íran: Írkornar grundaðir um njósnir

ÍRAN Lögreglumenn í Íran handsömuðu nýlega fjórtán írkorna sem grundaðir eru um njósnir. Nágðýrin fundust nærri landamærum Írans og herma frásagnir að þau hafi borið á sér hlerunarbúnað, segir í frétt Ananova-fréttastofunnar.

Samkvæmt íranskri fréttastofu er talið að erlend leyniþjónusta hafi útbúið flugmennina loðnu og sent þá yfir landamærin. Yfirmaður lögreglu í Íran sagðist ekki geta staðfest fréttirnar.

- bj

Bændur sjá fram á tjón:

Úrkoman aðeins sjö millimetrar

NÁTTÚRA Rigning frá miðjum júní og þar til nú nemur aðeins tæpum sjö millimetrum í Reykjavík.

„Aldrei hefur verið svo þurr á þessum tíma árs frá því mælingar hófust snemma á 20. öld,“ segir Haraldur Ólafsson veðurfræðingur.

Ómar Helgason, mjólkurframleiðandi í Lambhaga á Rangárvöllum er einn þeirra bænda sem sér fram á mikið tjón vegna langvarandi þurrka.

- kdk/sjá síðu 2

Sinubruni á Grundartanga:

Álver Norðurláls ekki í hættu

LÖGREGLUMÁL Vel gekk að ráða niðurlögum sinubruna sem kviknaði á Grundartanga skammt frá Álveri Norðurláls um klukkan 17 í gær. Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliði var eldurinn í um 100 metra fjarlægð frá álverinu, en það var ekki í hættu. Um einn ferkílómetri brann áður en tókst að ráða niðurlögum eldsins.

Slökkviliðið á Akranesi sendi þrjá slökkvibíla á staðinn og bændur á nálægum bæjum lögðu til fjórar haugsugur. Vakt var við svæðið fram eftir kvöldi í gær. Ekki er vitað um eldsuþtök.

- bj

SPURNING DAGSINS



Þorleifur, getur ekki verið að víkingar hafi stundað kvikmyndaleik?

„Víkings voru frægir fyrir að skrá sína sögu á myndrænan hátt, svo það er alveg í þeirra anda.“

Dr. Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfirða, var leiðangursstjóri fræðimanna í Geirþjófsfirði. Meðal þess sem þar fannst var kuml frá 1980 sem var hluti leikmynda í kvikmyndinni Útlaginn.

Mótmæli Saving Iceland:

Klögumálin ganga á víxl

LÖGREGLUMÁL Mótmælendur í samtökunum Saving Iceland saka lögregluna um harðræði og tilefnislausar handtökur. Fimm voru handteknir í mótmælum umhverfissinna í Reykjavík í fyrrakvöld.

Hinir handteknur voru leystir úr haldi í gær og segir lögregla að þeir megi búast við ákærum vegna brota á umferðarlögum, fyrir ofbeldi gegn lögreglu og fyrir að hindra lögreglumenn í starfi.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir að ekkert bendi til þess að lögreglan hafi farið út fyrir ramma laganna við störf sín gærkvöldi.



ÓÆTUR Heppilegasti tíminn til að tína skelfisk er á veturna og vorin.

Varð við neyslu skelfisks:

Eitraðir þörungar yfir mörkum

NÁTTÚRA Umhverfisstofnun varar við neyslu skelfisks úr Hvalfirði enda veruleg hættu á að kræklingur og annar skelfiskur sé óhæfur til neyslu, að því er fram kemur á vef stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun tekur vikulega sýni úr skelfiski í Hvalfirði, en þangað sækir fólk af höfuðborgarsvæðinu gjarnan til að tína krækling.

Um þessar mundir hefur magn eitraðra svifþörunga verið yfir viðmiðunarmörkum og skelfiskurinn því óætur.

Tófugreni fannst örskammt frá mannabyggð á Króksfjarðarnesi:

Tófur í verslun ekki til ama

DÝRAHALD „Það tekur ekki nema tvær mínútur að ganga að tófugreni hérna. Þetta eru svona 250 metrar frá versluninni í Króksfjarðarnesi í grenni,“ segir Bergsveinn Reynisson, bóndi á Gróustöðum á Króksfjarðarnesi. Íbúar á nesinu telja að ekki séu mörg önnur dæmi um að tófugreni finnist svo nálægt mannabyggð. „Það hefur verið mikið af tófu hérna. Við höfum ágætis skyttur sem hafa veitt helling. Alltaf þegar menn skutu tófu héldu þeir að það væri sú síðasta. Svo um síðustu helgi voru yrðlingar komnir niður á þjóðveginn. Þá fóru menn að kanna þetta betur og í ljós kom grennið. Þetta var býsna magn.“

Bergsveinn segir tófur ekki hafa verið til ama í versluninni en þær hafi spilt æðarvarpi á svæðinu. Það er hellingur af tófum á svæðinu og er alltaf að aukast. Það sem af er ári hafa tófuskjuttarnar náð um 70 tófum í syðri hluta Reykhólahrepps.



TÓFA Tófugrenið er í hlífðinni, um 250 metrum frá versluninni í Króksfjarðarnesi og mannabyggð.

Sonur bin Ladens:

Staðfestir sögur af hjónabandi

SÁDI-ARABÍA, AP Omar bin Laden, einn af átján sonum hryðjuverka-leiðtogans Osama bin Laden, hefur staðfest að hann hafi um daginn gengið að eiga Jane Felix-Browne, 51 árs gamla konu frá Englandi.

Hann segist þó vera „furðu lostinn og stórhneykslaður“ á því hve mikið hefur verið fjallað um hjónaband þeirra í fjölmiðlum.

Þau hittast þegar hún var á ferðalagi við píramídana í Egyptalandi og gengu í hjónaband að íslömskum sið. Fyrir á Omar, sem er 27 ára, aðra konu, sem er frá Sádi-Arabíu.

Mesti þurrkur frá því mælingar hófust

Haraldur Ólafsson veðurfræðingur segir tímabilið frá miðjum júní til miðs júlí aldrei hafa mælst jafn þurrt. Landgræðslustjóri segir mikið af gróðri hafa farið illa. Bóndi segist þegar farinn að kaupa hey og sér fram á mikið tjón.

NÁTTÚRA „Frá miðjum júní til jafnlengdar í júlí hafa aðeins fallið tæplega sjö millimetrar í Reykjavík. Aldrei hefur verið svo þurrt á þessum tíma árs frá því mælingar hófust snemma á 20. öld,“ segir Haraldur Ólafsson, veðurfræðingur Háskóla Íslands og Veðurstofu Íslands. Hann segir þó nokkra sambærilega og jafnvel meiri þurrkakafli hafa orðið á öðrum tíma árs.

„Ég man ekki eftir jafn langvarandi þurrkatímabili og nú stendur yfir. Þetta hefur afar slæm áhrif á gróður, sérstaklega í sendinni jörð,“ segir Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri. Sveinn segir nær alla sáningu sem fram fór í vor hafa skilað litlum árangri vegna þurrkanna.

Eldri sáning og gróður sé orðinn kyrkingslegur og tún hvítuð upp vegna þurrkanna.

Omar Helgason, mjólkurframleiðandi í Lambhaga á Rangárvöllum er einn þeirra bænda sem sér fram á mikið tjón. „Túnin eru að brenna undan þurrkinum. Ég er farinn að kaupa hey fyrir skepurnar og sé fram á algeran uppskerubrest, ef ekki fer að rigna.“ Hann segir að í fyrri slætti hafi hann fengið um fimm heyrúllur af hektara en í venjulegu ári gefi hektarinn af sér um fimmtán rúllur. Eins og staðan sé nú vanti hann um þúsund rúllur af góðu heyi, en ef hann þyrfti að kaupa þær myndi heildarverð vera um tvær og hálf milljón króna. Þá sé ótalið tjónið af áburði sem borið hafi verið á túnin án þess að það hafi skilað uppskeru.

„Ef rignir fljótlega gæti ég náð



PURRKATÍÐ Landgræðslustjóri segir gróður illa farinn og nær allar sáningu hafa skilað litlum árangri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

500 rúllum í seinni slætti, það er þó langt um minna en ég þarf en þá bjargast þetta kannski eitt-hvað,“ segir Omar. Hann segist þó óttast um það svæði sem þegar hefur verið slegið þar sem gróðurinn haldi áfram að sviðna og óttast hann að varanlegur skaði geti hafa orðið sums staðar á túninu.

„Þessi sérstaka tíð má segja að einkennist af lægðaskorti. Það er þó ekki þannig að lægðum hafi fækkað, þær eru bara ekki hér heldur yfir löndunum við Norðursjó og Eystrasalt,“ segir Haraldur og minnir á þær miklu rigningafréttir sem borist hafa frá Bretlandi og Hróarskeldu.

HEITT OG ÞURRT

Meðalhittin er með mesta móti sunnan- og vestanlands, um 13 gráður í Reykjavík það sem af er júlí, en það er um tveimur stigum yfir meðallagi. Haraldur segir það þó ekki einsdæmi. Fyrstu tvær vikurnar í júlí 1991 voru til dæmis heilli gráðu hlýrri í Reykjavík en nú. Það sumar var reyndar afar eftirminnilegt fyrir góðviðri.

Haraldur segir ekki óalgengt að loftstraumar og lægðabrautir sem fylgja háloftavindum festist í ákveðnu munstri dögum og jafnvel vikum saman eins og verið hefur í sumar. Slíka hegðun sé ekki auðvelt að skýra,

karen@frettabladid.is



SELD Gengið hefur verið frá sölu á verslun Sævars Karls.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

Sævar Karl selur verslun sína:

Óbreytt stefna nýrra eigenda

VERSLUN Hjónin Sævar Karl Ólason og Erla Þórarinsdóttir hafa selt fataverslunina Sævar Karl Bankastræti. Kaupendur ætla að halda sömu stefnu hvað varðar þjónustu, gæði og vöruúrval.

Fram kemur í tilkynningu frá Sævari Karli að hlutur hjónanna í Bankastræti 7 þar sem verslunin er til húsa fylgi með í kaupunum. Kaupverðið er trúnaðarmál.

Nýir eigendur verslunarinnar hafa þegar tekið við rekstrinum. Eigendurnir eru Vesturhöfn ehf., sem er í eigu Páls Kolbeinssonar og tengdra aðila, og Arev N1, sem er einkafjármagnssjóður sérhæfður í smásölu. Axel Gomes verður verslunarstjóri, en Erla og Sævar Karl munu starfa áfram hjá fyrirtækinu.

- bj

LÖGREGLUFRETTIR

Ölvun á sveitaballi

Kalla þurfti á lögreglu vegna drykkju-láta í íþróttahúsinu á Blönduósi þar sem hljómsveitin í svörtum fötum lék fyrir dansi. Ástandið var þó ekki mjög alvarlegt og engin slys urðu á fólki.

ALPINGI

Tekur sæti á Alþingi

Herdís Þórðardóttir mun taka sæti á Alþingi eftir andlát Einaris Odds Kristjánssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, sem varð bráðkvaddur á laugardag. Hún starfar í dag við eigið fiskverkunarfyrirtæki á Akranesi.

Stjórnvöld í Kongó biðjast afsökunar eftir hávær mótmæli mannréttindasamtaka:

Pygmear fengu inni í dýragarði

KONGÓ, AP Stjórnvöld í Afríkúríkinu Kongó báðust í gær afsökunar á því að hafa látið hóp pygmea sem tók þátt í tónlistarhátíð í Brazzaville, höfuðborg landsins, gista í dýragarði. Aðrir tónlistarmenn fengu inni í skólum og hótélum.

Talsmaður stjórnsvalda sagði að hugmyndin hafi verið að láta fólkið, tíu konur, níu karla og eitt barn, búa við kunnuglegar aðstæður í skóglendi í dýragarðinum þar sem heimkynni pygmea séu í frumskógum Kongó, og þeir hafi aldrei áður séð stórborg.

Mannréttindasamtök sögðu þessa ákvörðun hneykslanlega og sögðu stjórnvöld með þessu mismuna fólki eftir uppruna þess. Dagblöð í Kongó vöktu athygli á málinu, og bentu á að ferðamenn hefðu flykkst að tjaldbúðum pygmeanna í dýragarðinum, starað á þá og tekið af þeim myndir.

Ákveðið var að færa fólkið seint á föstudag, og fékk það að gista á heimavist í nærliggjandi menntaskóla þar sem aðrir tónlistarmenn frá Kongó höfðu þegar fengið inni. Erlendir tónlistarmenn fengu gistingu á hótélum.

Talið er að pygmear séu sá flokkur manna sem lengst hafi lifað í Mið-Afríku. Meira en 250 þúsund



TÓNLISTARMENN Tuttugu manna hópur pygmea sem kom til höfuðborgar Kongó til að taka þátt í tónlistarhátíð fékk gistingu í dýragarði.

NORDICPHOTOS/AFP

pygmear búa í Kongó, en þeir búa einnig í nágrenna-löndunum.

- bj

BÍLL DAGSINS

HYUNDAI TERRACON GLX

Nýskr. 03.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 7 þús. km.



Verð
3.580.000

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opíð: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

Meiri þögn



Ný Corolla er hjóðlátust í sínum flokki

Lágmarks veghljóð og loftmótstaða

Meira öryggi

Meira rými

Framúrskarandi aksturseiginleikar

Hátt endursöluverð

Enn meiri þægindi

Minni útblástur og eldsneytiseyðsla með MM skiptingu

Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og

reynsluekur nýrri Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Komdu og reynsluaktu nýrri Corolla
á sölustöðum Toyota um land allt.

Verð frá **1.899.000*** kr.

ÍSLENSKA SÍLUS TOY 36FTS 05/07



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

*Corolla SD Terra

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanese
Njarðarbraut 19
Reykjanesebær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070



GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	59,97	60,25
Sterlingspund	121,87	122,47
Evra	82,55	83,01
Dönsk króna	11,105	11,169
Norsk króna	10,419	10,481
Sænsk króna	9,021	9,073
Japanskt jen	0,4898	0,4926

SDR	91,73	92,27
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
111.7641		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Vestmannaeyingar minntust Tyrkjaránsins með því að halda þrælauppboð:

Þrælar seldir á 147 ríkisdali

VESTMANNAEYJAR Uppboð á þrælum fór fram í Vestmannaeyjum í gær og sá sýslumaðurinn, Karl Gauti, um að bjóða upp fjórtán þræla ættaða frá Norðurhöfum. Seldust þeir á 147 ríkisdali. Uppboðið var liður í dagskrá minningardaga sem Félag um Tyrkjaránssetur stendur fyrir en í dag eru 380 liðin frá þessum ógnarviðburði.

„Þarna sýndum við hvað hinir brottnumdu máttu upplifa á þessum tíma en uppboðið skipuðu áhuga-leikarar úr öllum stéttum bæjarfélagsins,“ segir Helga Hallbergsdóttir sem er einn forsvarsmanna félagsins. Sýslumaður Vestmannaeyja sá um að bjóða upp fjórtán þræla ættaða frá Norðurhöfum og seldust þeir á hundraðfjórutíuogsjö þúsund og hálfan ríkisdal. Dagskránni lýkur á miðvikudaginn með minningarathöfn við Skansinn sem endar á kerta-fleytingu til heiðurs þeim sem numdir voru brott. Frekari dagskrá má finna á www.eyjar.net.



UPPBOÐ Ungir sem aldneir voru boðnir upp og þótti sérlega vænlegt væru þeir ljóshærðir, með blá augu eða jafnvel með ný sólgleraugu. Einn þrællinn kom að austan og fór fyrir lítið.

Landsvirkjun í borgarráði: Skýri synjun til Fréttablaðsins

REYKJAVÍK Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar hafa lagt fram fyrirspurn til meirihlutans varðandi synjun borgaryfirvalda á að veita Fréttablaðinu aðgang að öllum gögnum um sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun.

„Beiðninni hefur verið hafnað af hálfu borgarstjóra og hefur úrskurðarnefnd um upplýsingamál nýverið staðfest að formlega sé borgarstjóra stætt á því. Því er óskað eftir svörum við því hvers vegna Fréttablaðið fái ekki aðgang að gögnum málsins sem hljóta að varða mikilsverða almannahagsmuni?“ segir í fyrirspurn Dags B. Eggertssonar.

Opna Kaupþingsmótið í skák: Hannes sigraði á mótinu

SKÁK Hannes Hlífar Stefánsson varð efstur á Opna Kaupþingsmótinu í skák, sem haldið var í



HANNES HLÍFAR STEFÁNSSON.

Lúxemborg, ásamt næststígahæstu skákkonu í heimi, hinni indversku Humpy Koneru. Héðinn Steingrímsson náði öðrum áfanga sínum að stórmeistaratitli

og vantar nú aðeins einn áfanga í viðbót til að verða stórmeistari.

Hannes Hlífar vann tékkneska stórmeistarann Petr Velicka í síðustu umferðinni og hlaut sjö vinninga á mótinu. Héðinn sigraði stígahæsta skákmann mótsins, stórmeistarann Vadim Malakhatko, á föstudag og lenti í þriðja sæti með sex og hálfan vinning. Róbert Harðarson og Snorri Bergsson fengu 4,5 vinning, Hjörvar Steinn Grétarsson 4 vinninga og Rúnar Berg 3,5 vinning.

Árekstur á Gjábakkavegi:

Kona slasaðist alvarlega

LÖGREGLUMÁL Erlend kona slasaðist alvarlega í bílslysi á Gjábakkavegi hjá Þingvöllum í gær. Konan var flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar á slysaðeild Landspítalans í Fossvogi. Óttast var að hún væri með innvortis blæðingar.

Slysið varð þannig að tveir bílar úr gagnstæðri átt skullu saman þegar þeir mættust í blindbeygju. Í öðrum bílnum voru fimm erlendir ferðamenn en íslensk kona ók hinum bílnum.

Tveir erlendu ferðamannana slösuðust einnig og bílstjórinn þurfti á áfallahjálpi að halda eftir slysið.

Vanir hundamenn í útköll

Alengt er að æstir hundar mæti lögreglumönnum þegar þeir hyggjast handsama eigendur þeirra. Lögreglan gerir ráðstafanir sé talið að hundur kunni að vera á staðnum. Fimm hundategundir eru bannaðar hér.

LÖGREGLUMÁL Samhliða því að hundahald hefur aukist mikið á Íslandi undanfarnin ár hefur þeim tilfellum einnig fjölgað þegar lögreglumenn við húsléit og í öðrum útköllum þurfa að glíma við hunda sem koma eigendum sínum til varnar. Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar, segir alengt að æstir hundar mæti lögreglumönnum á leið í húsléit, en það geti þó vart talist óeðlilegt.

Tvö mál af þessum toga hafa ratað í fjölmiðla upp á síðkastið. Um miðjan júní síguðu kannabis-ræktendur doberman-hundum á lögreglu í Þykkvabænum og var einn lögreglumáður bitinn í átökum við hundinn. Fyrir skömmu þurfti lögreglumáður svo að grípa til varnarúða þegar þýskur Schäferhundur réðst á hann á leið í húsléit.

Karl Steinar segir að í fæstum tilvikum sé hundunum beinlínis sigað á lögreglu. „Við komum oft inn í húsléit með hurðirnar á herðunum og það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að hundar bregðist illa við því.“ Hann segir að leiki grunur á að ætlaðir brotamenn haldi hund sem ástæða er til að varast sé reynt að gera videigandi ráðstafanir. „Þá sendum við með

mann sem er vanur því að eiga við hunda, til dæmis einhvern sem hefur annast fíkniefnahund, eða notum sérstakt hundafangarátæki sem auðveldar okkur að koma böndum á hundinn.“

Hann segir lögreglumenn ekki fá sérstaka þjálfun í að eiga við hunda eða önnur dýr. Þá segir hann að ekki sé sérstaklega haldið utan um fjölda tilvika þar sem lögregla þarf að kljást við hunda. „Við lítum nú ekki á þetta sem það stórt vandamál enn.“

Fyrir nokkrum árum kom upp umræða um hvort banna ætti ákveðnar hundategundir innan borgarmarkanna, nánar tiltekið doberman og rottweiler, eftir að hundar af þessum tegundum rifu í sameiningu í sig kött í Breiðholti. Af því varð ekki. Örn Sigurðsson, sviðsstjóri umhverfissviðs borgarinnar, segir borgina hafa sent erindi þess efnis til yfirdýralæknis að innflutningur þessara tegunda til landsins yrði bannaður. „Hann sagði að það væri tóm vitleysa. Þessir hundar væru ekkert hættulegri en aðrir.“

Við töldum þá illgerlegt að banna þá í Reykjavík ef það mætti áfram flytja þá inn. Þá væru þeir



HUNDUR Í FRAMSÆTINU Þessi hundur ógnaði lögreglunni ekki á neinn hátt heldur var honum bjargað af húspaki við Tjarnargötu í hittifyrri. Lögreglan þarf oft að kljást við hunda í starfi sínu.

bara hérna óskráðir. Af tvennu illu er betra að hafa þá skráða.

ins fimm tegundir svokallaðra víga-hunda. stigur@frettabladid.is

Nú er bannað að flytja til lands-

FIMM HUNDATEGUNDIR BANNAÐAR

Bannað er að flytja inn þessar tegundir til landsins:



PIT BULL TERRIER Alræmdur fyrir árásgirni, sterka kjálka og grimmd. Fylgismenn tegundarinnar segja það einungis slæmum uppeldisáferðum að kenna ef hundurinn bitur.



DOGO ARGENTINO Ræktaður til að fylgja veiðimönnum stóra spendýra. Þekktur fyrir barn-gæsku en er mikið notaður sem bardagahundur.



FILA BRASILEIRO Tryggur varð-hundur en gjarnan ræktaður sem bardagahundur.



STAFFORDSHIRE BULL TERRIER Upphaflega ræktaður til að berjast við naut og birni.



TOSA INU Kallaður súmó-hundurinn í Japan. Mikla leikni þarf til að ala hann vel upp.

Meginástæða þess að þessir tilteknu hundar eru bannaðir er að þeir þykja erfiðir í upplendi og eru taldir líklegir til að ala með sér áráshneigð. Þá eru allar tegundirnar fimm vinsælar í hundaat og þrjár síðastnefndu hundarnir hafa verið ræktaðir sérstaklega sem bardagahundur. Þessar sömu tegundir eru einnig bannaðar í mörgum nágrannalöndum Íslands.

Tilvalið í ferðalagið

Án viðbætts sykurs!

Án viðbætts salts!



Kjarngóð næring í þægilegum umbúðum


barnamatur.is



VEÐURSPÁ
um hádegi »
VINDUR Í LAG-MARKI
Ég setti engar vindörvar á kortið þennan daginn. Ástæðan er að vindur verður í algjöru lágmarki og áttin breytileg. Sunnan til verður skýjað framan af degi en síðdegis gæti rofað þar talsvert til. Vestan til verður hins vegar bjart með köflum fyrri partinn en skýjaðra síðdegis. Gangi spár eftir verður að líkindum bjart á Norðaustur- og Austurlandi og ágætlega hlýtt til landsins þar.
REYKJAVÍK Í DAG
Hæg norðvestlæg átt. Skýjað með köflum. Hiti 12-16 stíg.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	26°C hálfskýjað	London	17°C skúrir	Friedrichshafen	33°C léttskýjað
Billund	27°C hálfskýjað	Paris	27°C skúrir	Basel	34°C léttskýjað
Osló	25°C hálfskýjað	Eindhoven	28°C alskýjað	Alicante	30°C heiðskírt
Stokkhólmur	25°C hálfskýjað	Frankfurt	34°C hálfskýjað	Algarve	25°C hálfskýjað
Gautaborg	25°C hálfskýjað	Berlín	36°C hálfskýjað	Las Palmas	26°C hálfskýjað

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.



SPORTBÚÐIN



VEIÐIHORNID

Þrjár sérverslanir - ein netverslun

Alltaf meira úrval - Alltaf betra verð



Simms Freestone öndunarvöðlur og Simms Freestone skór. Einhverjar mest keyptu öndunarvöðlurnar á markaðnum.
Fullt verð 32.800. Pakkatilboð aðeins 27.880.



Simms L2 öndunarvöðlur og Simms L2 skór. Þú færð ekki Gore-tex vöðlur á betra verði. Vöðlur með styrkingu á álagsstöðum. Léttir og sterkir skór með filtsóla.
Fullt verð 44.800. Pakkatilboð aðeins 37.990.



Ron Thompson Aquasafe öndunarvöðlur og skór. Sterkar og góðar öndunarvöðlur. Lausar sandhlífar. Góðir vasar. Belti fylgir. Léttir og sterkir skór með filtsóla.
Fullt verð 28.990. Tilboð aðeins 19.990.



Ron Thompson neoprenvöðlur. 4mm þykkt efni. Styrkingar á hnjám. Góður brjóstvasi. Fóðruð stígvél með filtsóla.
Fullt verð 12.995. Nú á tilboði aðeins 8.995



Sierra Canyon veisijakki. Vandaður, vatnsheldur jakki með góðri útöndun. **Fullt verð 17.995. Nú á tilboði aðeins 14.495**



Ron Thompson vöðlutöskur. Nauðsynleg taska fyrir alla þá sem eiga vöðlur. Vatnsheldur botn, lok með loftun. Motta til að standa á.
Verð aðeins 3.995.



Okuma SLV fluguhjól. Létt "large arbour" hjól með góðri bremsu. Margar stærðir. Frábært verð.
Aðeins 8.995



Spinnhjól í ótrúlegu úrvali. Öll bestu hjólin á markaðnum frá DAM og Okuma.
Verð aðeins frá 1.995 með girmi



Sierra fluguveiðipakki. Sierra Avalanche einhenda ásamt Sierra fluguhjóli með góðri bremsu. Vönduð flotlína, undirlína, taumatengi og taumur. Gjöful veiðihúfa og kastkennsla á DVD fylgir.
Fullt verð 25.900. Pakkatilboð aðeins 19.900



Sierra tvíhendupakki. Sierra Avalanche tvíhenda í 4 hlutum. 12,6 eða 14 fet. Vandað Sierra fluguhjól úr áli. Sierra skotlína, undirlína og sökktaumur. Gjöful veiðihúfa og kastkennsla á DVD fylgir.
Fullt verð 44.900. Pakkatilboð aðeins 37.800.

Sage fluguveiðiset. Sage Fli einhenda ásamt Sage hjóli og RIO flugulínu. Lífstíðarábygð frá Sage. Hólkur fylgir. Sage – tvímælalaust toppurinn í flugustöngum.
Verð aðeins 39.900 fyrir allt þetta



Sierra hjólatöskur – Góðar hjólatöskur í 3 stærðum. Fara vel með öll hjólin þín. Einnig pláss fyrir sökkenda, tauma og fleira smálegt.
Verð aðeins frá 2.995



HMT skotlínurnar frá Sierra fyrir þá sem vilja ná lengra. Að margra mati besta flugulínan á markaðnum í dag.
Verð aðeins 5.995.-

Munið vinsælu gjafabréfin okkar



Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760



Krókháls 5 - Sími 517 8050



Síðumúli 8 - Sími 568 8410

Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is

KJÖRKASSINN



Stundar þú reglulega hreyfingu þér til heilsubóta?

Já	48,7%
Nei	51,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgist þú með fréttum af fræga fólkinu?

Segðu þína skoðun á visir.is



Utánríkisráðherra í vinnuheimsókn til Ísraels, Vesturbakkans og Jórdaníu:

Ræðir ástandið við ráðamenn

UTÁNRIKISMÁL Fimm daga vinnuheimsókn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utánríkisráðherra með fylgdarliði til Ísraels og sjálfstjórnarsvæða Palestínanna hefst í dag með kynnisferð að landamærum Ísraels og Líbanons og upp í Gólanhæðir á landamærunum að Sírylandi.

Á dagskrá eru fundir með ísrælskum og palestínskum ráðamönnum og með fulltrúum frjálsra félagsamtaka, heimsóknir í flóttamannabúðir og fleira.

Ingibjörg Sólrún kann að verða fyrsti erlendi ráðamaðurinn sem hittir Shimon Peres eftir að hann sver embættiseið sem nýr forseti



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR Kynnir sér ástandið við botn Miðjarðarhafs.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ísraels í vikunni. Á morgun hittir hún í Jerúsalem Tzipi Livni, utánríkisráðherra Ísraels, sem og aðstoðarvarnarmálaráðherrann og nokkra valinkunna þingmenn á

Ísraelsþingi, Knesset. Hún heimsækir einnig Helfararminningarsafnið Yad Vashem.

Á fimmtudag hittir hún Mahmoud Abbas, forseta Palestínanna, og Salam Fayyad, forsætisráðherra bráðabirgðastjórnar Palestínanna, í Ramallah á Vesturbakknum. Af öryggisástæðum er ekki farið til Gazasvæðisins.

Í beinu framhaldi af heimsókninni til Ísraels og sjálfstjórnarsvæðanna fer utánríkisráðherra til Jórdaníu, skoðar þar steinhofið Petru og ræðir við ráðamenn, ásamt því að heimsækja sjúkrahús sem annast hefur flóttamenn frá Írak.

Vatnið úr krananum best: Flöskuvatnið er óumhverfsvænt

NOREGUR Sá sem drekkur sóðavatn úr flösku notar 1500 sinni meiri orku og losar 80 sinnum meira af koltvísýringi út í andrúmsloftið en sá drekkur vatn úr krananum. Þetta eru niðurstöður norskrar rannsóknar sem greint var frá í Aftenposten um helgina.

Yfirvöld í New York hófu herferð í síðustu viku gegn ofdrykkju fólks á flöskuvatni. Ástæðan er sú að þrjár af hverjum fjórum flöskum enda í ruslatunnunum í stað endurvinnslugáma. Ráðamenn reyna nú að sannfæra borgarþáa um að vatnið í krananum sé hollara og þar að auki sé það frítt.

Peres orðinn forseti

Shimon Peres, sem hlaut á sínum tíma friðarverðlaun Nóbels, ætlar að nota næstu sjö ár til að beita sér fyrir friði. Hann verður 84 ára í næsta mánuði.

ÍSRAEL, AP Shimon Peres tók í gær við forsetaembætti í Ísrael og segist staðráðinn í að gera allt sem hann getur til þess að stilla til friðar í blóðugum deilum Ísraels og Palestínanna.

Embætti forsetans er að mestu leyti táknrænt, völdin liggja einkum hjá forsætisráðherra landsins, en Peres segist ætla að gera það sem hann getur, „hvetja“ ríkisstjórnina til að taka skref í friðarátt, gefa leiðtogum þjóðarinnar góð ráð og tala við almennig.

„Á opinberum vettvangi beitir maður ekki sverði. Maður beitir orðum. Maður talar við fólk,“ segir Peres. „Það ætla ég að gera. Ég hef ekkert vald annað en afl sannfæringar minnar.“

Margir Ísraelar hafa sakað Peres um að vera rómantískan draumóramann, ekki síst eftir að hann fór að tala um „hin nýju Mið-Austurlönd“ á þeim tíma þegar allt virtist stefna í að varanlegur friður myndi takast milli



SHIMON PERES Segist hafa verið gagnrýndur meira en nokkur annar ísraelskur stjórn-
málamaður á nærri sextíu ára ferli sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Á opinberum vettvangi beitir maður ekki sverði. Maður beitir orðum.“

SHIMON PERES

Ísraels og Palestínanna.

„Ég held að enginn hafi orðið fyrir jafn miklum árásum og gagnrýni á þessum síðustu sextíu árum eins og ég. En staðreyndin er sú, að eftir 60 ára gagnrýni og hræðileg ummæli, þá ákváðu þeir að kjósa mig til forseta,“ sagði Peres. „Ég átti ekki von á því.“

Peres verður 84 ára í næsta mánuði, þannig að hann verður orðinn nírræður þegar kjörtímabil hans rennur út að sjö árum liðnum. Hann segist hvorki ætla að

lata aldur sinn né táknræna stöðu embættisins hamla sér í starfi.

„Ef maður er heilbrigður og skýr í hugsun hvað er þá að? Ég er ekkert að flýta mér að deyjja,“ sagði Peres. „Og þangað til ætla ég ekki að sóa lífi mínu.“

Peres var á sínum tíma aðstoðarmaður Davids Ben Gurion, fyrsta forsætisráðherra Ísraels, og tók þátt í að byggja upp her landsins á sjötta áratugnum. Hann hefur á langri ævi gegnt nánast öllum helstu embættum í ísraelskum stjórnárum, þar á meðal verið forsætisráðherra þrisvar sinnum.

Þegar hann var utánríkisráð-

herra átti hann stóran þátt í tilurð fyrsta friðarsamnings Ísraels og Palestínanna, og fékk fyrir vikið friðarverðlaun Nóbels sem hann deildi með Jitsak Rabin, þáverandi forsætisráðherra, og Jasser Arafat, leiðtoga Palestínanna.

Peres hefur undanfarið verið aðstoðarforsætisráðherra í ríkisstjórn Ehuds Olmerts. Hann tekur við forsetaembættinu af Moshe Katzav, sem hrökklaðist úr embættinu fyrir hálfum mánuði eftir að fjórar konur höfðu sakað hann um alvarleg kynferðisbrot, þar á meðal nauðgun.

gudsteinn@frettabladid.is

Ganga um Hengilssvæðið

Þriðjudaginn 17. júlí verður

farin fræðslu- og gönguferð um Hengilssvæðið.

Hugað verður að orkunni og beislun hennar,

orku-jarðfræði, gróðri og sögu. Mæting við Hellisheiðarvirkjun við Kolviðarhól kl.19:30. Leiðsögumenn eru Einar Gunnlaugsson, jarðfræðingur, og Kristinn H. Þorsteinsson, garðyrkjufraeðingur.



Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

www.or.is

Umhverfissvottaðar hreinlætisvörur – fyrir sumarþústaðinn og veiðihúsið



Bjarni Ómar Ragnarsson
- verslunarstjóri hjá RV

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



25 Rekstrarvörur
ára 1982-2007

Geislavirka eiturefnið var sett í te Alexanders Litvinenkos á hóteli í London:

Barþjónninn lýsir atvikum

LONDON, AP Norberto Andrade, yfirbarþjónn á Millenium-hótelinu í London, segir að geislavirka eiturefninu pólon 210 hafi að öllum líkindum verið sett út í te Alexanders Litvinenkos, fyrrverandi KGB-njósnaara, þegar hann sat þar ásamt þremur öðrum Rússum 1. nóvember síðastliðinn.

„Þegar ég var að koma með gin og tónik á borðið var ég truflaður,“ segir Andrade í viðtali við breska dagblaðið Daily Telegraph í gær. „Ég gat ekki séð hvað var að gerast, en þetta virtist vera gert mjög meðvitað til þess að leiða athyglina að einhverju öðru. Ég átti erfitt með að setja drykkina niður.“

Andrade segist ekki hafa séð þegar eitrunin var laumað út í teið, en hann segist telja að það hafi gerst þegar hann var truflaður. Seinna sögðu lögreglumenn honum að geislavirka efnið hafi fundist út um allt borðið og á gólfinu og á mynd sem var á veggnum beint fyrir ofan Litvinenko.

„Þetta var í eina skiptið sem andrúmsloftið virtist fjandsamlegt og eitthvað var að gerast á þeim tímapunkti.“

Andrade segir að seinna, þegar hann var að taka af borðinu, hafi hann tekið eftir því að teið virtist vera



DMITRÍ KOVTUN OG ANDREI LUGOVOI Sátu báðir til borðs með Alexander Litvinenko á hóteli þar í London þegar honum var byrjað geislavirkt eitur út í te.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

gulara en venjulega og var orðið „þykkara – það virtist klístrað.“

Þetta er í fyrsta sinn sem lýsing sjónarvotts í málinu er gerð opinber.

Litvinenko lést af áhrifum eitursins 23. nóvember.

- gb



Sumartilboð



Nú er rétti tíminn fyrir nýtt rúm
Tempur heilsurúm, stillanleg rúm og heilsukoddar á sumartilboði



Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin“ sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



Yfir 30.000 læknar, sjúkrahjálparar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnnar og koddar koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktur á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskóla-sjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.



Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

VEISTU SVARID?



1. Hvað heitir frjálsspróttakonan sem lenti í 7. sæti í sjöþraut á HM unglinga?

2. Hver fer með hlutverk Elizú Doolittle í Pygmalion sem sett verður upp á Broadway?

3. Hvað heitir sjöunda og síðasta Harry Potter-bókin?

SVÖR Á Síðu 34

Yfirlögregluþjónn segir heimilislausa vera um fjórtíu til fimmtíu talsins:

Útigangsfólki hefur fjölgað

FÓLK „Stundum er eins og þurfi gæslu nánast allan daginn. Þetta eru veikir aðilar og erfitt að taka á þessu,“ segir Grétar Ingi Berndsen, eigandi Kaffi Parísar. Hann segir útigangsfólki hafa fjölgað í sumar miðað við í fyrra.

„Ástandið er mun verra í ár og meira af geðfötlugu fólki. Og sá hópur er í raun erfiðari viðfangs en venjulegir útigangsmenn.“

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir þetta vera sama fólkið ár eftir ár og ástandið á því sé ekki áberandi verra núna þó það lagist ekki á milli ára.

„Þegar sól hækkar á lofti og hlýnar í veðri verða útigangs-

menn meira áberandi. Við fundum fyrir aukningu eftir að Byrginu var lokað en það hefur jafnað sig. Unga fólkið sem var í Byrginu kemur heldur ekki mikið til okkar vegna heimilisleysis.“

Geir Jón segir það auðséð að nokkuð margir eigi ekki í nein hús að venda og búi á götunni.

„Við erum að giska á kannski fjórtíu til fimmtíu manns en gistiskýlið tekur stóran hluta af þessu fólki og því kemur það ekki í stórum hópum til okkar í gistingu eins og hérna áður fyrr.“

- lbb



ÚTIGANGSFÓLK Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir útigangsfólki ekki hafa fjölgað í ár.

Portúgölsk stúlkubörn:

Selja nekt sína fyrir inneign

PORTÚGAL Barnungar portúgalskar stúlkur selja nektarmyndir af sér á spjallsíðum á netinu í staðinn fyrir símainneign. Þetta kemur fram í rannsókn portúgalska blaðsins Diario de Noticias.

„Fjórtán ára gamlar stelpur fækka fötum og hafa kynferðislega tilbúð frammi fyrir vefmyndavélum í staðinn fyrir símainneign upp á tíu evrur,“ segir Renatao Montalvo, einn rannsakendanna.

Stúlkurnar auglýsa þjónustuna á spjallsíðunum og veita hana eftir að hafa fengið staðfestingu á að keypt hafi verið fyrir þær símainneign fyrir umsamda upphæð í gegnum netið.

- ifv

CANDEREL®



Lifðu lífinu létt með Canderel

kíktu á léttar uppskriftir á www.canderel.is



RANNSÓKN Í SURTSEY Borgþór Magnússon leiðangursstjóri segir líklegt að tegundum eigi eftir að fjölga í eyrni næstu áratuginna.

MYND/ERLING ÓLAFSSON

Fjölgun tegunda í Surtsey aldrei meiri en undanfarið:

Mávavarpi þakkað

NÁTTÚRA Óvenjumargar tegundir háplantna fundust í árlegum leiðangri Náttúrufræðistofnunar Íslands í Surtsey, annað árið í röð. „Það hefur aldrei fjölgað jafn hratt í eyrni og síðustu tvö ár. Við fundum fimm nýjar tegundir núna, eins og í fyrra. Jafnframt fundum við aftur tegundir sem hafa skotið upp kollinum en horfið aftur,“ sagði Borgþór Magnússon leiðangursstjóri, en nú er um 65 tegundir að finna í eyjunni.

Svipuð fjölgun varð árið 1985, þegar þétt mávavarpi tók að myndast í Surtsey. Borgþór þakkar mávinnunum, og langtímaáhrifum varpsins, uppgræðslu eyjarinnar að miklu leyti. „Það koma fræ og nýjar tegundir með fuglunum, og þeir hafa verið mjög mikilvægir í að bera á eyrna,“ sagði Borgþór.

Hann gerir ráð fyrir því að tegundum fjölgi áfram næstu áratugi en síðan muni þeim fækka



ÞRÍBLÖÐUNGUR Er meðal nýrra plöntu-tegunda í Surtsey.

MYND/ERLING ÓLAFSSON

á ný sökum rofs Surtseyjar.

Leiðangursmenn tóku einnig eftir óvenju dauflegu fuglavarpi í ár, sem Borgþór segir vera svipað og annars staðar á landinu. „Það virðist skorta æti í sjónum svo það gengur illa hjá sjófuglunum að koma upp ungun,“ sagði hann. Þá virðist lundir hafa tekið sér ból-festu í Surtsey, og fyrsta álkan sást á sundi við eyrna.

- sun

51250 50

Auglýsingasími

Mest lesið

IMPREZA
SUBARU

150.000,- SUMARTILBOÐ

SYMMETRICAL AWD

SUMARTILBOÐ: Bakkvörn, heilsársdekk og litadur filmur í rúður fylgja með öllum Subaru Impreza í sumar.

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri. - fös. 09:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00.
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464 - 7940	Njarðvík 421 - 8808

Subaru Impreza á góðu verði í sumar

Beinskiptur Subaru Impreza Wagon	2.110.000,-
Sjálfskiptur Subaru Impreza Wagon	2.240.000,-


Bylting í amerískum heilsudýnum

Nýjar *Chiropractic* 2007 heilsudýnur

Sú besta
samkvæmt stærstu samtökum
Kírópraktora í heimi



Mikið úrval af hágæða
sængurverasettum í gjafaöskjum



Frí þrýstijöfnunarmæling
sem greinir hvaða dýna
hentar þér best



Veldu þinn stíl,
hannaðu þitt eigið útlit!



Hágæða sængur frá Betty



Fallegir svefnsófar
með góðum dýnum

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI



Svefn & heilsa
★★★★★

AKUREYRI



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR



Svefn & heilsa
★★★★★

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Ópið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 15:00

www.svefn.is



SKREYTTUR FÍLSRANI Listamenn skreyttu fagurlega rana þessa fíls sem notaður verður í hátíðahöldum hindúa í Ahmadabad á Indlandi í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



KARZAI, Í MIDJID, Á BÆN ÁSAMT RAFIQUILLAH OG FÖÐUR HANS Karzai sagði það „skelfilegan og ógnvekjandi sannleika“ að múslimabörn skyldu send til að fremja sjálfsvígisárásir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landmælingar og Landsbjörg: Samningur um kortanotkun

SAMGÖNGUMÁL Landmælingar Íslands og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafa undirritað samning þess efnis að efla samstarf sín á milli. Er það gert til að auka notkun korta og annarra landupplýsinga í starfsemi björgunarsveita á Íslandi.

Samstarfið er þróunarverkefni í þágu almannaöryggis og er meginmarkmiðið að auka og bæta upplýsingastreymi til björgunaraðila.

-peb

Hamid Karzai fyrirgefur fjórtán ára dreng frá Pakistan og gefur honum frelsi:

Átti að gera sjálfsvígisárás

AFGANISTAN, AP Hamid Karzai, forseti Afganistans, lét í gær lausan úr fangelsi fjórtán ára dreng frá Pakistan, sem hafði ætlað að fremja sjálfsvígisárás. Pilturinn, sem heitir Rafiqullah, var handtekinn í austurhluta Afganistans þar sem hann hugðist gera árás á héraðsstjórnann í Khost-héraði.

Rafiqullah segir að hann hafi verið sendur á kóranskóla í Pakistan. Þar hafi hann og tveir aðrir piltar verið teknir afsíðis og þjálfaðir til að fremja sjálfsvígisárásir. Þeim hafi verið kennt að aka bifreið og látnir horfa á

myndbönd þar sem sjálfsvígisárásarmenn sjást fremja árásir sínar.

„Hann er ekki sekur,“ sagði Karzai forseti og skellti sökinni alfarið á kennara piltins í trúarskólanum. „Ég fyrirgef honum og óska honum alls hins besta.“

Rafiqullah segist hafa farið gangandi yfir landamærin til Afganistans, þar sem maður að nafni Abdul Aziz lét hann fá sprengjuvesti. Rafiqullah sagðist hafa sagt Aziz að hann þyrði ekki að gera slíka árás, en þá hafi honum verið hóttað með byssu.

Foreldrar piltins „sendu hann til náms í kóranskóla,“ sagði Karzai. „Óvinir íslamstrúar blekktu hann og bjuggu hann undir að fremja sjálfsvígisárás til að drepa sjálfan sig og fleira fólk.“

Í síðustu viku sagðist faðir piltins hafa spurt kennara hans í trúarskólanum hvar strákurinn væri, en ekki fengið nein skýr svör.

„Ég vissi ekki að sonur minn ætlaði að fremja sjálfsvígisárás í Afganistan,“ sagði faðirinn Matiullah.

-gb

Orðrómur vekur ótta:

Risagreifingjar skelfa Íraka

ÍRAK Ógnvænlegur orðrómur hefur vakið ótta íbúa stríðshrjáðu borgarinnar Basra í Írak – að breski herinn hafi sleppt tröllvöxnum greifingjum sem gangi um götur að nóttu til og sporðrenni mannfólki.

Bændur á svæðinu hafa drepit nokkra af greifingjunum, en íbúar telja óværuna vera hryðjuverk af hálfu Breta.

„Hún át meira að segja kú, reif hana í sundur. Ég reyndi að skjóta hana en hún flúði,“ segir bóndi.

Greifingjarnir eru algengir í Mið-Austurlöndum, en sjaldséðir í Írak. Þeir eru ekki hættulegir mönnum, nema þeim sé ógnað, að sögn Daily Telegraph.

-sgj

MENNTAMÁL

Sölvi hættur í Verzló

Sölvi Sveinsson, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, hefur látið af störfum. Við starfi Sölva tekur Ingi Ólafsson sem gegnt hefur stöðu aðstoðarskólustjóra við skólann.

LÖGREGLUFRETTIR

Dóni á ferð

Karlmaður var handtekinn í Viðidal í fyrirkvöld. Maðurinn er talinn hafa sært blygðunarsemi konu þegar hann beraði kynfæri sín þegar þau mættust á gangstíg í dalnum.

Skoðanakönnun umhverfissvið Reykjavíkur:

Elliðaárdalurinn vinsælasta útivistarsvæðið

Umhverfissvið Reykjavíkur hefur nýlega kanna þetta svið. Elliðaárdalurinn er vinsælasta útivistarsvæðið í borginni. Þetta er einn af fjórum svæðum sem eru vinsælasta í borginni. Þetta er einn af fjórum svæðum sem eru vinsælasta í borginni.

Einnig kom fram að 33% borgarbúa koma aldrei í Elliðaárdalinn, 33% aldrei í Heiðmörk og 72% aldrei að Rauðavatni. Auk þess kom í ljós að íbúar í Árbæ og Grafarholti sækja þessi útivistarsvæði meira en íbúar í öðrum hverfum.

Ætla má að þetta fari mánaðlega af Stór-Reykjavík. Hún er gríðaliga útivistarsvæði sem sækja óháð búandi aldrei. Íbúar í Grafarholti og Árbæ nota hins svæðið við Rauðavatni miðborginni, Hlíð og Háaleiti minnst.

Einnig kom fram að 33% borgarbúa koma aldrei í Elliðaárdalinn, 33% aldrei í Heiðmörk og 72% aldrei að Rauðavatni. Auk þess kom í ljós að íbúar í Árbæ og Grafarholti sækja þessi útivistarsvæði meira en íbúar í öðrum hverfum.

Viðskiptavinir Glitnis

ALLIR SIGRA 18. ÁGÚST!

Nú getur þú hlaupið fyrir gott málefni að eigin vali í Reykjavíkumaraþoni Glitnis. Glitnir greiðir 500 kr. til góðgerðarmála á hvern kílómetra sem viðskiptavinir bankans hlaupa og 3.000 kr. fyrir starfsmenn.

Skráðu þig á www.glitnir.is og hlauptu til góðs.

Allir sigra 18. ágúst!

*Viðskiptavinir í Vild, Námsvild, Gullvild og Platinum.

REYKJAVÍKUR
MARARÞONI
GLITNIS
18. ÁGÚST 2007



Þetta er einn af fjórum svæðum sem eru vinsælasta í borginni. Þetta er einn af fjórum svæðum sem eru vinsælasta í borginni.

Skráning í hlaupið fer fram á www.glitnir.is/marathon en þar er einnig hægt að skrá sig í hlaupahóp, fá leiðsögn þjálfara

timi til að byrja að æfa. Reykjavíkumaraþonið kiptist í fimm mislög hlaup sem henta mismunandi hópum; ölskyldum, trimmurum og keppnisfólki. Latabæjarmaraþon vakti gríðarleg lukku á síðasta ári og verður endurtekið í ár. Latabæjarmaraþonið er 1,5 km á lengd og ætlað börnum yngri en 11 ára. Allir þátttakendur í Latabæjarmaraþoninu fá sérstaka boli og viðurkenningu að loknu hlaupi. Foreldrar sem fylgja börnum í hlaupinu þurfa ekki að skrá sig sjálfir. Þú getur skráð þig í Latabæjarmaraþonið og Frikirkjumaraþonið á www.glitnir.is. Þú getur skráð þig í Latabæjarmaraþonið og Frikirkjumaraþonið á www.glitnir.is. Þú getur skráð þig í Latabæjarmaraþonið og Frikirkjumaraþonið á www.glitnir.is.



TÖLVULEIKUR Ungt par tapaði sér í tölvuleiknum Dungeons & Dragons.

Handtekin vegna leikjafíknar:

Ungt par vanrækti börn sín

BANDARÍKIN Ungt par hefur verið handtekið fyrir að vanrækja börnin sín en parið kvað tölvuleiki og internetið vera ástæðurnar fyrir vanrækslunni. Saksóknari sagði folkið, Michael og Iana Straw, hafa tapað sér í netútgáfu tölvuleiksins Dungeons & Dragons.

Starfsfólk sjúkrahúss í Reno í Nevada-ríki neyddist til að klippa hárið af ellefu mánaða stúlkunni en það var útatað í kattarhlandi. Börnin þjáðust bæði af alvarlegum næringarskortum og drengurinn, 22 mánaða, þjáðist af þvagfærasýkingu og átti erfitt um gang. Foreldrarnir eiga yfir höfði sér allt að tólf ára fangelsisdóm en börnin dafna nú vel hjá fósturfóldrum.

- bor

Fasteignamatið hunsar ráðleggingar Persónuverndar

Fasteignamat ríkisins selur upplýsingar úr fasteignaskrá til notkunar í beinni markaðssetningu. Persónuvernd hafði ráðlagt að fasteignaeigendur yrðu látnir vita með hæfilegum fyrirvara og þeim gefinn kostur á að hafna þátttöku í beinni markaðssetningu. Ásókn í upplýsingar um fasteignaeigendur hefur aukist.

PERSÓNUVERND Fasteignamat ríkisins selur upplýsingar úr Landskrá fasteigna til fyrirtækja til notkunar í beinni markaðssetningu. Byko og Húsasmiðjan hafa keypt upplýsingar og notað þær til að senda markpóst til nýrra fasteignaeigenda með auglýsingum um byggingavörur og hamingjuóskum með fasteignakaupin.

Persónuvernd barst ábending frá móttakanda markpósts, en áður hafði stofnunin veitt Fasteignamati ráðleggingar um hvernig standa bæri að slíkri sölu.

Sagði Persónuvernd að láta þyrfti fasteignaeigendur vita með hæfilegum fyrirvara og gefa þeim kost á að hafna þátttöku í beinni markaðssetningu.

„Það eru ýmsar aðrar upplýsingar, til dæmis um eigendur sumarhúsa, það er vinsælt hjá þeim sem eru í byggingariðnaði,“ segir Steinnar Höskuldsson, skrifstofustjóri Fasteignamats ríkisins.

Ekki voru afhent gögn um þá sem skráð sig hafa á bannskrá Þjóðskrár og þar með andmælt beinni markaðssetningu.

Steinnar segir stofnunina hafa leitað álits Persónuverndar þegar sala á upplýsingum hófst fyrir nokkrum árum. Stofnunin sendi Persónuvernd hins vegar bréf 9. janúar síðastliðinn með sömu fyrirspurn.

Í bréfinu er spurt hvort Fasteignamati sé heimilt að afhenda upplýsingar um „ákveðna hópa fasteignaeigenda“, til að mynda sumarhúsa eigendur, eigendur fasteigna á ákveðnum landsvæðum, til dæmis hverfum í þéttbýli.

Einnig segir að beiðni hafi borist frá banka sem óski eftir upplýsingum um hvort ákveðin viðskiptavinir eigi fasteign. Myndi þá bankinn bjóða þeim viðskiptavinum betri kjör, að því gefnu að þeir væru með almenna þjónustu hjá bankanum og með lífeyrissamning við bankann.

„Nú í seinni tíð hefur ásókn í upplýsingar um fasteignaeigendur aukist til muna. Sérstaklega í því skyni að ná til ákveðinna markhópa fyrir kynningar í markaðskyni og þess háttar,“ segir í bréfinu.

steindor@frettabladid.is



TILLÖGUR PERSÓNUVERNDAR

■ Að embætti sýslumanns fræði kaupendur fasteigna um að nöfn þeirra gætu verið notuð við markaðssetningu. Þetta má gera með pósti, tilkynningarseðlum eða þegar kaupandi kemur til sýslumanns vegna þinglýsingar. Tilkynna þarf með nægum fyrirvara, svo hægt sé að afskrá sig.

■ Að kaupendum fasteigna verði gert kleift að haka við reit hjá sýslumanni þar sem því er andmælt að gögn um þá verði notuð í beina markaðssetningu.

■ Persónuvernd tekur jafnframt fram að ekki sé nóg að birta á heimasíðu Fasteignamats ríkisins að unnið sé með persónuupplýsingar.

Aukið að hlaupa í hóp

Glitnir greiðir hópnum færðu 11 ára. Allir þátttakaendur hléu á gólfliði styttest um um tíu mínútur á tíu mínútu stóð

Glitnir greiðir hópnum færðu 11 ára. Allir þátttakaendur hléu á gólfliði styttest um um tíu mínútur á tíu mínútu stóð. Nýlega hefur Glitnir hafið að bjóða upp á hóp og hlaup í hópnum. Þetta er fyrsta hlaupin sem hafa verið haldin í hópnum. Hlaupin eru haldin í hópnum og hlaupin eru haldin í hópnum.

Glitnir greiðir hópnum færðu 11 ára. Allir þátttakaendur hléu á gólfliði styttest um um tíu mínútur á tíu mínútu stóð. Nýlega hefur Glitnir hafið að bjóða upp á hóp og hlaup í hópnum. Þetta er fyrsta hlaupin sem hafa verið haldin í hópnum. Hlaupin eru haldin í hópnum og hlaupin eru haldin í hópnum.

Glitnir greiðir hópnum færðu 11 ára. Allir þátttakaendur hléu á gólfliði styttest um um tíu mínútur á tíu mínútu stóð. Nýlega hefur Glitnir hafið að bjóða upp á hóp og hlaup í hópnum. Þetta er fyrsta hlaupin sem hafa verið haldin í hópnum. Hlaupin eru haldin í hópnum og hlaupin eru haldin í hópnum.

Vísindameiðunir sýna að hlaupandi hafa um eitt hvað

Hreyfing bætir h

Nýlega hefur Glitnir hafið að bjóða upp á hóp og hlaup í hópnum. Þetta er fyrsta hlaupin sem hafa verið haldin í hópnum. Hlaupin eru haldin í hópnum og hlaupin eru haldin í hópnum.

Nýlega hefur Glitnir hafið að bjóða upp á hóp og hlaup í hópnum. Þetta er fyrsta hlaupin sem hafa verið haldin í hópnum. Hlaupin eru haldin í hópnum og hlaupin eru haldin í hópnum.





DANSANDI GOSBRUNNAR Á laugardagskvöldið mátti sjá þessa upplýstu gosbrunna í Moskvuborg dansa af mikilli lipurð í takt við áhrifamikla tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Al-Kaída samtökin hafa aldrei verið sterkari segja yfirvöld í Bandaríkjunum:

Árás gæti verið yfirvofandi

MADRÍÐ, AP Ayman al-Zawahri, næstráðandi í al-Kaída samtökunum á eftir Osama Bin Laden, var aðeins átta daga að koma skilaboðum um umsátrið við Rauðu moskuna í Íslamabad, sem hófst í síðustu viku, á internetið. Þegar fjórir hryðjuverkamenn sprengdu sjálfa sig í loft upp og drápu tugi manna í London í júlí árið 2005 tók það al-Zawahri hins vegar tæpan mánuð að koma skilaboðum sínum um hryðjuverkin í fjölmiðla.

Starfsmenn leyniþjónusta í hinum vestræna heimi telja að þetta bendi til þess að al-Kaída samtökin hafi betri aðgang að fjölmiðlum nú en áður. Ben Venzke, hjá bandaríska



AYMAN AL-ZAWAHIRI Var átta daga að koma skilaboðum um umsátrið í Íslamabad á netið.

leyniþjónustufyrirtækinu Intel-Center sem fylgist með og greinir skilaboð frá hryðjuverkasamtökum, segir að skilaboð sem al-Kaída

hefur komið í fjölmiðla í ár séu tvöfalt fleiri en í fyrra. Hann segir að al-Kaída hafi komið 58 hljóð- og myndskilaboðum í fjölmiðla árið 2006 en á fyrstu sex mánuðum þessa árs hafi samtökin birt 62.

Orð Venzkes koma heim og saman við nýlega skýrslu sem yfirvöld í Bandaríkjunum létu vinna þar sem kemur fram að al-Kaída hefur aldrei verið sterkari en nú. Og þrátt fyrir að enginn grunur leiki á að al-Kaída muni gera hryðjuverkaárás á Bandaríkin þá hefur ráðherra öryggismála í Bandaríkjunum, Michael Chertoff, sagt að hann „hafi það á tilfinningunni“ að ráðist verði á Bandaríkin í sumar. - ifv

Embætti hjá Jafnréttisstofu:
Níu konur sóttu um starfið

FÉLAGSMÁL Níu konur sóttu um embætti framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu, en umsóknarfrestur rann út fyrir sléttri viku.

Umsækjendur voru Helena Þuríður Karlsdóttir forstöðumaður, Herdís Á. Sæmundardóttir varaþingmaður, Hjördís Ýrr Skúladóttir skipulagsstjóri, Jóna Lovísa Jónsdóttir framkvæmdastjóri, Katrín Oddsdóttir meistaraþrófnemi, Kristín Ástgeirsdóttir forstöðumaður, Martha Lilja Marthensdóttir Olsen, þjónustu- og kennslustjóri, Sigríður Margrét Sigurðardóttir skólustjóri og Þuríður Helga Þorsteinsdóttir kennari. - þeb

Gasvinnsla í Barentshafi:

Samstarf við Total boðar stefnubreytingu

RÚSSLAND, AP Rússneska gasvinnslu-einokunarfyrirtækið Gazprom tilkynnti á föstudag að það hefði valið franska fyrirtækið Total SA til samstarfs um að þróa gasvinnslu á Shtokman-svæðinu svonefnda í Barentshafi.

Gaslindirnar á Shtokman-svæðinu eru með þeim stærstu í heiminum, en vandamt er að ná gasinu upp þar sem lindirnar liggja langt undir hafsbotni í yfir 550 km fjarlægð frá landi.

Ákvörðunin um að bjóða Total til samstarfs markar stefnubreytingu af hálfu Rússa, sem tilkynntu í fyrra að erlend fyrirtæki fengju ekki að koma að Shtokman-verkefninu nema sem verktakar. - aa

Vísindamenn biðja almenning um hjálp við gagnaöflun í geimnum:

Fólk beðið um að flokka stjörnuþokur

VÍSINDI Vísindamenn leita nú til almennings um hjálp við að flokka milljón stjörnuþokur, að því er fram kemur á fréttavef BBC. Vonast er til að um 300.000 manns taki þátt í verkefninu, sem heitir Galaxy Zoo, og getur hjálpað við að leiða í ljós hvort sú mynd sem við höfum af heiminum í dag sé rétt.

Fólk er beðið um að skrá sig inn á vefsíðu þar sem það fær þriggja mínútna kennslu. Síðan er því úthlutað nokkrum myndum og beðið um að greina á milli hvort myndin sýni þyrilþoku eða sporvölþoku. Ef myndin sýnir þyrilþoku á að greina í hvora átt hún snýst.

Kevin Schawinski stjarnedlisfræðingur er einn þeirra sem stýra verkefninu. Sjálfur flokkaði hann um 50.000 stjörnuþokur á einni viku, sem hann segir hafa verið ansi þrúgandi. Vonast hann til að með hjálp almennings gangi þessi vinna hraðar fyrir sig. „Hvort sem þú verður fimm mínútur, korter eða fimm klukkustundir á vefsíðunni er framlag þitt ómetanlegt,“ segir Schawinski. Slóðin á er www.galaxyzoo.org. - sdg



ÞRÍJAR TEGUNDIR STJÖRNUÞOKA

Þyrilþokur: Nafnið er dregið af lögun þyrilþokanna þar sem efnið þyrilast hratt um miðju þeirra og myndar eins konar spiral eða gorm. Vetrarbrautin okkar og Andrómeda, næsta stjörnuþoka við okkar, eru báðar þyrilþokur.

Sporvölþokur: Snúast hægar en þyrilþokur og eru egg- eða kúlulaga.

Aðrar stjörnuþokur eru óreglulegar þokur. Heimild: Vísindavefur HÍ



Handtekinn með hamstra í rjóðri í Breiðholti:

Sleppt og málið talið á misskilningi byggt

LÖGREGLUMÁL Manninum sem var grunaður um að hafa áreitt að minnsta kosti fjögur stúlkubörn kynferðislega að kvöldi 4. júlí hefur verið sleppt úr varðhaldi. Að sögn Björgvins Björgvinssonar aðstoðar-yfirlögregluþjóns leiddi rannsókn ekkert saknæmt í ljós.

Í ljós kom að maðurinn er andlega vanheill en hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald 6. júlí. Á þeim tíma þótti ekki ráðlagt að flytja hann á geðdeild vegna rannsóknarhagsmuna.

„Við yfirheyrslur á stúlkunum fjórum, sem hann var grunaður um að hafa áreitt kynferðislega, kom í ljós að málið var á misskilningi byggt og þá var manningum sleppt um leið. Hann féllst á að fara á geðdeild og var fluttur þangað sama dag og hann var leystur úr haldi og dvelur þar enn,“ segir Björgvin og bætir við að það sé tilfinning lögreglunnar að þetta hafi verið misskilningur, maðurinn gangi ekki heill til skógar og hafi bara verið að leita sér að leikfélaga.

- ibb

Eigendur sjávarjarða kvarta við alþingismenn:

Segjast afskiptir á sjávarjörðum

STJÓRNMÁL „Það er óásættanlegt hvernig Alþingi sniðgengur löglega eigendur að sjávarauðlindinni,“ segir í bréfi Samtaka eigenda sjávarjarða til alþingismanna. Vísað er til þess að sjávarútvegsnefnd hafi átt fund með hagsmunaaðilum í sjávarútvegi og rætt þar stjórn fiskveiða án þess að boða fulltrúa samtakanna á fundinn. „Alþingi Íslendinga, sjávarútvegsnefnd, hefur ekkert samráð haft við samtökin og gerði enga tilraun til að heyrja sjónarmið þeirra, hvað viðvíkur nýtingu auðlindarinnar,“ segja eigendur sjávarjarða, sem krefjast „að Alþingi fari að lögum, hafi samráð og afli sér löglegra umboða og heimilda allra hlutað-



í VÍKURFJÖRU Eigendur sjávarjarða vilja að Alþingi fari að lögum.

MYND/SIGURÐUR K. HIÁLMARSSON

eigenda til ráðstöfunar á sjávarauðlindinni.“

- gar



Verð frá 2.290.000 kr.

A-Class - Ánægjunnar vegna

Nýr A-Class sameinar skynsemi og þægindi með fullkomnum hætti. Hann er nettur en einnig ótrúlega rúmgóður og glæsileikinn helst í hendur við stórkostleg þægindin. A-Class er bíll sem þú velur ánægjunnar vegna – af því að það er skynsamlegt.



Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is · ASKJA er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi.

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

Breytum útblæstrinum í GÓÐA gróðurhúsalofttegund!

Tökum þátt í átaki Kolviðar og bindum útblásturinn í grænum skógi.

Við erum bakhjarlar Kolviðar og byrjum auðvitað á okkur sjálfum. Fyrst íslenskra fyrirtækja kolefnisjöfnum við flugferðir vegna starfsemi okkar og einkabíla starfsfólks. Með því vonumst við líka til að veita öðrum innblástur og hvetjum landsmenn til að kvitta fyrir sitt kolefni. Þannig græðum við öll!

Taktu þátt í átaki Kolviðar og kolefnisjafnaðu bílinn þinn, www.kaupthing.is

KAUPPING

Hugsum lengra

„ORÐRÉTT“

Fjörutíu stunda jakki

„Jakkinn þótti ekki flottur nema það færu að minnsta kosti 40 tímar í að vinna hann og það var því list að eiga fyrir salti í grautinn þegar eyða þurfti svo miklum tíma í hverja flík.“

SÆVAR KARL ÓLÁSON, KLÆDSKERI OG FATAKAUPMAÐUR.

Fréttablaðið 15. júlí.

Í heimsklassa

„Þetta er í fyrsta sinn sem við eignumst stelpu sem litur út fyrir að komast í heimsklassa. Hún er búin að sanna sig sem ein af efnilegustu sjöþrautarstelpum heims.“

ÞRÁINN HAFSTEINSSON, ÞJÁLFARI HELGU MARGRÉTAR ÞORSTEINSDÓTTUR FRJÁLSÍPÓTTAKONU.

tilveran

nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ELVA DÖGG MELSTED FRAMKVÆMDASTJÓRI

Sumarbústaðurinn hápunktur sumarsins

Elva Dögg Melsted valdi rétta sumarið til að taka sér langt sumarfrí. „Af mér er allt fínt að frétta. Við fjölskyldan erum uppi í sumarþústað á Þingvöllum og það er sól á hverjum degi. Við verðum hér á meðan veður er gott og allir eru hressir. Maggi keyrir bara í bæinn á hverjum morgni og fer í vinnuna héðan af Þingvöllum.“

Elva Dögg og Magnús Þór Gylfason eiginmaður hennar fóru með börnin sín tvö, Matthildi Maríu og Gylfa Þór, til Boston fyrir í sumar. „Við skoðuðum borgina, menningarlífið, dýragarðinn, ströndina og sædýrasafnið. Krakkarnir voru hörkuduglegir en það var mjög heitt í Boston, reyndar eins og héma heima á Íslandi en hitastigið hér er kannski aðeins þægilegra.“

Elva segist ekki hafa verið í jafn löngu

frí síðan hún var í fæðingarorlofi fyrir þremur árum síðan. Í sumar ætla fjölskyldan að ferðast meira innanlands. „Við ætlum að fara á Stykkishólm og í tjaldútilegu og heimsækja Vestfirði, sem eru minar heimaslóðir. Hápunktur sumarsins er samt að vera hér uppi í sumarþústað í góðu veðri þar sem krakkarnir leika úti allan daginn.“

Elva Dögg fór snemma í sumar í æfingabúðir í Danmörku með

Mótettukórnum. „Annar hápunktur sumarsins verður líklega að teljast tónleikar Mótettukórsins um miðjan ágúst þar sem við flytjum h-moll messuna eftir Bach ásamt einsöngvörum og hljómsveit.“ segir Elva Dögg og kveður frá Þingvöllum.

BARRTRÉ
SÍGRÆN ALLT ÁRIÐ

Öll barrtré á Þingvöllum verða felld á næstum árum. Þau eru ekki hluti af upprunalegum gróðri á Þingvöllum og verða því að vikja fyrst Þingvellir eru á heimsminjaskrá.

Helstu tegundir barrtrjáa eru greni og fura. Blöðin á barrtrjám eru eins og stuttar, stinnar nálar. Þau falla ekki á haustin og haldast því sígræn allt árið. Lerkið fellir þó sín blöð. Einir er eina upprunalega barrtrjategundin á Íslandi. Hún er oftast í hnéhæð en getur orðið tveir metrar á hæð.



SJÓNARHÓLL

KAUP RIO TINTO Á ALCAN

„Það er skelfileg tilhugsun,“ segir Ólína Þorvarðardóttir. „Í raun og veru er þetta einmitt það sem maður óttaðist að gæti gerst. Rio Tinto er eitt stærsta fyrirtæki í heimi í námavinnslu og áliðnaði. Það eru hörð viðskiptalögmál í gangi á þeim markaði, ekki umhyggja fyrir samfélögum, manlegum gildum eða náttúrunni.“

Með yfirtöku á Alcan er Rio Tinto orðið risi á heimsmarkaði. Mér finnst uggvænlegt til þess að hugsa að fá þennan aðila inn í okkar íslensku aðstaður. Hann gæti eignast



ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

allar fjárfestingar í íslenskum áliðnaði og gengið inn í samninga íslenskra orkufyrirtækja. Þar með væri þessi risi kominn með heljartök á íslensku efnahagslífi og þjóðarþúskap. Ég tek undir með iðnaðarráðherra, þetta er ekki vænlegt til að ná sátt um umhverfismál. Það verður mjög fróðlegt að sjá hvernig Landsvirkjun mun snúa sér í þessu máli.“



OPNUN Í UPPSÖLUM Verkin verða til sýnis í Uppsölum við Aðalstræti í allt sumar. Þegar hafa fimm verk selst.

Fundu fossa til að mála



VIÐ FAGRAFOSS Heiðrún Gígja málar Fagrafoss í Geirlandsá, skammt frá Lakagígum. Hitabylgja gekk yfir landið á meðan þau voru á ferð en þennan dag var suddaveður.

Hjónin og frístundamálararnir Heiðrún Gígja Ragnarsdóttir og Sigurgeir Orri Sigurgeirsson leituðu uppi og máluðu íslenska fossa sumarið 2004. Afraksturinn má berja augum á nýopn- aðri sýningu í Uppsölum í Aðalstræti 16.

Sigurgeir Orri er bókmenntafræðingur og gerir heimildarmyndir en Heiðrún Gígja er verkfræðingur hjá Össuri. Þau hafa lengi haft gaman af að mála og sumarið 2004 ákváðu þau að sameina áhugamálið og sumarfríið. „Hugmyndin var að njóta Íslands á annan hátt og fá nýtt sjónarhorn á landið,“ segir Sigurgeir Orri. „Við lögðum því land undir fót og leituðum að fossum til að mála. Við byrjuðum á Kirkjubæjarklaustri, ókum síðan með suðurströndinni í austurátt, fórum svo til baka í átt að Þingvöllum, þaðan yfir Kjöl þar sem við komum niður í Bárðardal og enduðum í Fljótsdal í grennd við

Skríuklaustur. Þegar upp var staðið höfðum við séð ótal fossa en málað sjö.“

Ferðin tók á fjórðu viku en hjónin áðu að minnsta kosti í einn dag við hvern foss sem þau máluðu. Veturinn eftir leigðu þau síðan aðstöðu til að ljúka við myndirnar.

Verkin verða til sýnis í Uppsölum í allt sumar og sýningin gengur vel; þegar hafa selst fimm myndir, þar af tvær til Ameríku. „Heiðrún er reyndar mun færari málari en ég,“ segir Sigurgeir. En meiningin var þó alltaf að halda sýningu þótt það hafi dregist aðeins á langinn,“ segir Sigurgeir. Þau eru þó hvergi nærri hætt að mála fossa. Fyrir nokkrum vikum lögðu þau land undir fót og máluðu Englafoss í Tunguá. „Svo eru fjölmargir fleiri sem við eignum eftir að mála,“ segir Sigurgeir. „Fyrir utan Óxarárfoss höfum við ekki málað þekktustu fossana sem allir þekkja. Það væri gaman að mála til dæmis Gullfoss og Skógafoss. Það eru auðvitað svo margir fossar á landinu að okkur endist sjálfsagt ekki ævin í þetta,“ segir hann og hlær. bergsteinn@frettabladid.is

ER BÍLLINN
KLÁR Í FRÍIÐ?

Láttu smyrja bíllinn og athuga hjólbarðana hjá Hjólbarðþjónustu N1 og farðu áhyggjulaus í sumarfríið.

Réttarhálsi 2, Rvík, hjólbarða- og smurþjónusta	587 5588
Fellsmúla 24, Rvík, hjólbarðþjónusta	530 5700
Fellsmúla 24, Rvík, smurþjónusta	530 5710
Ægisíðu 102, Rvík, hjólbarða- og smurþjónusta	552 3470
Langatanga 1a, Mosfellsbæ, hjólbarða- og smurþj.	566 8188
Reykjavíkurvegi 56, Hafnarfirði, hjólbarðþjónusta	555 1538
Dalbraut 14, Akranesi, hjólbarðþjónusta	431 1777
Tryggvabraut, Akureyri, smurþjónusta	462 1080

N1 BÍLAÞJÓNUSTA

SÆKTU UM VIÐSKIPTA- OG SAFNKORT Á WWW.N1.IS

Golfáhugamenn líta til Vestmannaeyja þegar golfvelli á meginlandinu fyllast:

Fljúga í sex mínútur til að spila golf

Þegar golfvellið er í kringum höfuðborgarsvæðið fyllast halda kylfingar til Vestmannaeyja. Vinsælt er að fljúga frá Bökkum til Eyja um eftirmiðdaginn, spila átján holur og fljúga aftur heim um kvöldið.

Valgeir Arnórsson, forstjóri Flugfélags Vestmannaeyja, segir fyrirtækið hafa verið í samstarfi við golfklúbbinn í Eyjum undanfarnar þrjú ár. Hægt sé að kaupa sérstakan pakka sem innihaldi flug fram og til baka og einn hring á golfvellið. „Það eru sífellt fleiri að nýta sér þetta, vellirnir í Reykjavík eru líka alltaf fullir. Flestir fljúga um morguninn eða

eftirmiðdaginn, spila golf og fljúga strax aftur heim, enda tekur flugferðin bara sex mínútur.“

Steinn Sveinsson, deildarstjóri sölu- og markaðsdeildar hjá Jónar Transport, er einn þeirra sem fljúga oft til Eyja til að spila golf. „Ég er uppalinn Vestmannaeyingur þannig að það liggur beinast að spila golf þar. Annars er þetta líka einn fallegasti og glæsilegasti golfvöllur á Íslandi.“

Hann segir lágt verð einnig mikinn kost, en flug fram og til baka auk vallargjalds kostar 7.500 krónur. Til samanburðar er vallargjaldið á Grafarholts- og Korpúlfsstaðavelli 6.400 krónur. - sps



Í EYJUM Golfvöllurinn í Vestmannaeyjum er átján holur og telst nokkuð erfiður.

CASIO EINFALDLEGA BETRI



Casio EXZ1200

12.1 milljón punkta upplausn
SuperLife rafhlaða endist 340 myndir
2,8" stór Widescreen skjár
Hágæða hreyfimyndataka
Anti Shake DSP



EXILIM
ZOOM

VERÐ

39.995

FRÁBÆRT VERÐ

NÝ VÉL!
VAR AÐ
LENDU



12 MILLJÓN PUNKTA UPPLAUSN - MEIRI EN ÁÐUR HEFUR SÉST



7 MILLJÓN PUNKTA VÉL
EINFÖLD OG ÓDÝR

Casio EXZ75
BESTSHOT, einfalt að taka myndir við öll skilyrði
Antishake DSP hristivörn
512mb Sandisk minniskort fylgir

TILBOÐ

19.995

FULLT VERÐ 29.995



10 MILLJÓN PUNKTA
MJÖG VEL BÚIN VÉL Á BETRA VERÐI

Casio EXZ1050
10.1 milljón punkta upplausn
Antishake DSP hristivörn
2,6" Widescreen skjár
Hágæða hreyfimyndataka
SuperLife rafhlaða sem endist 370 myndir

TILBOÐ

26.995

FULLT VERÐ 32.995



MARGVERÐLAUNUÐ HÁGÆÐA VÉL
MEÐ ÖFLUGRI AÐDRÁTTARLINSU

Casio EXV7
7.2 milljón punkta upplausn
7x Optical Zoom
Antishake DSP hristivörn
Innbyggð linsa
Hágæða hreyfimyndataka með stereó hljóði

TILBOÐ

36.995

FULLT VERÐ 44.995



HÁGÆÐA CASIO MYNDAVÉLAR



Heimilistæki

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

www.ht.is

REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS

SÆTÚNI 8
SÍMI 569 1500


GLERÁRGÖTU 36
460 3380

GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

EYRARVEGI 21
480 3700

Svona erum við

> Fjöldi dýralækna á Íslandi:



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: FÆÐINGARORLOF

Líka orlofsréttur við ættleiðingu og fósturlát

Mismunandi nýting kynjanna á lögbundnu fæðingarorlofi hefur verið í umræðunni undanfarið. Miklar breytingar urðu á íslenskum vinnumarkaði þegar lögum var breytt í byrjun árs 2001 þannig að bæði kynin ættu rétt á fæðingarorlofi.

Hverjir eiga rétt á því að fara í fæðingarorlof?

Bæði móðir og faðir nýfædd barns eiga rétt á því að taka fæðingarorlof. Auk þess eiga foreldrar rétt á slíkri orlofstöku við frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur, sé barnið yngra en átta ára. Að lokum skapast réttur til orlofstöku við fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu og andvana fæðingu eftir 22 vikna meðgöngu. Skilyrði er að foreldrar hafi verið samfelld í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir fæðingu eða ættleiðingu, með 25 prósent starfshlutfall eða hærra.



Hvaða rétt á fólk í orlofinu?

Foreldrar eiga rétt á því að taka óslitið orlof í þrjá mánuði hvort, auk þess sem þeir geta skipt á milli sín þremur mánuðum til viðbótar. Reynslan hefur verið sú að móðirin tekur

yfirleitt mestan hluta þessara þriggja mánaða. Með samkomulagi við vinnuveitanda má brjóta friðið niður í nokkur styttri tímabil, þó aldrei styttri en tvær vikur í senn.

Laun foreldra í fæðingarorlofi eru greidd af Fæðingarorlofsjóði. Mánaðarlegar greiðslur í fullu fæðingarorlofi nema 80 prósentum af meðallaunum síðustu tveggja ára, þó aldrei hærra en 518.600 krónur, og aldrei lægri en 100.604 krónur.

Hvað með fólk sem ekki hefur verið á vinnumarkaði?

Foreldrar sem verið hafa utan vinnumarkaðar eiga rétt á fæðingarstyrk, 43.899 krónum á mánuði, en foreldri í fullu námi á rétt á 98.209 króna fæðingarstyrk. Slíkur réttur nær aðeins til foreldra sem hafa barn í sinni forsjá, og hafa átt lögheimili hér á landi í tólf mánuði á undan.

SPURT OG SVARAD

ILLA MERKTAR VEGAFRAMKVÆMDIR

Ógrynni af kvörtunum

Vegaframkvæmdir við Reykjanesbraut, milli Kópavogs og Hafnarfjarðar, þykja illa merktar og stórhættulegar að mati Umferðarstofu og Vegagerðar. Einar Magnús Magnússon er upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.

Hvaða laun sjáid þið á þessum málum almennt?

„Það virðist vanta í reglugerð einhverja útlístan á því hvað lögregla geti gert þegar verktakar eru staðnir að því að fara ekki eftir þeim reglum sem um þetta gilda. Það er í rauninni atríðið sem virðist vanta og eru því glöppur í úrræðum lögreglu hvað þessi mál varðar.“

Hvað fáid þið margar kvartanir á ári?

„Ég er ekki með nákvæmar tölur en við fáum ógrynni af kvörtunum árlega. Við komum þeim öllum til lögreglu og í vissum tilfellum til Vegagerðar og ég veit það að lögregla hefur samvisskusamlega farið með þau mál áfram. Ég bendi þó á að umferð hefur þynnst síðustu ár og því er eðlilegt að þessum kvörtunum fjölgi.“



EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON

Eftirlitsmyndavélum fjölgar í Evrópu eftir að hafa upplýst mál

Notkun eftirlitsmyndavéla eykst í Evrópu í kjölfar árangurs við að upplýsa mál með hjálp þeirra. Opinber stofnun sem hefur eftirlit með persónuvernd í Frakklandi varar við eftirlitssamfélagi.

Umfangsmikið net eftirlitsmyndavéla í Bretlandi er sagt hafa skipt sköpum við rannsókn lögreglu á hryðjuverkatilraunum í samgöngukerfi London 21. júlí árið 2005. Fjórir af sex sakborningum hafa verið dæmdir í lífs-tíðarfangelsi, meðal annars á grundvelli upptaka úr eftirlitsmyndavélum.

Árangursrík notkun bresku lögreglunnar á upptökum úr eftirlitsmyndavélum hefur vakið eftirtekt víða erlendis og hyggjast sum Evrópuríki og Bandaríkin fylgja í fótspor Bretlands.

Forseti Frakklands, Nicolas Sarkozy, hefur lýst yfir aðdæun sinni á árangri bresku lögreglunnar og vill fjölga eftirlitsmyndavélum í samgöngukerfi

Frakklands. „Í mínum huga felst engin þversögn í því að virða frelsi einstaklingsins og að koma upp eftirlitsmyndavélum til að tryggja öryggi fólks.“ sagði Sarkozy í samtali við franska vikuritíð Le Journal du Dimanche. Í lestarferfi Parísar, höfuðborgar Frakklands, eru 5.000 eftirlitsmyndavélar og áætlanir eru um að fjölga þeim í 6.540 við lok þessa árs.

Kom upp um morðingja

Stjórnvöld í Þýskalandi ákváðu í fyrra að fjölga eftirlitsmyndavélum á lestarstöðvum, flugvöllum og við hafnir eftir að upptaka úr eftirlitsmyndavél auðveldaði lögreglu að bera kennsl á tvo líbanska menn sem talið er að hafi komið sprengjum fyrir í lestum í fyrrasumar. Sprengjurnar sprangu þó ekki.

Andstaða við eftirlitsmyndavélar í Tyrklandi virðist hafa minnkað eftir að upptök úr vélunum hjálpuðu til við að hafa uppi á morðingja tyrkneskarmenska blaðamannsins Hrants Dink í janúar. Eftirlitsmyndavélar hafa verið settar upp í höfuðborginni Ístanbul og nokkrum öðrum borgum og yfirvöld hafa tilkynnt áætlanir um að setja þær upp víðar, til dæmis á ferðamannastöðum til að auka öryggi ferðamanna.



FYLGST MED FÓLKI Gengið framhjá öryggismyndavél í París. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



NÁÐUST Á MYND Fjórir menn, sem nýverið hlutu ævilangt fangelsi fyrir að hafa ætlað sér að fremja hryðjuverk í London fyrir tveimur árum, sjást hér ganga inn í Luton-lestarstöðina að morgni dags 21. júlí árið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

EFTIRLITSMYNDAVÉLAR Í BRETLANDI

■ Bretland varð fyrsta ríkið til að taka í notkun umfangsmikið net eftirlitsmyndavéla á níunda áratugnum í baráttunni gegn hryðjuverkamönnum Írska lýðveldishersins IRA.

■ Yfir fjórar milljónir eftirlitsmynda-

véla eru í Bretlandi og daglega næst hinn hefðbundni Breti á allt að 300 eftirlitsmyndavélar að sögn lögreglu.

■ Sumum eftirlitsmyndavélum fylgir hátalari þar sem eftirlitsmenn geta talað beint til fólks.

Exista hf., kt. 610601-2350, hefur gefið út lýsingu vegna skráningar skuldabréfa sem OMX Nordic Exchange Iceland hf. hefur samþykkt og gert aðgengilega almenningi frá og með 16. júlí 2007.

Eftirfarandi skuldabréfaflokkur hefur verið gefinn út:

- Skuldabréfaflokkur að fjárhæð kr. 3.000.000.000 var gefinn út þann 22. júní 2007 og er auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland hf. EXISTA 07 1. Bréfin verða skráð í OMX Nordic Exchange Iceland hf. þann 16. júlí 2007. Hver eining bréfa er kr. 5.000.000. Skuldabréfin eru verðtryggð miðað við grunnvísitölu neysliverðs, miðað við dagvísitölu 22. júní 2007 sem var 271,979 stig og skal bera 7,0% fasta vexti. Höfuðstóll bréfa skal endurgreiðast þann 22. júní 2014, en vaxtagjalddagar skulu vera einu sinni á ári, sá fyrsti var þann 22. júní 2007 og síðan árlega. Kaupþing banki mun vera með viðskiptavakt á skuldabréfaflokknum.

Lýsingar er hægt að nálgast hjá útgefanda Exista hf., Ármúla 3, 108 Reykjavík og á vefsetri útgefanda Exista hf. www.exista.com. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.


Reykjavík 16. júlí 2007

FRÉTTASKÝRING
SIGRÍÐUR D. GUÐMUNDSD.
sdg@frettabladid.is

Viltu stinnari líkama á aðeins 4 vikum?

Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.
4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallelgri líkama á aðeins 4 vikum...



Eitt stjórnæki með hleðslubatteri, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System.

SLENDERTONE™

System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-

Heildarlausnir fyrir konur til að móta allan líkamann...

Pakki 1
Slendertone belti - buxur þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 29.925,-

Pakki 2
Slendertone belti - armar þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 26.970,-

Pakki 3
Slendertone buxur - armar þjálfar rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 29.925,-

Pakki 4
Kynningarverð fyrir dömur - alhliða pakki
Slendertone belti - buxur - armar þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 35.985,-



Eitt stjórnæki
-með hleðslu - þú velur Slendertone sem hentar þér - Ekkert mál...!

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

Barrtré felld fyrir heimsminjastimpil:

Flórufasismi

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Barrtrén á Þingvöllum eru hluti af Íslandssögunni. Núlfandi Íslendingar þekkja ekki þjóðgarðinn án þeirra. Gróðursetning barrtrjáa á Þingvöllum markar upphaf hugsjónabaráttu um að klæða landið. Hún hefur bæði verið tengd við byggðina í landinu og sjálfstæði fólksins sem hér býr.

Nú er byrjað að höggva sum þessara trjáa. Hugsanlega fá einhver þeirra að standa. Þetta er gert í skiptum fyrir stimpil frá Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna. Sá stimpill gerir ekki meira úr Þingvöllum en þeir eru. En uglaust er hann söluvara. Það má nota hann til þess að græða nokkrar krónur á ferðamönnum.

Að sönnu hefur mönnum sýnst sitt hverjum um barrtrén þarna. Sumum finnst þau stinga í stúf við annan gróður. Aðrir líta á þau sem hluta af allt að aldargamalli tilveru. Spurningin um hvort þau fara vel eða illa á þessum stað er spurning um fegurðarskyn. Á það verður ekki brugðið mælikvarða. Það er líka hluti af sögunni hvort rétt var eða rangt að planta þeim á sínum tíma.

Kjarni málsins er sá að Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna samþykkti óskir um að setja Þingvelli á svokallaða heimsminjaskrá árið 2004. Þjóðgarðsvörður hefur upplýst að stofnunin hafi sett það sem skilyrði fyrir þeim gerningi að hluti af þessari menningarleifð yrðin rifinn upp með rótum.

Vel má vera að Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna styðjist við einhverja alþjóðlega staðla hér að lútandi. Það er gott og blessað að setja staðla um allt það er lýtur að tommustokkum og peningum. En menning og saga hafa einmitt gildi fyrir þá sök að hvorugt verður fellt undir staðla.

Íslenska þjóðin stofnaði lýðveldi í landinu í samveru við barrtré á Þingvöllum. Hún fagnaði þúsund ára afmæli Alþingis með þess konar trjám. Hún minnst ellefuhundruð ára búsetu í landinu í skjóli slíkra trjáa. Hún átti samverustund með barrtrjám þegar þúsund ár voru liðin frá því kristni var lögtekin á Lögbergi.

Í flóru Íslands eru barrtrén löngu orðin að Íslendingum. Þau eru engu minni Íslendingar en sá norsk og keltneski kynstofn sem hér hefur lengstum búið. Það er eins kyns flórufasismi að afneita þessum trjám í íslenskri náttúru sökum uppruna þeirra.

Á Alþingishúsi Íslendinga gnæfir erlent konungsmerki. Trúlega er það eina þinghúsið í heiminum sem þannig háttar til um. Engum heilvita manni hefur komið til hugar að brjóta það niður. Það er hluti af íslenskri sögu og menningu. Eins er með barrtrén á Þingvöllum.

Minkurinn er síðustu aldar fyrirbæri í náttúru Þingvallanna. Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna hefur ekki sett staðla um útrýmingu minka þar sem hún bregður stimplum sínum á loft. Sennilega er það fyrir gleymsku sakir.

Á Þingvöllum er bæði bær og kirkja. Þær látlausu byggingar eiga ekkert skylt við náttúruna eins og hún var fyrir landnám. Þær eru hins vegar hluti af menningu staðarins. Vonandi leynast þar ekki grenispýtur eða furufjalir. Þá yrðu þær væntanlega að fjúka.

Í lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum segir að hann sé friðlýstur helgistaður Íslendinga undir vernd Alþingis. Hver er sú vernd? Í hverju er hún fólgin? Eiga skemmdirnar sem nú er verið að vinna að svara þeirri spurningu?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Moldrok í logni

Ef marka má viðbrögð alvitra bloggara hafa nær allir Íslendingar afgerandi skoðun á aðgerðum mótmælenda og viðskiptum þeirra við lögregluþjóna. Kverúlantarnir skiptast í tvo hópa: þá sem eru yfir sig hneykslaðir á kjánalegum uppþotstíburðum aðfluttra mótmælalappa, og þá sem ofbjóða algjörlega ofsafengin viðbrögð lögreglunnar sem fjarlægir mótmælendur af bílpökum og stingur í steininn. Finnst moldin aldeilis rjúka í dúnalogni. Eins og Íslendinga er síður eru fáir ef nokkrir á þeirri skoðun að ef til vill eigi hvort tveggja álíka mikinn – eða litinn – rétt á sér.



Tíminn er kominn

Víst er að margir fylgismenn yngri þingmanna Samfylkingarinnar voru vongóðir um að uppstokkun yrði á ráðherraliðinu á miðju kjörtímabili. Spáðu því margir að Jóhanna Sigurðardóttir, starfsaldursforseti Alþingis, myndi þá vikja sæti og hleypa einhverjum minna reyndum til áhrifa. Ráð má gera fyrir að von þeirra hafi dvínað nokkuð eftir lestur á opinskáum viðtali við Jóhannu í Morgunblaðinu í gær, þar sem hún lýsti því yfir að hún hygði ekki á neitt annað en að sitja sem ráðherra út kjörtímabilið. Nú er hennar tími kominn.


Sænska leiðin

Bílaá hugamaðurinn Leó M. Jónsson bendir á einfalda lausn á hinum svonefnda útígangsmannavanda, sem plagað hefur lögreglu og borgaryfirvöld í sumari. Hann segir á vef sínum sanna sögu af því þegar yfirvöld í Stokkhólmi þurftu að losna við fólk sem illa var til reika af tiltekinni lestarstöð í borginni. Lögreglan hirti fólkið einfaldlega upp og ók því á snyrtistofur í nágrenninu þar sem það fékk allsherjar yfirhalingu á kostnað borgarinnar. Og skyndilega mátti hvergi sjá fleiri prúðbúna snyrtipinna en á Sveavägen-lestarstöðinni. stigur@frettabladid.is



Viðheldur fáfræði kristninni?

Flest okkar hafa lesið Biblíuna spjaldanna á milli. Byggir vitneskja okkar á ritinu því yfirleitt á námsefninu sem lagt var fyrir okkur í grunnskóla og fermingarfræðslunni, auk þess sem prestar segja frá í messum. En hversu áreiðanlegt er þetta efni? Í ljósi þess að grunnskólalög kveða á um að kristinfræðslan í skólum landsins eigi ekki að vera trúboð, getum við þá treyst því að höfundar efnisins, sem yfirleitt eru þjórnar kirkjunnar, styðjist við það sem best er vitað í fræðunum? Flest okkar myndu eflaust svara þessari spurningu játandi enda hafa þjórnar kirkjunnar margra ára háskólanám að baki. Að undanfögnu hef ég hins vegar gluggað í fjórar bækur sem benda til þess að sú sé ekki raunin.



STEINDÓR J. ERLINGSSON Í DAG | Biblíufræði

líklega meirihluti fræðimanna hafi aðhyllt „að minnsta kosti í Þýskalandi og Bandaríkjunum“.

Bibliunni breytt

Í bókinni *Lost Christianities: The Battles for Scripture and the Faiths We Never Knew* sýnir Ehrman okkur að fyrstu aldirnar eftir dauða Jesú áttu sér stað miklar deilur um hvers eðlis hann var í raun og veru. Þeir sem unnu þessa deilu á fjórðu öld settu saman Nýja testamentið og dæmdu allar aðrar skoðanir sem villurú og eyddu öllum ritum sem þeim tengdust. „Í kjölfar þessa,“ segir Ehrman, „sem nokkurs konar náðarhögg, endurskrifuðu sigurvegarnir söguna af deilunni, og létu líta út fyrir að nánast engar deilur hefðu átt sér stað.“ Ein afleiðing þessara deilna var að biblíuhandritunum var breytt meðal annars til þess að þjóna þessum mismunandi skoðunum. Þessum anga sögunnar lýsir Ehrman í bókinni *Misquoting Jesus: The Story Behind Who Changed the Bible and Why*, sem var ein af metsölubókum ársins 2005 í Bandaríkjunum. Þar bendir hann til að mynda á að síðustu tólf versin í Markúsarguðspjallinu, sem er elst guðspjallanna, séu seinni tíma viðbót við handritin og að ein frægasta saga Biblíunnar, „sá yðar, sem syndlaus er, kasti fyrstur steini á hana“, sé einnig seinni tíma viðbót.

Að lokum er rétt að nefna

bókina *The Bible Unearthed: Archaeology's New Vision of Ancient Israel and the Origin of its Sacred Texts*, þar sem fornleifafræðingarnir Israel Finkelstein og Neil Asher Silberman greina frá því að nýlegar rannsóknir þeirra og annarra fornleifafræðinga hafi leitt til þess að „alvarlegar efasemdir séu uppi um sögulegan grundvöll frægra biblíusagna eins og brottföng yðinga frá Egyptalandi, hertöku Kanaanlands og hin mikilfenglegu heimsveldi Davíðs og Salómon“.

Vísitandi blekkingar

Ekkert af því sem hér hefur verið greint frá þjórnar hagsmunum Þjóðkirkjunnar, sem er í mun að viðhalda sýndarmyndinni sem kirkjan hefur í gegnum aldirnar dregið upp til að viðhalda kristinni trú. Til marks um þetta tjáði einn af sóknarprestum höfuðborgarsvæðisins mér nýlega að þegar hann útskrifaðist úr guðfræðideildinni hafi honum og samnemendum hans verið tjáð að þegar þeir hættu þjónustu í prestaköllunum ættu þeir ekki að opinbera fyrir almenningi allar þær gagnrýnu hugmyndir sem þeir höfðu lært í námi sínu. Af þessu má ljóst vera að prestar landsins eru í svipaðri stöðu og loftslagsfræðingar sem eru fjármagnaðir af olíufélögum heimsins, því það þjórnar ekki hagsmunum þessara einstaklinga að skaða málstað stofnana sem þeir vinna fyrir. Það má því færa rök fyrir því að kristni hafi að einhverju leyti verið viðhaldið í gegnum aldirnar með vísitandi blekkingum og virðist þeim blekkingarleik enn haldið áfram í námsefninu sem borið er á borð fyrir börnin okkar. Eins og segir á ensku: „Ignorance is bliss.“

Höfundur er doktor í vísindasagnfræði.

Einar veit betur en Hafró

UMRÆÐA

Sjávarútvegur

Helstu rökinn fyrir því að fara algerlega að tillögum Hafrannsóknastofnunar um hámarksveiði á þorski á næsta fiskveiðiári eru þau að við höfum enga betri vitneskju, enga betri þekkingu og ekkert betra við að styðjast en ráð vísindamanna okkar á stofnuninni. Með þessum rökum ákveður ríkisstjórnin að standa einhuga að baki sjávarútvegsráðherra, Einar Kristni Guðfinnssyni.

En þegar skoðuð er ákvörðun ráðherrans um hámarksveiði úr 17 einstökum stofnum kemur í ljós að hann fer að tillögu Hafró aðeins varðandi fimm tegundir en hafnar tillögum stofnunarinnar í tólf tegundum. Ráðherrann ákveður meiri kvóta í öllum þessum tólf tilvikum og telur aldrei ástæðu til að ákveða minni veiði en Hafró leggur til. Aukningin er minnst 5% og mest 200%. Heimiluð er þreföld veiði á sandkóla og tvöföld veiði á skrápflúru en vísindamenn okkar leggja til. Heimiluð er 25% meiri veiði á ufsa, 13% meiri veiði á steinbít og 15% meira á íslenskri sumargotssíld en vísindamenn okkar ráðleggja.



KRISTINN H. GUNNARSSON

Ráðherrann ákveður að leyfa veiðar á 1500 tonnum á sandkóla, þegar vísindamennirnir telja stofninn aðeins þola 500 tonna veiði. Hann leyfir 1000 tonna veiði á skrápflúru sem er 100% meira en Hafró leggur til. Ráðherrann fer 30% fram úr tillögum vísindamanna í veiði á skarkóla, 15.000 tonnum fram úr í veiði á ufsa og í sjálfri síldinni, sem var eiginlega veidd upp á sínum tíma, hækkar ráðherrann kvótann um 20.000 tonn frá ráðleggingum Hafró og er enn ekki allt upptalið af afrekum ráðherrans sem blæs á tillögur vísindamanna okkar, nema í þorski.

Þetta er athyglisvert. Hvaða þekkingu býr sjávarútvegsráðherrann yfir um ástand þessara tólf fiskistofna sem Hafrannsóknastofnun hefur ekki? Hvaðan kemur sú þekking? Frá sjómönnum, öðrum fiskifræðingum en þeim sem starfa á Hafró eða er einhver innri rannsóknadeild í ráðuneytinu? Hvert sem svarið er þá er ljóst að við höfum betri vitneskju, betri þekkingu og meira við að styðjast en Hafró. Spurningin er þá hvort þeir vísu menn hafi verið spurðir um veiðar úr þorskstofnunum?

Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins.

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki



Transformers-myndin er ekki fyrr komin í kvikmyndahús vestanhafs en alls konar varningur henni tengdur er kominn í verslanir og rokselst. Þar á meðal er þessi figúra, sem er úr myndinni og kallast Electronic Beatmix Bumblebee. Hún er sérstæð fyrir þær sakir að geta hljóðblandað tónlist úr iPodum og MP3 spilurum, ásamt því að skekja sig við hana af miklum móð.



Belkin-fyrirtækið hefur sent frá sér nokkrar gerðir USB-fjöltennga, til að mynda sjö innstungna fjöltengi þar sem hægt er að tengja tölvumýs, myndavélar eða iPoda við fjórar minni innstungur. Stærri tæki eins og prentarar tengjast í þrjár stærri innstungur á fjöltenginu aftanverðu. Geyma má minnisblöð og bréfaklemmur í botninum. Nánari upplýsingar á heimasíðu Belkin, www.belkin.com

Emotibles Charms er heitið á þessum skemmtilegu hulstrum sem eru hönnuð fyrir iPod-heyrtól. Þau eru gerð úr vínyl-efni og fást í ýmsum gerðum. Þar á meðal með nokkrum figúrum eins og þessi á myndinni sem kallast Starry-Eyed, eða með stjörnur í augunum. Nánar á vefsíðunni www.emotibles.com.



allt

Tölvuunnin listaverk

Á RASTERBATOR MÁ BÚA TIL ALLT AÐ 20 METRA STÓR PLAKÖT ÚR LÍÓSMYNDUM Á TÖLVUTÆKU FORMI.

Rasterbator er sniðugt viðfangsforrit á netinu, sem býr til risastórar eftirmyndir úr hvaða mynd sem er, sem hægt er að prenta út á nokkrum blaðsíðum og setja saman í plakat. Maður fer einfaldlega inn á síðuna homokaasu.org/rasterbator og halar þar niður mynd, annað hvort úr eigin safni eða af netinu þar sem leyfi er gefið.



Margar myndir mynda eitt veggspjald.

Þegar maður hefur átt við myndirnar og er orðinn ánægður með útkomuna lætur maður forritið senda sér þær á pdf-skjali, sem tiltölulega auðvelt er að prenta út.

Forritin Macromedia Flash Player 7 og Adobe Reader, eða annað forrit til að skoða pdf-skjöl, eru síðan nauðsynleg til að geta prentað út myndirnar.

Frekari fróðleikur og myndasöfn er að finna á síðunni,

- rve



Sigurður I. Halldórsson hjá Snertilausnum ehf. þjónustar ferðamañn með gagnvirkum bóknarstandi sem er þeim að kostnaðarlausu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gagnvirk ferðarþjónusta

Look and book er gagnvirk bóknarþjónusta fyrir ferðamenn. Þar er hægt að skoða, bóka og borga allt í einu.

„Þetta er bóknarstandur fyrir ferðatengda þjónustu á Íslandi. Notandinn getur kannað framboð hjá þeim aðilum sem eru skráðir hjá okkur og eru með upplýsingar á netinu. Síðan getur notandinn tengst þjónustuverinu með síma og myndavél sem er á standinum. Þjónustuverið kannar framboðið og getur síðan bókað og tekið við greiðslu þar sem standurinn er með kortalesara. Síðan prentast út kvittun fyrir kaupunum,“ segir Sigurður I. Halldórsson, framkvæmdastjóri Snertilausna ehf. sem þróuðu og reka standana.

Á standinum er snertiskjár þar sem notandinn getur kannað framboð á gistingu og afþreyingu á borð við hestaferðir, hvalaskoðun, sjóstöng, jeppaferðir,

skoðunarferðir, snjósleðaferðir og gönguferðir. Auk þess eru upplýsingar um veitingastaði, viðburði, samgöngur, færð á vegum og veðurfar.

Þjónustan er notandanum að kostnaðarlausu en þeir ferðarþjónustuaðilar sem skráðir eru hjá Look and book borga vissa þóknun.

Standarnir eru víða um land á fjölförnum ferðamannastöðum og í verslunum N1, Eymundsson, á Park-Inn hótelnunum og á BSÍ.

Sigurður segir aðsóknina hafa farið hægt af stað en aukist jafnt og þétt. Verkefnið er íslensk nýsköpun að sögn Sigurðar, sem hyggst byrja héraðis áður en verður af mögulegri útrás.

Look and book er bæði stílað inn á erlenda ferðamenn og Íslendinga sem vilja ferðast innanlands. Þjónustuverið er opið frá kl. 8.30-22 alla virka daga og frá kl. 9-16 um helgar. Sjá nánari upplýsingar á slóðinni: www.lookandbook.is

rh@frettabladid.is


Heilsaðu iPhone.



Hann er loksins kominn. iPhone síminn frá Apple er til sýnis í verslun Farsímalagersins Laugavegi 178. Síminn er ekki kominn í sölu strax en áhugasamir geta skráð sig á póstlista á farsimalagerinn.is

Fyrstir koma – fyrstir sjá!

farsimalagerinn.is



Finndu þér stað

Atvinnuhúsnæðislán með lægri lántökukostnaði

VEXTIR FRÁ
AÐEINS
3,7%

Miðað við myntkórpu 4,
Libor-vextir 20.6.2007.

Frjálsi fjárfestingarbankinn lánar fyrirtækjum og einstaklingum til kaupa eða endurfjármögnunar á atvinnuhúsnæði. Lánstími er allt að 30 árum og við kappkostum að veita framúrskarandi þjónustu á hagstæðari kjörum. Komdu til okkar í Lág múla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu póst á frjalsi@frjalsi.is til að kynna þér málið nánar.

F
FRJÁLSI



**Ekkert mál
-að verða mál**

TravelJohn

TravelJohn pokarnir eru finn ferðafélagi þegar manni verður mál.

Fást á eftirtöldum stöðum:
Lyfja, Lyf og heilsa, Fjarðarkaup,
Gísli Jónsson, Húsasmíðjan,
www.donna.is www.traveljohn.com

visir

**FYRSTUR
MEÐ
FRÉTTIRNAR**

www.visir.is

Engin venjuleg mús

Microsoft kynsir til sögunnar tölvumús sem er ýmsum kostum búin.

Microsoft hefur sent frá sér nýja tölvumús, svokallaða Wireless Notebook Presenter Mouse 8000, sem býr yfir ýmsum skemmtilegum notkunarmöguleikum og beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu.

Músina, sem þykir einkar handhæg við kynningar, má nota til að fletta í gegnum glærur, til dæmis í PowerPoint frá Microsoft og öðrum kynningarforritum, og það úr tæplega tíu metra fjarlægð frá tölvunni.

Hún er þar að auki með innbyggðan ljósbendil og blek á tölvutæku formi, sem má hvort tveggja nota til að undirstrika ákveðin atriði á kynningum.

Músina má líka nota á kynningum sem byggja á margmiðlunartækni eða sem handhæga fjarstýringu heima við, þar sem undir henni er stjórnborð til að fletta ljósmyndum, spila kvikmyndir og tónlist og hækka og lækka hljóð í tölvunni.

Þá er hún búin 2,4 GHz blátannartækni,



Nýja Microsoft-músir virðist við fyrstu sýn ósköp venjuleg.

Undir músinni er stjórnborð, sem nota má til að skoða ljósmyndir og kvikmyndir og spila tónlist í tölvunni.

sem gerir það að verkum að hún virkar þráðlaust úr fyrrnefndri tíu metra fjarlægð, án nokkurra truflana.

Á músinni er ennfemur takki sem gerir henni kleift að komast fljótt að glærum og stækka upp ákveðin atriði á þeim. Síðast en ekki síst er á henni ljós, sem blikkar þegar hún er að verða rafmagnslaus.

Með hliðsjón af ofansögðu má velta fyrir sér hvort tölvumús séu hugsanlegir arftakar farsíma, verði þær færar um enn fleiri aðgerðir í framtíðinni.

Þýskar álkerrur

fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitð uppplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

EKKI BARA STIGAR
- LÍKA GLUGGAR OG HURÐIR
STUTTUR AFGREIÐSLUFRESTUR
Mex - byggingavörur
Lynghálsi 3 Sími 567 1300 & 848 3215
www.byggingavorur.com

Sigma linsur fyrir flestar gerðir myndavéla

FOLO VAL
Myndavéla-
viðgerðir
Skiptiholti 50B
Sími 553 9200

www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is

Þegar iPodinn frýs

Nokkur ráð til að koma frosnum iPod í gang.

Margir iPod-eigendur lenda í því að iPodinn þeirra frýs eða lætur öllum illum látum. Yfirleitt er þó ekki flókið að koma honum í samt lag og oft bara nóg að endurræsa hann.

Eigi maður iPod, iPod nano eða iPod mini á að vera nóg að halda menu- og select-tökkunum niðri í sex til tíu sekúndur þar til Applemerkið birtist. Ef til vill þarf þó að endurtaka þetta svo það takist. Við það ætti iPodinn að lagast.

Til að endurræsa iPod shuffle er hins vegar best

að aftengja hann úr tölvunni, sé hann á annað borð tengdur henni. Slökkvið því næst á honum á bakhliðinni. Biðið í fimm sekúndur og færið takkann á bakhliðinni á annað hvort play eða shuffle og við það ætti hann að fara í gang.

Virki þetta ekki er best að setja iPodinn í hleðslutæki og tengja við innstungu eða tölvu. Fullvissið ykkur um að kveikt sé á tölvunni svo þetta virki. Fólki hættir nefnilega til að steinglyma því í hita leiksins.

Það er engin ástæða til að óttast þó iPodinn frjósi, þar sem hægt að koma honum í samt lag með nokkrum handtökum.



Bíó í bílnum

SONY DVP-FX850-SPILARINN ÞYKIR TILVALINN Í BÍLA.

Nýi DVP-FX850 dvd-spilarinn frá Sony fær fullt hús í nýjasta eintaki bílabaðsins InGear og er tekið fram hversu góður hann þykir í bílinn.

Takkarnir sem stjórna spilaranum eru til dæmis aðgengilegir undir skjánum. Svo eru tvær innstungur fyrir heyrnartól og rafhláða sem endist í meira en fimm tíma, sem er fint í löng ferðalög.

Þar fyrir utan er tengi fyrir USB-minniskubb, en spilarinn tekur aðeins við myndum og MP3-skrám. Spilarinn kemur í verslanir Bretlandi í ágúst.



Til Sölu

Smáauglýsingar af öllum gerðum. Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi. Uppl. í s. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

**LÉTT
BYLGJAN**

967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

allt - sem þig vantar

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8-18
UM HELGAR 11-16

BÍLAR & FARARTÆKI



M.Benz E220 CDI árg. 3/1999 ek 340þ. km, 2.2L. Dísel, ssk. Gott eintak, tilboð 990þ. stgr. Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn. S. 567 2700.

Arnarbílar ehf
Gylfahlöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilur.is



Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nýr Mazda Cx-7 2.3L Turbo 244 hp., framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nýr Mazda CX-9 3.5L V6 263 hp., 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
www.x4.is

Bílar til sölu



Corvette árg.'92 ek. 162 þús. 6 gíra bsk. Verð 1.400 þ. Uppl. s. 897 6859, Gunnar.



Skoda Octavia árg. 10. 2005 ekinn 29 þ. km. Sjálfskiptur. Góður bíll. Verð 1990. S. 898 2811.

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. júlí 2007, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. júlí 2007 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 16. júlí 2007, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. júlí 2007.

Tollstjórinn í Reykjavík
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal

Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Til leigu

Skrifstofuherbergi við Grensásveg

Frum

Skrifstofuherbergi til leigu, með aðgangi að snyrtingu og eldhúsi. Rafmagn og hiti innifalinn. Góðar tövlulagnir.

Upplýsingar í síma 824 6610



Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI

6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA

HEIMIR OG KOLBRÚN TAKA Á MÓTI PÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN

Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

BRJÁLÆDISLEGA SVÖL

ÞESSAR 8 KONUR MUNU
HITTA 1 BRJÁLADAN MANN



Ekki við hæfi
yngri en 16 ára

3 FEATURING COMING ATTRACTIONS FROM ROBERT RODRIGUEZ!



FRUMSÝND
18.07.07
SENDU SMS JA DPV
Á NÚMERID 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
MIÐA FYRIR TVO!
FLOTTIR AUKAVINNINGAR Í BODU!



Vinningsverðla afhendi hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt erðu kominn í SMS Klubb. 99 kr/áskrift.

MICKEY ROURKE FÆDDIST Á
PESSUM DEGI ÁRIÐ 1953.

„Ég vissi alltaf að ég myndi
afreka eitthvað merkilegt –
hvort sem það væri að ræna
banka eða eitthvað annað.“

Leikarinn og hnefaleikakapp-
inn Mickey Rourke er 54 ára
í dag.



tímamót

timamot@frettabladid.is

Sandgræðsla í hundrað ár

Minnisvarði var afhjúpaður
á Reykjum á Skeiðum hinn
8. júlí síðastliðinn í tilefni
af því að hundrað ár eru
liðin frá því sandgræðsla á
vegum ríkisins hófst hér á
landi.

Hinn 8. júlí 1907 var
byrjað að byggja grjótgarða
á Reykjum á Skeiðum
til að hefta sandfok sem
þá ógnaði miklum hluta
sveitarinnar. Fyrsta
sumarið voru gerðir 700
faðmar af grjótgördum
og þurfti að flytja grjótið
langan veg á hestvögnum.
Þennan grjótgarð má enn
líta á Reykjum.

Landgræðsla ríkisins,
sem áður hét Sandgræðsla
Íslands, minnst þessa
upphafslandgræðslustarfsá
Íslandi með því að setja upp
minnisvarða á Reykjum.



SANDGRÆÐSLA Í 100 ÁR
Minnisvarði um upphaf
landgræðslustarfs á Íslandi var
afhjúpaður á Reykjum.

Sleði frá níundu öld

Aðstandendur Sögusafns-
ins tóku á móti góðri gjöf
á dögnum. Kennarar og
nemendur Minersville Area
High School í Pennsylv-



SÖGULEGUR Sleðinn er nákvæm
eftirlíking af sleða sem fannst við
uppgöft á Gaukstaðarskipinu.

aníu í Bandaríkjunum af-
hentu safninu sleða sem er
nákvæm eftirlíking af sleða
sem fannst og var grafinn
upp í Gaukstaðarskipinu í
Noregi árið 1880 en talið er
að skipið sé frá 895.

Sleðann smíðuðu nem-
endur og kennarar skólans
undir leiðsögn Arne Emil
Cristensen frá Viking Ship
Museum í Osló og Ned Eisen-
huth kennara í Pennsylv-
aníu.

Sögusafnið mun hafa sleð-
ann til sýnis fyrst um sinn
en hann verður seinna hluti
af leikmynd í safninu.

www.minningargreinar.is

*Fallegir legsteinar
á góðu verði*

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566

www.englasteinar.is



Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990

ÞETTA GERDIST: 16. JÚLÍ 1627

Ræningjar herja á Eyjar

Hinn 16. júlí árið 1627 réðust um 300 sjóræningjar
frá Algeirsborg á Vestmannaeyjar. Þeir voru á
þremur skipum og höfðu þegar drepið fólk,
nauðgað og rænt á leið sinni um Austfirði frá 5.
til 13. júlí. Við komuna til Eyja voru þeir með 110
íslenska fanga um borð auk danskra sjómanna.

Á leið vestur með suðurströndinni höfðu
ræningjarnir hertekið enska duggu og neytt
áhöfnina til að vísa sér leið til Vestmannaeyja.
Skipstjórinn hefur líklega verið kunnugur á
þessum slóðum því hann benti þeim á tanga
suður af Brimurð sem heitir síðan Ræningjatangi.
Þaðan réðust illvirkjarnir til atlögu og komu
heimamönnnum að óvörum. Þeir gripu alla sem á
vegi þeirra urðu, bundu á höndum og fótum og
söfnuðu þeim saman í dönsku verslunarhúsunum.

Þeir drápu þá sem veittu mótsþyrnu eða þóttu
ekki söluvænar og eltu uppi flóttafólk sem flúið
hafði til fjalla.



RÆNINGJATANGI

MYND/DANIEL STEINGRÍMSSON

Alls námu sjóræningjarnir 242 Vestmannaeyinga
á brott og seldu hæstbjóðendum á uppboði í
Algeirsborg. Þeir drápu 36 manns en um 200 tókst
að fela sig og komust þannig undan.

MERKISATBURÐIR

- 622 Spámaðurinn Múhameð
leggur af stað frá Mekka
til Medína. Sú fór
markar upphaf íslamska
dagatalsins.
- 1917 Flutningaskipið Vesta sem
var á leið frá Íslandi til
Englands er skotið niður
af þýskum kaþbati. Fimm
fórust en 25 komust í
björgunarbát og náðu
landi í Færeyjum.
- 1955 Dwight D. Eisenhower,
forseti Bandaríkjanna,
kemur í stutta heimsókn
til Íslands.
- 1969 Geimskipið Appollo
11 leggur af stað frá
Canaveral-höfða í Flórída
í fyrstu mönnuðu ferðina
til tunglsins.



AFMÆLI „Það er eitthvað í skammdeginu í október sem gerir það að verkum að allt stílast inn á þennan dag,“ segir Guðlaugur Sigurgeirsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/WALLI

GUÐLAUGUR SIGURGEIRSSON: EITT ÞRIGGJA AFMÆLISBARNA Í SJÖ MANNA DEILD

Alger tilviljun og setur alla líkindafræði á hliðina

„Við erum sjö starfsmenn í deildinni
og þrír fæddir 16. júlí. Á ganginum
okkar vinna yfirleitt níu aðrir og einn
þeirra á líka afmæli í dag. Kannski er
þetta „tölvuheiladagur“ eða eitthvað
svoleiðis því við vinnum á því sviði.
Ég er hins vegar sá eini við störf
því hinir eru allir í sumarfrí,“ segir
Guðlaugur Sigurgeirsson, deildarstjóri
hjá Landsneti, dótturfyrirtæki Lands-
virkjunar. Hann er fimmtíu og eins árs
í dag. Hin afmælisbörnin í deildinni
hans eru þeir Hörður Benediktsson
sem er sextugur og Guðjón Kárasón
sem er fjörutíu og sjö ára en í þá náðist
ekki fyrir þessi tímamót.

Þegar Guðjón er spurður hvort hann
sem yfirmaður ráði ekki bara fólk til
starfa sem eigi sama afmælisdag og
hann svarar hann hlæjandi. „Nei, það

passarekkjþvíégkomsíðasturhingaðaf
okkur þremur. Ég byrjaði 2002 en hinir
eru búnir að vinna hér miklu lengur.
Guðjón hátt í tuttugu ár og Hörður enn
lengur.“ Hugsandi: „Þeir hafa kannski
verið með einhverjar leynilegar kröfur
um að nýi starfsmaðurinn yrði að eiga
sama afmælisdag og þeir þegar ég
var ráðinn? – Nei, ég held ekki. Þetta
er alger tilviljun og setur eiginlega
alla líkindafræði á hliðina. Það er svo
ólíklegt að svona gerist. En þetta er
skemmtileg staðreynd.“

Ekki minnst Guðlaugur þess að
þeir vinnufélagarnir hjá Landsneti
hafi gert sér dagamun saman af þessu
tilefni. „Þetta er sá tími sem flestir
reyna að vera í fríu og njóta sumarsins
og það hefur alltaf hist þannig á að við
erum tvístraðir þennan dag.“

Hjá honum verður dagurinn í dag
helgaður vinnu. „Þegar ekki er um
tugaafmæli að ræða og afmælið ber
auk þess upp á virkan dag verður
það eins og hver annar dagur og
gleymist,“ segir hann og bætir við
glettinn. „Svo þegar maður er líka
kominn á þennan aldur þá vill maður
bara að teljarinn stoppi en því er víst
ekki að heilsa.“

Það eru ekki bara vinnufélagar
Guðlaugs sem eiga sama afmælisdag
og hann því systir hans á það líka.
„Af þremur systkinum fæddumst
við tvö hinn 16. júlí en erum þó ekki
tvíbúar. Þannig að það er eitthvað
í skammdeginu í október sem gerir
það að verkum að allt stílast inn á
þennan dag. Það er dálítið sérstakt.“

gun@frettabladid.is



LAUGAVEGUR Leiðin um Laugaveg er um
50 kílómetra löng og liggur um jökulsvæði,
eyðimerkursanda og græna skóga.

Vísa leið um Laugavegin

Vegleg skilti sem Ferðafélag Íslands
hefur sett upp og sýna leiðina um
Laugavegin, milli Landmannalauga og
Þórsmarker voru vígð nýlega. Skiltin
eru tíu og standa við skála félagsins
við Hrafninnusker, Landmannalaugar,
Álftavatn, Emstrur og Þórsmörk.
Á þeim eru þrívíddarmyndir af
landslaginu og leiðbeiningar á
þremur tungumálum um dagleiðir,
öryggisþætti og fleiri um ferðamenn
varðar um á þessari vinsælu gönguleið.

Ómar Svavarsson listamaður málaði
skiltin á grunn frá Landmælingum
Íslands, Arni Tryggvason hönnuður
setti örnefnin inn á og lauk frágangi og
menningarsjóður VISA Íslands kostaði
framtakið. „Þetta er nýjung hér á landi
en minnir á skiltin í Ölpunum. Okkur
finnst þessi samt enn flottari,“ sagði
Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri
Ferðafélagsins, er í hann náðist á ferð
um Hrauneyjar á leið í vígsluathöfnina
í Landmannalaugum.

Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur

TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði*



Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Hyundai Tucson Sport 2.0 dísel, bsk, 17" álfelgur, vindskeið

Bílasamningur m.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

 **HYUNDAI** www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Hefur gæðin

Playstation3

FULLKOMNASTA AFÞREYINGAR- OG LEIKJAKERFI Í HEIMI



Ninja Gaiden Sigma

Aðeins á PS3



Harry Potter & Fönixreglan



Transformers

Sjáðu myndina spilaðu leikinn



Darkness

20. júlí



Motorstorm

Aðeins á PS3



Resistance Fall of Man

Aðeins á PS3



Heavenly Sword

September

Aðeins á PS3



Singstar

September

Aðeins á PS3



VÆNTANLEGIR



GTA VI

Oktober



LAIR

Oktober


Aðeins á PS3



BYLTING Í SKEMMTUN
TRYGGÐU ÞÉR EINTAK Í NÆSTU VERSLUN!

PLAYSTATION 3

- PlayStation 3 er engri lík - fullkornasta afþreyingar- og leikjakerfi heims •
- Upplifðu nýja tíma í spilun tölvuleikja - hágæða mynd- og hljóðgæði, raunverulegri en nokkru sinni áður. Meira en 30 leikir fáanlegir frá fyrsta degi •
- PlayStation 3 er einnig fullkominn BD (Blu-ray disc) spilar (sem einnig spilar DVD myndir) - að horfa á kvikmyndir í háupplausn heima er nú loks raunhæfur möguleiki •
 - Hágæða 1080p myndgæði sem ekki er hægt að toppa - myndgæðin eru ótrúlega skýr •
 - Þráðlausir stýripinnar með hreyfiskynjurum og frumleg stýring leikja gerir öllum kleift að taka þátt og njóta •
 - Innbyggður harður diskur (60GB) til að geyma kvikmyndir, tónlist, ljósmyndir og leiki - hafðu allar skrárnar þínar á einum stað •
- Kannaðu heim afþreyingar á netinu í sófanum heima - vafraðu um netið og upplifðu hvernig það er að spila tölvuleiki við fólk allsstaðar í heiminum. Tenging í gegnum þráðlaust net •
 - Spilaðu gömlu leikina - PlayStation 3 spilar fleiri þúsundir PS one og PlayStation 2 leikja •
- Einstakir tengimöguleikar við PSP (PlayStation Portable) - deildu efni, opnaðu og uppgötvaðu nýja möguleika í spilun tölvuleikja, hvort heldur þú sért heima eða á ferðinni •



sena

okkar heimur // þín skemmtun



Segir Beckham-hjónin eiga sér allt að þakka

Rebecca Loos, fyrrverandi aðstoðarkona Davids Beckham sem gerði allt vitlaust árið 2004 þegar hún sagði frá meintu ástarsambandi sínu við knattspyrnukappann, segir það sér að þakka hversu sterkt hjónaband Davids og Victoríu er. Victoría lét hafa eftir sér í nýlegu viðtali að tíminn þegar Loos sagði

STERKT SAMBAND
Hékk á blápræði árið 2004 en hélt þó.



frá sambandinu í breskum sjónvarpsþætti hefði verið mjög erfiður og reynt mikið á hjónabandið. Það hefði hins vegar verið nægilega sterkt til að láta jafn fátánlegar ásakanir ekki hafa áhrif á sig. Loos segir að Beckham-hjónin ættu að þakka sér fyrir að hafa sagt opinberlega frá sögu sinni.

„Það er mér að þakka að samband þeirra er sterkara en nokkru sinni. Þau hafa meira að segja átt annað barn síðan þá,“ sagði Loos þegar

hún var spurð út í ummæli Victoríu í viðtalinu. Loos hvíkar hvergi frá upprunalegri sögu sinni og segir framhjáhalda Davids vissulega hafa átt sér stað.

„Eins og Victoría sagði þá eru það slæmu hlutirnir sem styrkja hjónabandið,“ segir Loos, sem notaði einnig tækifærið og sendi út aðvörun til Victoríu. „Hún ætti að fylgjast vel með mannum sínum í LA. Það er fullt af sætum stelpum þar og ég veit ekki hvort David mun verða þægur strákur.“

REBECCA LOOS Segir Victoríu að passa vel upp á manninn sinn því það séu flottar stelpur í Los Angeles.



Fara saman í frí

Heather Mills og sir Paul McCartney eru að skipuleggja sumarfrí saman, samkvæmt News of the World. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu er nokkurrar þíðu farið að gæta í samskiptum þeirra, sem urðu afar stírt þegar Mills sakaði Paul um að vera háðan verkjalyfjum og áfengi og að hann hefði margt gengið í skrokk á henni.

Mills og McCartney virðast hins vegar um þessar mundir staðráðin í að halda erfiðleikum sínum fjarri lífi dóttur sinnar Beatrice og hafa meðal annars hugleitt að gerast nágrannar í náninni framtíð. Sameiginlegt sumarfrí virðist því vera rökrétt framhald af óopinbera vopnahléinu sem nú hefur staðið yfir. Talið er að þau ætli sér að gista á glæsilegu setri sem Paul á skammt frá New York en heimildarmenn News of the World taka þó skýrt



PAUL OG HEATHER Ætla að leggja deilur sínar til hliðar og einbeita sér að dótturinni.

fram að ekki sé allt fallið í ljúfa löð. „Enn er mikil spennan á milli þeirra en þau vonast til að höggva á hnútinn í sumarfríinu. Paul er mjög hamingjusamur um þessar mundir og öll vandræði virðast tilheyra fortíðinni,“ sagði nánin vinur bítalsins fyrrverandi í samtali við News of the World.

Endurnýja kynnin

Breska blaðið Mail on Sunday hélt því fram í gær að söngkonan smávaxna Kylie Minogue og franskur leikarinn Olivier Martinez væru að hittast á laum. Þaríð hætti sem



KYLIE OG OLIVIER Sögð farin að hittast á nýjan leik í rómantískum hugleiðingum en því hefur verið vísað á bug.

kunnugt er saman í febrúar eftir að upp komst um framhjáhalda leikarans með baðfatafyrirsætunni Sarai Givati en þá hafði Kylie nýlengið krabbameinsmeðferð. Þetta hliðarspor varð Martinez mikill álitshnekkir og uppskar hann meðal annars uppnefnið Le Rat í frönskum fjölmiðlum eða Rottan.

Þótt þau hafi hætt saman við frekar eldfimar aðstæður hafa þau haldið góðu sambandi og hefur Oliver leyft Kylie að gista í íbúð sinni í París. Þau hafa þó aldrei verið á sama tíma í borginni en nú þykist Mail on Sunday hafa komist á snóðir um að lengi lífi í gömlum glæðum. „Þau hafa talað saman í síma en reynt að halda ákveðinni fjarlægð frá hvort öðru þar til nú. Það væri frábært ef þau næðu saman aftur,“ sagði heimildarmaður blaðsins. Talsmaður Kylie vísaði þessu alfarið á bug. „Þau hafa alltaf hist reglulega og á því hefur engin breyting orðið. Þau eru ekki byrjuð saman aftur,“ sagði hann.



SNOOP Lifir tvöföldu lífi; annars vegar sem fjölskylduafar og hins vegar sem glæparappari. Nýr raunveruleikabáttur verður bráðum sýndur um rapparann góðkunna.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Heimilislíf hundsins á skjáinn

Rapparinn Snoop Dogg hyggst sýna á sér nýjar hliðar í raunveruleikabætti sem hefur göngu sína sjónvarpsstöðinni E!

Þættirnir eiga að sýna hversu erfitt það er að samþætta fjölskyldulífið við rapparalífsstílinn sem oftar en ekki snýst um iturvaxnar konur, skart, flotta bíla og glæpi. Snoop er þriggja barna faðir og þjálfari unglingsliðs í bandarískum ruðningi. Þar með er þó ekki öll sagan sögð því Snoop fékk nýlega fimm ára skilorðsbundinn dóm og var gert að inna af hendi átta hundruð stunda samfélagsþjónustu fyrir að bera skotvopn og hafa fíkniefni í sinni vörslu. Snoop lýsti sig sekan við dómtöku og var dómurinn í samræmi við það. Málið dró nokkurn dila á

eftir sér og var honum meðal annars meinað að koma til Bretlands þar sem hann hugðist halda tónleika með góðvini sínum P. Diddy. Áströlsk stjórnmöld veittu honum ekki heldur vegabréfsáritinu vegna þessa sama máls.

„Þetta eiga eftir að vera að hrikalega myndir og hjartnæmir þættir,“ segir Ted Harbert, yfirmaður Comcast Entertainment Group sem á og rekur sjónvarpsstöðina E!, en hann er algjörlega óhræddur við ólíkindatölu Snoop. „Við teljum að einmitt þessar andstæður í lífi hans, utan sviðs og á því, eigi svo sannarlega erindi við áhorfendur okkar,“ bætir Harbert við.

Það er varla ofsögum sagt að Snoop Dogg sé umdeildur í sínu fagi. Hann fæddist árið 1971 í Kaliforníu og hans rétta nafn er Calvin Broadus. Snoop-nafnið er

hins vegar komið frá velþekktri persónu í teiknimyndasögu sem Calvin var löngum nefndur eftir í æsku. Snoop hefur verið fremstur í flokki rappara um árabil og hefur ósjaldan vísað til bágra aðstæðna blökkumanna í Bandaríkjunum sem fylla fangelsin og stunda glæpi á götum úti milli þess sem þeir skjóta hver annan.

Rapparinn nafntogaði hefur margt komist í kast við lögin og fémínistar á Íslandi mótmæltu meðal annars harðlega komu hans hingað til lands vegna þess hvernig konur væru sýndar í myndböndum hans. Sjálfur hefur rapparinn staðið fyrir framleiðslu klámmýnda en hefur sagt skilið við þá iðju enda var kona hans til tíu ára, Shante Taylor, ekki þar hrifin af slíku. Þá var réttað yfir Snoop í morðmáli árið 1993 en kvíddómur komst að þeirri niðurstöðu að hann væri saklaus.

Gæti öskrað á aðstoðarmanninn

Bandaríska rappstjarnan P Diddy hefur sett inn skilaboð á Myspace-síðu sína um að hann sé að leita að nýjum aðstoðarmanni. Kappinn, sem heitir réttu nafni Sean Combs, hefur beðið umsækjendur um að senda inn þriggja mínútna myndskipið þar sem þeir lýsa því hvers vegna þeir ættu að fá starfið.

Diddy varar umsækjendur við því að hann geti verið erfiður í umgengni og að hann muni eflaust öskra á aðstoðarmann sinn á stundum og láta hann vinna langan vinnudag. „Þið vitið að ég er sá besti og ég vil líka vinna með þeim bestu,“ sagði hann af einskærri högværð.

Um tuttugu umsækjendur hafa þegar sett inn myndskipið í gegnum vefsíðuna YouTube. Spurður hvers vegna hann notaði ekki venjulegar



P DIDDY Rapparinn góðkunni hefur beðið umsækjendur um starf aðstoðarmanns að senda myndskipið af sér inn á Myspace-síðu hans.

viðtalsaðferðir í leitinni að starfsmanni sagði hann: „Þetta er ný öld, nýr tími, nýtt tímabil. Þið getið gleymt því að þurfa að koma á skrifstofuna mína sveittir í lófunum af stressi.“

Perez orðinn frægur

Slúðurbloggarinn Perez Hilton er ansi oft fyrstur með slúðurfréttirnar og er svo vinsæll að hann er nánast orðinn frægur sjálfur. Í vikunni var hann fenginn í viðtal í þáttinn The View sem Barbara Walters sér um. Það var þó ekki Walters sem tók viðtalið við Perez heldur Whoopi Goldberg sem var gestastjórnandi í þættinum.

Perez fékk þó að hitta Walters, sem hann virðist dýrka og dá. „Ég fékk að hitta hana baksviðs. Barbara tók sér smá tíma til þess að koma og heilsa upp á Perezinn. Hún er góðsögn í lifanda lífi og klassadama!“

Barbara hættir bráðum sem stjórnandi þáttarins og mikið hefur verið spáð og spekúlerað um það hver muni taka við. Þá hafa til dæmis verið nefndar þær Rosie O'Donnell og Ivanka Trump, dóttir Donalds karlsins Trump.



PEREZ HILTON Hann bloggar um fræga fólk en er orðinn svo vinsæll og frægur sjálfur að bráðum þarf einhver að fara að blogga um hann.



HEDI SLIMANE Tískuhönnuðurinn frægi undirbýr gallerísýningu og viðurkennir um leið að hafa átt erfiða æsku.

Leið illa í æsku

Tískuhönnuðurinn Hedi Slimane hefur viðurkennt að hafa liðið ansi illa sem unglingur. Slimane er þekktur fyrir að hafa komið Dior Homme almennilega á kortið með þröngu jakkafötunum sínum. Æskan virðist vera Slimane hugleikin þar sem hann var þekktur fyrir að ráða unglegar fyrirsætur á tískusýningar og nú undirbýr hann gallerísýningu sem tengist æskunni. Í viðtali við tímaritið Dazed and Confused spurði Jefferson Hack Slimane út í þessa æskudýrkun hans og hvort hann saknaði sinna æskuára. „Alls ekki,“ sagði Slimane. „Mér leið alveg hrikalega þegar ég var sextán. Ég

var algjör einfari og læsti mig inni í herbergi. Mér leið frekar illa því ég var svo grannur. Fólk hélt ég væri veikur og reyndi að mata mig eins og gæs. Þetta var í rauninni frekar sorglegur tími,“ sagði Slimane sem er að nálgast fertugt í dag.

Í stað þess að taka sér frí eftir að hann hætti hjá Dior hefur hann verið að vinna við ljósmyndir og bækur og opnar bráðlega sýningu í Berlín. Sýningin heitir „Sweet Bird of Youth“ og hefur Slimane fengið fimmtán listamenn til að sýna svart/hvítar ljósmyndir sem tengjast ungdómi og æskumissi.

Clarkson þarf aldrei að vinna frammar



KELLY CLARKSON

Söngkonan og fyrrverandi Idol-sigurvegarinn Kelly Clarkson segist vera orðin svo rík eftir velgengi undanfarinna ára að hún þurfi aldrei að vinna handtak aftur á ævinni, kæri hún sig um að fara þá leið. Clarkson kveðst hafa lagt svo vel fyrir síðan hún sló fyrst í gegn í Idol-keppninni að hún gæti lifað af vöxtunum á bankainni-stæðunni það sem eftir lifir.

„Ég er búin að spara og spara. Þegar ég vann Idolið fór ég að vinna með fjármálaráðgjafa. Hann spurði mig hvað ég vildi og ég sagði honum að ég þyrfti peninga. Fyrir tveimur árum náðum við því markmiði sem við settum okkur,“ segir Clarkson.

Dýrasta hús Bandaríkjanna til sölu

24 þúsund fermetra einbýlishús, sem fjölmiðlakóngurinn fyrrverandi, William Randolph Hearst, bjó í um árabíl, er til sölu fyrir 165 milljónir dollara, tæpa 10 milljarða íslenskra króna, sem er hæsta verð sem nokkurn tíma hefur verið sett á hús í Bandaríkjunum. Núverandi eigandi er fjárfestirinn Leonard Ross, sem hefur endurnýjað húsaástandinn mikið á síðustu árum og fært það í nútímalegri stíl. Að sögn fasteignasalans Stephens Shapiro er Ross að selja húsið vegna þess að hann vill breyta lífsstíl sínum. Húsið var byggt árið 1927 en Ross hefur átt það í 31 ár. „Allt hefur verið endurnýjað í húsinu en sjarminn frá 1930 lifir enn. Þetta hús er einstakt,“ segir fasteignasalinn.

Alls eru 29 herbergi í húsinu, þar af fjögur lítill gestahús. Aðalbyggingin er í laginu eins og stafurinn H, í höfuðið á áður nefndum Hearst. Í húsinu er að finna stóran bíósal, skemmtistað og þrjár sundlaugar. Í því er einnig að finna tveggja hæða bókasafn, átta arna, tvo tennisvelli og fullkomnasta



ÓTRÚLEGT HÚS Aldrei hefur jafn dýrt hús verið sett á sölu í Bandaríkjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þjófavarnarkerfi sem fyrirfinnst. Talið er að engin önnur villa af þessari stærðargráðu standi enn í hlíðum Beverly Hills.

DEBENHAMS

20% afsláttur!

Í dag og á morgun fá handhafar e-korta og e² Vildarkorta 20% afslátt af öllum vörum í DEBENHAMS, nema snyrtivörum. Einnig fá kortahafar 20% viðbótarafslátt af útsöluvörum.

EINNIG:
20%
viðbótarafsláttur
af útsöluvörum



KORT
www.ekort.is



VILDARKORT
www.e2.is



NÝTT Í BÍÓ!

LÚXUS



HÖRKUSPENNANDI GRÍNMYND FRÁ LUC BESSON



STJERSTA GRÍNMYND SUMARSINS

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000		REGNBÖGINN SÍMI 551 9000		
HARRY POTTER	kl. 3-4-6-7-9-10	10	TAXI 4	kl. 6-8-10
HARRY POTTER LUXUS	kl. 3-6-9	10	THE LOOKOUT	kl. 5.50-8-10.10
EVAN ALMIGHTY	kl. 4-6-8-10	10	DIE HARD 4.0	kl. 5.30-8-10.40
DIE HARD 4.0	kl. 5-8-10.45	14	PREMONITION	kl. 5.45-8
FANTASTIC FOUR 2	kl. 3		FANTASTIC FOUR 2	kl. 10.15

HÁSKOLABÍÓ SÍMI 530 1919		ALFABAKKA SÍMI 462 3500		
TAXI 4	kl. 6-8-10	1408	kl. 8-10	
1408	kl. 5.50-8-10.10	16	EVAN ALMIGHTY	kl. 6-8
DIE HARD 4.0	kl. 5.15-8-10.45	12	DIE HARD 4.0	kl. 5.40-10

MIDASALA Á midi.is BÍÓ,IS



UPPREISIN ER HAFIN



ALFABAKKA	
HARRY POTTER 5	kl. 2-3:30-5:30-8-9:30-11
HARRY POTTER 5	kl. 2-5-8-11 DIGITAL
HARRY POTTER 5	kl. 2-5-8-11 VIP
EVAN ALMIGHTY	kl. 2-4-6-8-10:10
BLIND DATING	kl. 8

KRINGLUNNI		AKUREYRI	
HARRY POTTER 5	kl. 4-5:15-7-8:15-10-11:15	HARRY POTTER 5	kl. 6-8-10
SHREK 3 M/ISL TAL	kl. 4	SHREK 3 M/ISL TAL	kl. 6
SHREK 3 M/Ensku TAL	kl. 6		
PIRATES 3	kl. 8	HARRY POTTER 5	kl. 6-9
OCEAN'S 13	kl. 11:15	EVAN ALMIGHTY	kl. 8
		DIE HARD 4	kl. 10
		SHREK 3 M/ISL TAL	kl. 6

KEFLAVÍK	
HARRY POTTER 5	kl. 6-9
EVAN ALMIGHTY	kl. 8
DIE HARD 4	kl. 10
SHREK 3 M/ISL TAL	kl. 6

VIP SALURINN ER BARA LUXUS ER STAÐSETTUR Í SAMHÖNUM ALFABAKKA

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

BYGGÐ Á SÖGU STEPHEN KING

EVAN ALMIGHTY

LAUGARÁS BÍÓ - SYNINGARTÍMAR

1408	kl. 6, 8 og 10	16
EVAN ALMIGHTY	kl. 4, 6, 8 og 10	L
DIE HARD 4.0	kl. 7.30 og 10	14
SHREK 3 íslenskt tal	kl. 4 og 5.45	L
ÚTI ER EVINTÝRI	kl. 4 (450 kr.)	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

Meiri húmor í næstu Bond-mynd

Daniel Craig, nýjasti leikarinn sem bregður sér í hlutverk James Bond, hefur lofað að bæta meiri húmor verði að finna í næstu kvikmynd sem gerð verður um sendiherra hennar hátignar. Craig þótti standa sig mjög vel í sinni fyrstu kvikmynd sem Bond, Casino Royale, en einhverjir höfðu á orði að myndu atriðin væru mun færri en í flestum hinum myndunum um kappann. Craig segir að þær

skoðanir aðdáenda verði hafðar til hlíðsjónar í 22. myndinni sem gerð verður um Bond. „Framleiðendurnir vilja fleiri brandara og ég get lofað því að næsta mynd verður mun fyndnari en Casino Royale,“ segir Craig, sem mun að sjálfsgöðu leika titilhlutverkið



á ný. „Við þurfum á nafna-bröndurum á borð við Octopussy og Pussy Galore að halda í hverri einustu mynd,“ bætti Craig við í viðtali við Daily Express í Bretlandi.

DANIEL CRAIG Segist sjálfur geta verið býsna fyndinn þegar þörf krefur. Á það mun reyna í næstu mynd sem gerð verður um James Bond.

Victoria í stríð við Murphy

Kryddgellan Victoria Beckham lætur bandaríska gamanleikarann Eddie Murphy fá það öpvegið í raunveruleikættinum Victoria Beckham: Coming to America.

Ef til vill er það tilviljunin ein að þátturinn skuli bera þetta nafn og að nafn Murphys skuli bera á góma en ein frægasta mynd hans heitir einmitt Coming to America. Bresku blöðin voru stúf full af fréttum um Beckham-hjónin um helgina enda hefur hálfgerð Beckham-æði gripið um sig þar vestra. News of the World greindi hins vegar frá því í gær að Beckham hygðist ekki koma sér í mjúkinn hjá stórstjörnunum í Hollywood og fyrsta fórnarlamb hennar er sjálfur Eddie Murphy. Murphy er Kryddstúlkunum að góðu kunnur en hann átti í fremur stormasömu sambandi við Melanie Brown eða Mel B. Upp úr sambandinu slitnaði þegar gamanleikarinn hélt framhjá söngkonunni og sagði henni síðan upp í hollenskum sjónvarpsþætti. Mel gekk þá með barn þeirra en Murphy vildi ekki gangast við því og krafðist fadernisprófs. Niðurstöðurnar úr því komu í ljós nýlega og reyndist Eddie vera fadírinn. Og Victoria hefur nú hellt olíu á eldinn með ummælum sínum í áður nefndum sjónvarpsþætti. Þar segir hún Eddie vera aðalskíthælinn í Hollywood og henni myndi ekki þykja neitt ánægjulegra en að skera undan



VICTORIA Lætur Murphy fá það öpvegið í nýjum raunveruleikætti.

gamanleikaranum. Í einu atriðinu bakar Victoria eplaböku og aðstoðarkona hennar spyr stjórnuna hvort hún myndi hrækja í matinn hjá Murphy. Og Victoria svaraðir að bragði: „Myndi ekki hika við það.“ Fréttaskýrendur í Hollywood eru sannfærðir um að þetta sé þaulhugsað hjá Victoriu enda ætli hún sér að verða umdeild persóna í Bandaríkjunum. „Þetta er stríðsýfirlýsing og hún er nógu hugröck til að standa við orð sín,“ segir í News of the World.

Margt annað ber á góma í þættinum, meðal annars fram að Tom Cruise hafi frætt Beckham-hjónin um Vísindakirkjuna en Victoria vísar því alfarið á bug að hann hafi reynt að snúa þeim til trúar sinnar. Þá sprakk Victoria úr hlátri þegar henni voru sýndar nýjustu myndirnar af þeim Beckham-hjónum en þær þykja í djarfari kantinum.

MEL B Stúlkurnar standa saman og henni þykir eflaust vænt um þessi orð Victoriu.

Auðsprengjanleg bóla

Ef það er eitthvað sem breska tónlistarpressan elskar þá er það að búa til nýjar oflofsbólur í kringum hljómsveitir. Fremst þar í flokki fer tímaritið NME sem nefnir annað hvert band þar í landi „the next big thing“. Nýjasta fórnarlambið er hljómsveitin The Twang en samkvæmt lista sem spekingar BBC gerðu í upphafi árs var sveitin í öðru sæti yfir þá tónlistarmenn og hljómsveitir sem líklegar þóttu til vinsælda árið 2007. Mika trónaði þar á toppnum.

En hvað er það í tónlist The Twang sem gefur þessum spekingum þessa von? Í fyrsta lagi er The Twang alveg óendanlega bresk, allt frá hreim söngvarans (minnir reyndar ískyggilega mikið á söngvara OMC sem áttu smellinn How Bizarre, nema að Twang-söngvarinn er örlítið breskari) yfir í lagaheitin. Í öðru lagi leitar The Twang í smíðjur eldri bólu-sveita frá Bretlandi. Helst ber að nefna Manchester-senuna, Oasis og Echo & the Bunnymen. Þannig hélt ég til

dæmis að lagið Wide Awake væri ábreiða þegar ég hlustaði á það í fyrsta skipti. Svo kunnulega hljómaði lagið. Og í þriðja lagi þá hafa meðlimir The Twang verið nokkuð óstýrilátir í breskum fjölmiðlum. Blótuðu sem dæmi frá sér allt vit í þætti á BBC og hafa svo verið að rífa kjaft um aðstöðuleysi á breskum klúbbum auk þess sem þeir eru óhræddir við að upphefja sjálfa sig.

Hvað stendur þá eftir? Tónlist The Twang er engan veginn nýstárleg og á aldrei eftir að gera eins mikinn usla og fyrsta verk sveita á borð við Stone Roses, Oasis, Happy Mondays og The Streets sem piltarnir segjast líta mikið upp til.

Þessi frumburður The Twang er hins vegar langt frá því að vera eitthvað meðalmennskuslor. Löggin eru mörg hver hrífandi og gripandi og platan rennur ljúfenglega í gegn. Hefði ekki verið betra að gefa The Twang aðeins látlausari umfjöllun og sanngjarnari? Í staðinn hefur verið búin til verðlaus bóla sem



TÓNLIST

Love It When I Feel Like This

The Twang

★★★

Enn ein bólan frá Bretlandi sem nær ekki að standa undir nafni. The Twang er samt meira en einungis allt-í-lagi-hljómsveit.

er fljót að springa. Er furða þó maður sé hættur að taka mark á þessum oflofsbólum Bretanna.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

Slash spenntur fyrir nýju plötunni

Gítarleikarinn Slash segist ánægður með að hans gamla hljómsveit Guns N' Roses sé að gefa út nýja plötu, þrátt fyrir að hann hafi yfirgefið sveitina með illu fyrir meira en tíu árum síðan. Slash og Axl Rose lentu í ágreiningi á sínum tíma um tónlistarstefnu sveitarinnar, sem olli því að upp úr vinskapa þeirra slitnaði og þeir hafa lítið sem ekkert talast við síðan þá. Eins og kunnugt er mun fyrsta plata Guns N' Roses í fjórtán ár koma út síðar á árinu en segja má að lítið sé eftir af hinu upprunalegu bandi nema söngvarinn Axl Rose.

Þrátt fyrir að Slash vilji með

engu móti koma að gerð nýju plötunnar viðurkennir gítarleikarinn hárrúði að hann geti ekki beðið eftir því að heyrja afraksturinn. „Ég er viss um að það verður magnað rokk sem við fáum að heyrja á nýju plötunni. Ég þekki Axl og hvað hann getur gert í tónlist. Ég hlakka mikið til að heyrja nýju lögin,“ segir Slash.



AXL ROSE Farinn að eldast en getur vel sungið ennþá.

SLASH Hefur mest verið að spila með hljómsveitinni Velvet Revolver eftir að hafa yfirgefið Guns N' Roses.

J-Lo huggar Victoriu

Jennifer Lopez og Victoria Beckham segjast báðar eiga ósköp bág á stundum vegna þeirra byrða sem frægðin leggur á þær. Jennifer sagði nýlega frá samtali sem þær áttu þar sem hún hughreysti Victoriu. „Victoria sagði við mig: „Fólk gæti aldrei ímyndað sér að þú sért óörugg. Ertu það? Vegna þess að ég er það.“ Ég sagðist vera mjög sjálförugg en að ég ætti þó mínar stundir þar sem ég þjádíst af óöryggi,“ sagði J-Lo, sem gaf Victoriu gott ráð. „Þú verður að meta vel þinn persónuleika og vera viss um að þú hafir eitthvað sérstakt og öðruvísi sem enginn annar hefur,“ sagði hún við frú Beckham. „Ó, ég elska að heyrja



JENNIFER LOPEZ

þetta! Það sem þú ert að segja er svo frábært,“ sagði Victoria að sögn J-Lo, sem greinilega lumar á gullmolum.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Brad Pitt er sagður hafa miklar áhyggjur af því ástandi sem unnusta hans, **Angelina Jolie**, er komin í, en leikkonan hefur aldrei verið léttari og mun þjást af anorexíu á háu stigi. Veikindin eru orðin það alvarleg að Jolie neitar að borða fast fæði og þjáist stöðugt af ógleði sé hún þínd til að borða. „Hún er að ganga frá sjálfri sér og Brad veit ekki hvað hann á að gera,“ segir ónefndur vinur þeirra hjóna við slúðurblað ytra.



Kryddþían **Gerí Halliwell** er komin á fast með 26 ára gömlum Rússa að nafni **Evgeny Lebedev**. Sá er nokkuð þekktur í heimalandi sínu fyrir að vera sonur auðkífingsins Alexander Lebedev og mun hann erfa hundruð milljarða þegar faðir hans fellur frá. Gerí ætti því að vera vel sett fjárhagslega, fari svo að endurkoma Spice Girls í lok ársins fari ekki eins vel og vonir standa til. Sá sem kynnti Gerí og Lebedev yngri fyrir hvort öðru var enginn annar en **Roman Abramovich**, eigandi fótboltaliðsins Chelsea, en hann mun vera sameiginlegur vinur þeirra beggja.



SÓFADAGAR!
Allir sófar á afslætti

VIOLINO leðursófar og stólar · LANE sófar · Svefnsófar · SIT & JOY grjónapúðar og grjónastólar

Mr. Skallagrímsson

Sýningar í júlí

13. kl. 20 Uppselt,
14. kl. 15 Uppselt,
14. kl. 20 Uppselt

Sýningar í ágúst

lau 11. kl. 20 Uppselt,
su. 12. kl. 15 aukasýning,
su. 12. kl. 20,
lau. 18. kl. 20 Uppselt
su. 19. kl. 15 aukasýning,
su. 19. kl. 20,
lau. 25. kl. 20,
su. 26. kl. 20,
fi. 30. kl. 20,
fö. 31. kl. 20 Uppselt

September

lau 8. kl. 20,
su 9. kl. 20,
fö 14. kl. 20,
lau 15. kl. 20,
lau 22. kl. 20,
su 23. kl. 20,
fö 28. kl. 20,
lau 29. kl. 20



LYSTADÚN
Marco

Opið virka daga 10–18 og laugardaga 11–15

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, s: 471 2954

> Sex stiga slagur í Smáranum

HK og Víkingur hafa bæði verið í miklum vandræðum í síðustu leikjum sínum í Landsbankadeildinni og úrslitin í innbyrðisleik liðanna á Kópavogsvellinum í kvöld eru líkleg til að þess hafa mikið að segja um örlög liðanna í deildinni. Víkingur hafa tapað fimm leikjum í röð þar af fjórum þeirra í deildinni þar sem liðið hefur fengið á sig 12 mörk. HK hefur tapað þremur leikjum í röð þar af tveimur þeirra í deildinni með markatölunni 1-7. Það er því gríðarlega mikilvægt fyrir bæði lið að enda þetta slæma gengi með góðum úrslitum í kvöld.

sport
sport@frettabladid.is



HANDBOLTAKONAN ANNA ÚRSÚLA GUÐMUNDSDÓTTIR: LEIKUR SÉR Á FÓTBOLTAÆFINGUM HJÁ KR

Hvöldin er erfiðasti tími ársins fyrir mig

Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, línumaður íslenska landsliðsins og besti leikmaður DHL-deildar kvenna í handbolta á síðasta ári, hefur tekið aftur upp markmannshanskana í fótboltanum.

Anna æfir nú með meistaraflokki KR í Landsbankadeild kvenna í forföllum Berglindar Magnúsdóttur sem meiddist á hné í leik gegn Stjörnunni í lok síðasta mánaðar. Þetta kemur fram á heimsíðu KR. „Þá vantaði markmann. Vinkonur mínar í liðinu töluðu við mig og spurðu mig hvort ég væri til í að vera í markinu á nokkrum æfingum,“ sagði Anna Úrsúla og bætti við: „Mér finnst þetta svo skemmtilegt þannig að ég sló bara til. Ég ætla ekki að spila neina leiki. Ég verð bara að leika mér með þeim á æfingum þannig að þær geti spilað á tvö mörk.“ Anna segir það hafa verið erfitt að velja á milli greinanna á sínum tíma.

„Þetta var fánlega erfið ákvörðun hjá mér á sínum tíma þegar ég þurfti að velja á milli. Ég var komin líka í landsliðið í fótboltanum. Maður segir stundum hvað ef,“ segir Anna sem gat ekki horft upp á markmannshanskana og losaði sig við þá. „Ég fékk lánaða markverði strákanna. Ég gat ekki horft upp á gömlu hanskanu því þeim fylgdi bara sár minning.“ Anna segist eiginlega vera að stelast í fótboltann. „Ég á að vera í hvíld. Mér líður miklu betur í skrokknum í fótboltanum og finn ekkert fyrir

meiðslunum sem eru að angra mig í handbolta. Þetta eru allt öðruvísi hreyfingar og ég er ekkert að spretta mikið. Ég bara að reyna að hoppa til og frá,“ segir Anna hlæjandi.

„Það er ekkert smá erfitt fyrir mig að hvíla mig. Þetta er eiginlega erfiðasti tími ársins fyrir mig. Þessi hvíld er alveg að fara með mig. Ég saknaði þess svo að spila hvort sem er handbolta eða fótbolta. Það var nauðsynlegt að komast í eitthvað,“ segir Anna og bætti við: „Við byrjum að hlaupa í handboltaum í næstu viku og ég á að prófa að hlaupa með þeim. Það er samt enginn handbolti strax heldur bara hlaup og úthaldsæfingar,“ segir Anna að lokum.



Keflavíkuvöllur, áhorf.: 2330 Jóhannes Valgeirsson. (8)

1-0 Símun Samuelsen (79.)
1-1 Björgólfur Takefusa (82.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	20-12 (8-8)
Varin skot	Ómar 6 - Stefán Logi 6
Horn	12-6
Aukaspymur fengnar	16-12
Rangstöður	0-2

KEFLAV. 4-4-2	KR 4-5-1
Ómar Jóhannsson 7	Stefán Logi Magnúss. 7
Branislav Milicevic 6	Guðmundur Reynir 7
Guðmundur Mete 7	Tryggvi Bjarnason 7
Nicolai Jørgensen 7	Gunnlaugur Jónsson 7
Guðjón Antoníuss. 5	Eggert Rafn Einarss. 7
Símun Samuelsen 5	Sigmundur Kristjánss. 7
Hallgrímur Jónass. 4	Ásgeir Örn Ólafsson 5
(85., Högni Helgas. -)	Kristinn Magnússon 5
*Baldur Sigurðss. 7	Rúnar Kristínsson 4
Marko Kotilainen 4	(82., Grétar Hjartars. -)
Guðmundur Steinar. 4	Skúli Jón Friðgeirss. 5
Þórarinn Kristjánss. 2	(82., Óskar Örn H. -)
(61., Einar Orri Ein. 4)	Guðmundur Péturss. 6
	(72., Björgólfur Tak. -)

*Maður leiksins

STAÐAN

Landsbankadeild karla

FH	10	7	2	1	21-10	23
Valur	9	5	3	1	19-10	18
Keflavík	10	5	3	2	17-12	18
ÍA	10	4	3	3	17-15	15
Fylkir	9	3	3	3	7-8	12
Breiðablik	9	2	4	3	11-8	10
HK	9	3	1	5	6-16	10
Fram	9	2	2	5	10-14	8
Víkingur	9	2	2	5	8-15	8
KR	10	1	3	6	8-16	6

MARKAHÆSTU MENN

Helgi Sigurðsson, Val	7
Tryggvi Guðmundsson, FH	6
Bjarni Guðjónsson, ÍA	5
Matthías Guðmundsson, FH	5
Símun Eiler Samuelsen, Keflavík	5
Þórarinn Kristjánsson, Keflavík	4
Sinisa Kekic, Víkingi	4
Arnar Gunnlaugsson, FH	4
Magnús Páll Gunnarsson, Breiðablik	4
Jónas Grani Garðarsson, Fram	4
Hjálmar Þórarinnsson, Fram	4

10. umferðin klárast í kvöld með þremur leikjum: Fylkir-Breiðablik (19.15), HK-Víkingur (19.15) og Fram-Valur (20.00).

1. deild karla

Grindavík	11	8	2	1	22-8	26
Fjarðabyggð	11	7	2	2	13-5	23
Þróttur R.	10	6	1	3	21-12	19
Fjölnir	10	5	2	3	25-14	17
ÍBV	10	4	4	2	12-10	16
Stjarnan	10	4	3	3	20-14	15
Þór Ak.	10	3	3	4	20-21	12
Leiknir R.	10	2	3	5	13-15	9
Njarðvík	10	1	5	4	11-18	8
Víkingur Ó.	10	2	2	6	8-19	8
Reynir S.	10	1	4	5	11-23	7
KA	10	1	3	6	4-21	6

MARKAHÆSTU MENN

Hjörtur Júlíus Hjartarson, Þrótti	9
Guðjón Baldvinsson, Stjörnunni	8
Jakob Spangsbjerg Jensen, Leikni R.	8
Hreinn Hringsson, Þór Ak.	7

11. umferðin klárast í kvöld með fimm leikjum: Þróttur R.-Reynir S. (18.00), Fjölnir-ÍBV (19.00), KA-Þór (19.15), Víkingur Ó.-Leiknir R. (20.00) og Njarðvík-Stjarnan (20.00)

KR-ingar sóttu stig suður með sjó

Keflavík og KR skiptu með sér stigunum í Keflavík í gær. Lokatölur 1-1 í frekar jöfnum leik. KR klúðraði víti í leiknum og er enn neðst í Landsbankadeildinni tveimur stigum á eftir Víkingi og Fram.

FÓTBOLTI Neðsta lið Landsbankadeildarinnar, KR, náði í gott stig gegn Keflavík í gær en KR-skútan hefur ekki alltaf fiskað vel í Bítla-bænum. KR er þrátt fyrir það enn neðst í deildinni en stigin tvö reynast Keflavík einnig dýr í eltingar-leiknum við FH.

Fyrri hálfleikur var frekar bragðdaufur. Keflavík stýrði umferðinni gegn varnarsinnuðum KR-ingum. Baldur Sigurðsson var geysiöflugur á miðjunni en KR-vörnin gerði vel í að loka á kantspil Keflvíkinga. KR-vörnin var að sama skapi í miklum vandræðum með föst leikatríði heimamanna og Baldur var í tvígang nærri því að skora með skalla.

Sigmundur Kristjánsson var mjög líflegur í sókninni hjá KR og nær allar sóknaraðgerðir Vesturbæinga fóru í gegnum hann. KR fékk víti á 35. mínútu þegar brotið var á Kristni Magnússyni. Ómar Jóhannsson varði arfaslaka spyrnu Rúnars Kristínssonar auðveldlega og markalaust í leikhléi.

Það var KR sem stýrði umferðinni fyrri hluta síðari hálfleiks en örvæntingarfullir Keflvíkingar voru nánast búnir að leggja niður vopnin í sókninni en blessunarlega fyrir heimamenn stóð vörnin vaktina ágætlega.

Heimamenn hresstust síðan um miðjan hálfleikinn og komust yfir ellefu mínútum fyrir leikslök þegar Símun átti frábært skot sem hafnaði neðst í markhorninu. Gott mark hjá Færeyingnum sem hafði nákvæmlega ekkert komist áleiðis þar til hann skoraði.

„Það er erfitt að koma hingað og



taka stig. Ég er þökkalega sáttur við okkar leik. Við vorum skynsamir og gerðum það sem var lagt upp með,“ sagði Rúnar Kristínsson, leikmaður KR, frekar svekktur en hann klúðraði vítaspyrnu í leiknum.

„Ég ætlaði bara að setja boltann í mitt markið og markvörðurinn stóð kyrr. Það var nú ekkert flóknara en það. Þetta var lélegt víti,“ sagði Rúnar.

KR átti einn sinn skásta leik í sumar. Vörnin hélt vel, miðverðirnir voru traustir og bakverðirnir ungu geysiöflugir. Pétur Marteinsson var loksins tekinn úr liðinu en tryggð Teits við Pétur hefur verið aðáunaverð miðað við spilamennsku Péturs sem hefur lítið getað. Teitur hefur hingað til ekki verið að veðja á réttu hestana en þetta var skref í rétta átt.

Baldur Sigurðsson var bestur í óvenju dauðu Keflavíkurliði. „Við

LOKUÐ AUGU Keflvíkingurinn Guðmundur Steinarsson hefur lokað augunum og misst af boltanum en KR-ingurinn Tryggvi Bjarnason er með á nótunum og skallar boltann frá markinu.



MARKIÐ EKKI NÓG Símun Samuelsen kom Keflavík yfir á 79. mínútu með sínu fimmta marki í sumar en það dugði ekki til sigurs.

erum á heimavelli gegn neðsta liðinu og þá eigum við að vinna. Við komumst þess utan yfir en missum það niður og það er alveg glórulaust. Ég er hundfúll,“ sagði Baldur en Keflvíkingar voru skugginn af sjálfum sér gegn Þrótti og nokkuð vantaði á fyrri kraft í leiknum í gær og liðið skapaði sama sem ekki neitt.

„Nánast öll lið í deildinni eru farin að bakka meira en áður gegn okkur en við erum samt að skora en því miður erum við ekki að halda hreinu. Skagaleikurinn situr ekki í mér en ég veit ekki með hina. Það er ekki hægt að keyra á sama hraða gegn liðum sem bakka mjög djúpt og þá þarf þolinmæði og við erum að glíma við það vandamál,“ sagði Baldur.

Grindavík og Fjarðabyggð gerðu markalaust jafntefli í toppslag 1. deildar í Grindavík í gær:

Tvö töpuð stig fyrir okkur Grindvíkinga

FÓTBOLTI Fjarðabyggð varð fyrsta liðið til að sækja stig til Grindavíkur í 1. deild karla í sumar en liðin gerðu markalaust jafntefli í gær.

Grindvíkingar voru sterkari aðilinn og sköpuðu sér hættulegri færni en gestirnir að austan sem hafa verið spútniklið sumarsins spiluðu skynsaman varnarleik en voru samt alltaf hættulegri í sínu skyndisóknnum.

Þessi úrslit hindruðu það að Grindavík stingi af á toppnum en Fjarðabyggð hefur jafnframt sex stiga forskot á Fjölni í baráttunni um efstu þrjú sætin en Grafarvogsbúar eiga leik inni líkt og Þróttur sem er fjórum stigum á eftir Fjarðabyggð í þriðja sætinu. „Við vorum að mæta liði sem eru sterkt. Þeir ætluðu sér greini-

lega stig í dag, þetta var gott stig fyrir þá en tvö töpuð stig fyrir okkur. Við fáum alveg færni á að setja þá en á móti svona liði verður að klára færin. Svo loksins þegar við skorum þá er dæmd rangstaða,“ sagði Óli Stefán Flóventsson, fyrirlíði Grindavíkur, eftir leik. Þrátt fyrir góða stöðu þá segir Óli Stefán mikið vera eftir.

„Við kvörtum ekki yfir stöðunni og þetta er stig í húsi. Við erum ekki búnir að tapa á heimavelli og nú er næst annar heimaleikur á móti Stjörnunni á föstudaginn og það er annar úrslitaleikur. Mótið er samt bara hálfnað en meðan að við höldum haus og höldum áfram að spila svona fótbolta þá hef ég litlar áhyggjur af þessu,“ sagði Óli Stefán.



BARÁTTA Ivan Zgela hjá Grindavík og Andri Þór Magnússon hjá Fjarðabyggð eiga stig í gær.

„Við komum hingað til þess að ná í öll stigin en vissum að það yrði erfitt,“ sagði Þorvaldur Örylgsson, hjálfafrí Fjarðabyggðar er svona tiltölulega sáttur með stigið eftir leikinn.

„Við erum á góðri leið með að halda okkur uppi, erum ennþá að læra á deildina og læra á okkar getu. Þetta eru hörku strákar í þessu liði og maður dáist bara að halgarfarinu hjá þeim. Við vitum alveg að við erum ekki besta liðið en við erum með hörku lið,“ sagði Þorvaldur sem vildi ekki taka dýpra í árinna en játti því þó að hann og liðið myndu fyrir meiri pressu heima fyrir eftir alla velgengni liðsins í sumar.



MARK OG STOBSENDING Frakkinn Florent Malouda byrjar vel með Chelsea.

NORDICPHOTOS/GETTY

Liðin farin að undirbúa sig: Chelsea byrjar vel í Ameríku

FÓTBOLTI Chelsea vann 2-1 sigur á mexíkóska liðinu Club America í fyrsta leik sínum í árlegri Ameríkuferð sinni.

Chelsea lenti undir eftir aðeins þrjár mínútur en nýi maðurinn, Florent Malouda, jafnaði leikinn á 74. mínútu. Það var síðan fyrirliðinn John Terry sem skoraði sigurmörkið sjö mínútum fyrir leikslok.

Terry skallaði þá inn aukaspurnu frá Malouda og það er því óhætt að segja að fransk landsliðsmaðurinn sem Chelsea keypti frá Lyon hafi byrjað vel í Chelsea-búningnum.

- óóó

Suður-Ameríkubikarinn: Mexíkó vann bronsið

FÓTBOLTI Mexíkó vann Úrúgvæ 3-1 í leiknum um þriðja sætið í Suður-Ameríkubikarnum í knattspyrnu í Venúsúela.

Úrúgvæar skoruðu samt fyrsta markið þegar Sebastien Abreu skallaði boltann í netið á 22. mínútu en fjórtán mínútum síðar varð vendipunktur í leiknum.

Þá var fyrirliða Úrúgvæ, Diego Lugano, vikið af velli fyrir olnbogaskot í teignu og Mexíkóar fengu víti. Cuauhtemoc Blanco skoraði úr vítinu og þeir Omar Bravo og Andres Guardado tryggðu síðan Mexíkó bronsið með tveimur mörkum eftir hlé. Mexíkóar eru greinilega á góðri leið undir stjórn Hugo Sanchez.

- óóó



HITTIR EKKI VEL Kevin Durant er framtíðarstjarna NBA-deildarinnar. Hér sést LeBron James fylgjast með honum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Sumardeildir NBA:

LeBron James hafði góð áhrif

KÖRFUBOLTI Sumardeildir NBA eru nú í fullum gangi og þar fá nýliðar næsta tímabils sín fyrstu kynni af deildinni.

Einn af þeim er Kevin Durant, besti leikmaður háskólaboltans í fyrra, sem var valinn annar í nýliðavalinu af Seattle. Það hafði greinilega góð áhrif á Durant að LeBron James kom og horfði á hann spila því hann skoraði 32 stig í 74-85 tapi gegn Golden State Warriors.

Durant, sem hefur aðeins hitt úr 18 af 59 skotum sínum í fyrstu þremur leikjunum, náði líka að gefa sína fyrstu stoðsendingu, sem þótti tíðindi enda hefur kappinn verið afar skotgláður í fyrstu leikjunum.

- óóó

Helga Margrét Þorsteinsdóttir og Einar Daði Lárusson náðu frábærum árangri á HM unglunga í Tékklandi:

Hafa hæfileikana til þess að ná langt

FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR Árangur Helgu Margrétar Þorsteinsdóttur og Einars Daða Lárussonar sýnir að framtíðin er björt í frjálsum íþróttum hér á landi. Bæði fóru þau á HM unglunga og náðu besta árangri sem íslenskt frjálssíðtafólk hefur náð á mótinu sem þessu.

Helga Margrét bætti meyjamatíð og varð í 5. sæti í sjöþraut og Einar bætti drengjamatíð og varð í 7. sæti í áttráut. Bestan árangur fyrir mótíð átti Íris Anna Skúladóttir, sem náði 9. sæti í 1.500 metra hlaupi á HM í Marokkó fríur tveimur árum. Þráinn Hafsteinsson, þjálfari krakkanna úti í Tékklandi, segir mikilvægt að



7. SÆTI Í ÁTTÞRAUT Einar Daði Lárusson.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAFSTEINN ÓSKARSSON

krakkarnir fái nú tækifæri til að fullnýta hæfileika sína.

„Nú er bara spurning hvernig



5. SÆTI Í SJÖÞRAUT Helga Margrét Þorsteinsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

verður haldið á málum með Helgu, Einar og þessa krakka sem eru að standa sig svona vel. Ef við náum

að halda þessum krökkum við efnið og þau verða dugleg og fá allt sem þau þurfa til þess að geta hella sér í þetta hafa þau hæfileikana til þess að ná langt,“ segir Þráinn og bætir við að þau hafi sýnt það á mótinu að þau hafi bæði líkamlegan og andlegan styrk til að keppa meðal þeirra bestu.

„Þau sýndu það bæði Einar og Helga að þau eru hörku keppnisfólk og stóðu sig mjög vel undir mikilli pressu,“ sagði Þráinn, alveg í skýjunum með árangurinn í Tékklandi enda ekki á hverjum degi sem Íslendingar eignast frjálssíðtafólk í heimsklassa.

- óóó

FORKEPPNI MEISTARADEILDAR 2007

FH **GEGN** **HB Tórshavn**
frá Færeyjum
Á KAPLAKRIKAVELLI
MIÐVIKUDAGINN 18. JÚLÍ KL. 20.00
Forsala miða frá kl. 12, í FH-búðinni í Kaplakrika
Miðaverð kr. 1.500.-

Klæðning ehf.
www.klaedning.is

actavis

ÍSLANDSMEISTARAR FH 2004-2005-2006

Fjölmönnum á völinn og styðjum Íslandsmeistara FH



BEINT Á SJÚKRAHÚS Salim Sdiri var fluttur beint á sjúkrahús eftir að hann fékk finnskt spjót í síðuna.

NORDICPHOTOS/GETTY

Gullmót í frjálsum í Róm:

Fékk spjót í síðuna en slapp

FRJÁLISAR Franski langstökkvarinn Salim Sdiri slapp ótrúlega vel þegar misheppnað kast finnska spjótkastarans Tero Pitkamaki endaði í síðu hans.

Sdiri var að hita upp á upphitunarsvæði langstökkvaranna þegar hann fékk spjótið í sig en það hafði þá svifið um 80 metra. Spjótið gekk þrjá sentimetra inn í síðuna á Frakkanum en olli engum teljandi skaða.

Saumuð voru fimm spor í hann, tvö þeirra innvortis og var hann síðan útskrifaður af sjúkrahúsinu daginn eftir. Pitkamaki rann um leið og hann kastaði og spjótið sveigði því mikið af leið.

- 66j



KOMIN Á FULLT Ragna Ingólfssdóttir er búin að ná sér af hnémeiðslunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ragna Ingólfssdóttir:

Tapaði úrslitaleiknum

BADMINTON Íslandsmeistari kvenna í badminton, Ragna Ingólfssdóttir, náði í silfurverðlaun á alþjóðlega Viktoriumótinu í badminton sem lauk í Melbourne í Ástralíu í gær.

Ragna hafði slegið nýsjálenska stúlku út úr átta manna úrslitum og unnið rússneska stúlku í hörku leik í undanúrslitum. Ragna átti hins vegar litla möguleika í Larisu Griga frá Úkraínu, sem vann báðar hrinur nokkuð örugglega, 21-11 og 21-10.

Árangur Rögnu á mótinu er þó mjög góður og það eru gleði-fréttir að hún sé að koma sterk upp eftir meiðslin sem hún varð fyrir á opna hollenska mótinu í vor.

- 66j

Evrópumót 19 ára kvenna: Leikirnir verða á sjö völlum

FÓTBOLTI Evrópukeppni landsliða 19 ára kvenna fer fram á Íslandi og hefst á miðvikudaginn. Keppnin fer fram á sjö knattspyrnuvöllum, þar af fjórum í Reykjavík.

Á Laugardalsvelli verða þrír leikir, þar á meðal annar undanúrslitaleikurinn og úrslitaleikurinn en fyrsti leikur íslensku stelpnanna fer einnig fram þar.

Tveir leikir fara fram í Kópavogi, á Fylkisvelli, í Grindavík, á Akranesi og KR-velli en á þeim síðastnefnda fer fram hinn undanúrslitaleikurinn. Einn leikur fer síðan fram á Víkingsvelli.

- 66j



Einstakt tækifæri fyrir stelpurnar

Ísland heldur úrslitakeppni Evrópumóts 19 ára kvenna og hefst mótið á miðvikudaginn. Ólafur Þór Guðbjörnsson, þjálfari íslenska liðsins, segir stelpurnar klárar í að reyna sig á móti bestu liðum Evrópu. Ísland er í riðli með Þjóðverjum, Dönnum og Norðmönnum.

FÓTBOLTI Mikil knattspyrnuveisla er fram undan hér á landi því í tilefni af sextíu ára afmæli sambandsins tók KSÍ að sér að halda Evrópukeppni 19 ára liða hjá konunum og hefst mótið núna á miðvikudaginn.

Íslenska liðið er fyrsta kvenlandsliðið sem tekur þátt í aðalkeppni á stórmóti og er kominn mikil spenningur í stelpurnar að fá að reyna sig á móti bestu liðum í Evrópu. „Þetta er einstakt tækifæri fyrir stelpurnar og nokkuð sem engin íslensk stelpa hefur upplifað áður. Við vonumst samt til að A-landsliðið nái að upplifa þetta einhvern tíma,“ segir Ólafur Þór Guðbjörnsson, þjálfari íslenska liðsins.

Ólafur stefnir ekki á neitt ákveðið sæti á mótinu. „Við förum í þetta mót fyrst og fremst til að fá reynslu og reyna að standa í þessum liðum. Við höfum ekki sett okkur markmið að ná einhverju sæti og þegar við gerum það er það bara innan hópsins til að byrja með. Þetta er geysilega sterkt mót og flest af þessum liðum hafa spilað í svona úrslitakeppni áður. Við höfum ekki gert það, þannig að þetta verður vonandi dýrmæt reynsla fyrir framtíðarlandsliðsmennina okkar,“ segir Ólafur.

Það vekur athygli að í íslenska liðinu eru tólf fastamenn í liðum í Landsbankadeild kvenna og það eru góðar fréttir fyrir Ólaf þjálfara. „Það er mjög jákvætt að svo margar stelpur séu að spila með sínum liðum í mesta tempói sem gerist á Íslandi. Það skilar sér fyrir landsliðið. Þetta er í fyrsta sinn sem við fáum að spila inni á tímabili því við höfum alltaf þurft að spila fyrir utan tímabil, annaðhvort í apríl eða einhvern tímunn í lok september, og það er mjög jákvætt líka,“ segir Ólafur.

Mótherjarnir eru ekki af verri gerðinni. Stelpurnar mæta fyrst Norðmönnum á Laugardalsvelli klukkan 19.15 á miðvikudaginn, næst spila þær við Dani á Kópavogsvelli á sama tíma á föstudaginn og lokaleikurinn í riðlinum er síðan á Grindavíkuvelli klukkan 16.00 á mánudaginn eftir viku. Ísland hefur aðeins unnið einn leik af 34 gegn þessum þremur þjóðum í þessum aldursflokk þannig að verkefni stelpnanna er mjög erfið. „Það er klárt að Þjóðverjar, sem eru núverandi Evrópu-meistarar, eiga að vera sterkastir í okkar riðli. Danir og Norðmenn eru líka með feykisterk lið,“ segir Ólafur.

Fyrirliðinn og miðvörðurinn Guðrún Erla Hilmarsdóttir er reyndasti leikmaðurinn í hópnum með 14 leiki en skammt á eftir koma tveir samherjar hennar í Breiðabliki, sóknarmaðurinn Sandra Sif Magnúsdóttir (13) og miðjumaðurinn Laufey Björnsdóttir (12). Allar þessar þrjár, sem og miðjumaðurinn Hlín Gunnlaugsdóttir og markvörðurinn Petra Lind Sigurðardóttir voru í lykilhlutverki í meistaraflokki Breiðabliks sem sló Íslands- og bikarmeistara Vals út úr bikarkeppninni í vikunni.

Ólafur þjálfari er ánægður með undirbúning liðsins og segir hann hafa gengið mjög vel. „Ferðin á La Manga í vetur heppnaðist mjög vel. Bæði voru aðstæðurnar mjög góðar sem og að við höfðum stelpurnar í rúma viku æfingalega séð. Það var líka mjög gott skref að vinna Svíþjóð úti á þeirra heimavelli sem voru mjög jákvæð úrslit fyrir okkur og gefur stelpunum sjálfstraust,“ segir Ólafur en stelpurnar unnu Svía 1-0 í síðasta æfingaleik sínum fyrir mótið.



ALLT AÐ VERÐA KLÁRT Ólafur Þór Guðbjörnsson, þjálfari íslenska liðsins, talar við stelpurnar á æfingu á Laugardalsvelli um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Mikil stemmning hefur skapast í kringum A-landslið kvenna og Ólafur vonast til að 19 ára stelpurnar fái einnig góðan stuðning. „Það er líka frábært fyrir fólk hérna heima að sjá okkar stelpur etja kappi við þær bestu í Evrópu. Við erum alltaf að spila þessa undanriðla úti í Evrópu. Vonandi kemur fólk og skoðar hvar við stöndum miðað við aðra.

Það var frábær stemmning í síðasta heimaleik hjá A-liðið og það væri draumur að það yrði vel mætt á leikina. Það hefur vonandi jákvæð áhrif á þessa keppni hversu vel er búið að ganga hjá A-landsliðinu. Það ætti að skila sér í auknum áhuga og vonandi koma menn og sjá okkur spila góðan fótbolta,“ segir Ólafur að lokum.

ooj@frettabladid.is

Meistaramót golfklubbanna kláruðust um allt land um helgina og kylfingar léku vel:

Sigmundur, Örn og Sigurpáll í stuði

GOLF Meistaramót golfklubbanna kláruðust um helgina og þar voru Sigmundur Einar Másson GKG, Sigurpáll Geir Sveinsson GKG og Örn Ævar Hjartason GS í miklu stuði.

Sigmundur, núverandi Íslandsmeistari í högggleik, lék frábært golf á Meistaramóti GKG, byrjaði mótið á vallarmeti (65 höggum) og lauk leik á samtals 15 höggum undir pari, sem var 18 höggum á undan Kjartani Dór Kjartanssyni sem varð annar. Eygló Myrri Óskarsdóttir vann annað árið í röð hjá konunum. Sigurpáll sigraði með glæsilegum hætti á Meistaramóti Kjalar í Mosfellsbæ en hann lauk keppni á tíu höggum undir pari, fimm höggum á undan Davíð Má Vilhjálmsyni sem varð annar. Nína Björk Geirsdóttir sigraði örugglega í kvennaflokki. Örn Ævar Hjartason hafði mikla yfirburði á Meistaramóti Golfklúbbs

Suðurnesja í Leirunni en hann lék hringina fjóra á samtals 277 höggum, eða 11 höggum undir pari. Atli Eliasson varð annar 19 höggum á eftir honum. Karen Guðnadóttir vann í kvennaflokki.

Helena Árnadóttir varð klúbbsmeistari GR í fyrsta sinn, en hún er núverandi Íslandsmeistari í högggleik. Helena lék 15 höggum betur en Ragnhildur Sigurðardóttur. Haraldur Hilmar Heimisson vann hjá körlunum eftir spennandi keppni við Björn Þór Hilmarsson þar sem úrslit réðust ekki fyrir í bráðabana.

Björgvin Sigurbergsson og Tinna Jóhannsdóttir urðu klúbbsmeistarar Keils í Hafnarfirði. Björgvin lék hringina fjóra á þremur höggum undir pari allar, fimm höggum betur en Auðunn Einarsson sem varð annar. Tinna vann með 20 höggum mun í meistaraflokki kvenna.



FRÁBÆR SPILAMENNSKA Sigmundur Einar Másson lék 15 höggum undir pari á Meistaramóti GKG.

FRÉTTABLAÐIÐ/MARGEIR VILHJÁLMSON

Helgi Dan Steinsson varð meistarari hjá Leyni, lék á tveimur höggum færra en Stefán Orri Ólafsson sem lék manna best á lokadeginum. Friðmey Jónsdóttir vann hjá konunum. Ólafur Björn Loftsson

og Karlotta Einarisdóttir voru með ótrúlega yfirburði hjá NK og hjá GA unnu Björn Guðmundsson og Sunna Sævarsdóttir einnig örugga sigra.

- 66j

KK & Maggi Eiríks

á ferðalagi um landið

22 frábær lög

Nú er ég léttur
Minning um mann
Litla, sæta, ljúfan góða
Gunna var í sinni sveit
Maístjarnan
Lítill drengur
Á heimleið
ofl.



Síðasta platan í þrjúgjúnni "Ferðalög"

Fimmtud. 19.07 - Borg í Grímsnesi - kl.20:30

Föstud. 20.07 - Duushús, Keflavík - kl.20:30

Laugard. 21.07 - Bíóhöllin, Akranes - kl.21:00

Sunnud. 22.07 - Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn - kl.15:00

Fimmtud. 26.07 - Edinborgarhúsið, Ísafjörður - kl.20:30

Laugard. 28.07 - Græni hatturinn, Akureyri - kl.21:00

Sunnud. 29.07 - Ljósheimar við Sauðárkrók - kl.15:00

> Tím Robbins

Sannkallaður eðalleikari og án efa einn af þeim stóru í bransanum og það í orðsins fyllstu merkingu því Robbins er stærsti leikari sem hlotið hefur óskarsverðlaunin. Reyndar er hann jafn John Wayne en báðir voru þeir 194 sentimetrar þegar þeir tóku á móti styttni góðu. Robbins er giftur Susan Sarandon en þau hafa verið saman í um tvo áratugi. Síðustu ár hafa þau verið mjög áberandi í pólitískri umræðu í Bandaríkjunum og studdu þau meðal annars framboð Ralphs Nader í hinum frægu kosningum árið 2000. Robbins sést í óskarsverðlaunahlutverkinu sínu í kvöld þegar Stöð 2 Bíó sýnir myndina Mystic River.



dagskra



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON ÞÁÐI TÍU DROPA

Sýna skal geitum tilhlyðilega virðingu

Það hvarflar varla að mörgum þegar þeir dreypa á morgunkaffinu sínu að drykkurinn hafi breytt sögu heimsins. Að fólk hafi verið flutt heimsálfa á milli í þrældóm til að strita á kaffiekrum, og að börn hafi verið handhöggvin ef þau náðu ekki að tina eins margar kaffibaunir og kvölurum þeirra þótti viðunandi. Drykkurinn varð til þess að fólk safnaðist saman, fékk hugmyndir og reis upp gegn valdherum sem höfðu skákað í skjóli þess að almúginn vissi ekki að mögulegt væri að hafa áhrif. Fyrsti hluti þriggja þátta heimildarmyndar um kaffi var á dagskrá Sjónvarpsins fyrir viku. Þar kom fram að kaffi er ekki aðeins drykkur heldur hreyfiafl allra hluta. Ekkert væri eins og það er í dag ef geitahirðir nokkur hefði ekki ákveðið að taka upp sama mataræði og skepnurnar. Sagan segir nefnilega að þetta hafi allt saman byrjað með því að hann tók eftir því að geiturnar hans höguðu sér skringilega eftir að þær átu rauðleit ber af tré nokkru. Hann fór að dæmi þeirra

og fylltist ofurtrú á mannlíf. Hann fékk það á tilfinninguna að þetta hefði allt saman tilgang. Enn í dag falla milljónir manna fyrir þessari blekkingu á hverjum morgni þegar seyðið af bauninni góðu er sötrað.



Frábær heimildarmynd sem heldur áfram í kvöld. Missið ekki af henni og gerið eins og ég: Tvöfaldur viskí í bolla, smá púðursykur og sjóðheitt kaffi. Rjómalufa ofan á. Ótrúlegt hvað manni líður vel af kaffidrykkju. Annars veit ég ekki hvort það er viðeigandi að hvetja fólk til þess að horfa á sjónvarp þessa dagana. Trjákvöðan frussast úr timburhúsum í þessu glennusólskini; fólk liggur á bráðadeildum sjúkrahúsa með sólsting. Svo rammt kveður að veðurbliðunni að ungrir sem aldnir órmagnast við það eitt að leita að fjarstýringunni. Lærdómurinn af sögunni? Sleppið sykrunum, kaffinu og rjómanum og farið snemma að sofa.

EKKI MISSA AF



▶ **22.25 Anna Pihl** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.35 Men in Trees** STÖÐ 2



▶ **18.30 A View From the Top** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00 Jake in Progress** SIRKUS



▶ **20.00 Greatest Dishes in the World** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

- 17.05 Leiðarljós
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Myndasafnið
- 18.01 Gurra grís (30:36)
- 18.06 Lítil prinsessa (22:30)
- 18.16 Halli og risaeðlufatan (18:26)
- 18.30 Vinkonur (43:52)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Svart kaffi - Gull í bolla (2:3) Kanadísk heimildamyndaröð um kaffi og sögu þess. Frá því að kaffið var uppgötvað í Eþíópíu hefur það sett mark sitt á efnahag, stjórnmál og þjóðfélagsgerð víða um lönd. Í þessum þætti er glæsileg keppni sem haldin er til þess að hvetja brasílíska kaffiframleiðendur til dáða notuð sem rammi um svipmynd af kaffidrifinni kúgun í Suður-Ameríku á 19. öld.
- 21.15 Í nafni réttlætis (2:13) Bandarísk þáttaröð um lögfræðinga sem vinna að því að fullnægja réttlætinu fyrir fólk sem hefur verið fangelsað saklaust. Meðal leikenda eru Jason O'Mara, Kyle MacLachlan, Constance Zimmer, Daniel Cosgrove og Marisol Nichols.
- 22.00 Tíufréttir
- ▶ 22.25 Anna Pihl (5:10) Dönsk þáttaröð um erilsamt starf lögglukonunnar Önnu Pihl á Bellahøj-stöðinni í Kaupmannahöfn.
- 23.10 Út og suður (7:16) e.
- 23.40 Kastljós

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 Titanic
- 09.10 Pelle Politibil
- 10.30 A View From the Top
- 12.00 World Traveler
- 14.00 Titanic
- 17.10 Pelle Politibil
- ▶ 18.30 A View From the Top Rómantísk gamanmynd.
- 20.00 World Traveler Áhrifamikil drama með Billy Crudup úr Big Fish og Julianne Moore úr The Hours.
- 22.00 Mystic River (Dulá)
- 00.15 Fistful of Dollars
- 02.00 Robocop 2
- 04.00 Mystic River



- 07.00 BeyBlade (Snældukastarnir)
- 07.20 Scooby Doo
- 07.45 Litlu Tommi og Jenni
- 08.10 Oprah
- 08.55 Í finu formi 2005
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Forboðin feður (91:114)
- 10.15 Grey's Anatomy (14:25)
- 11.05 Fresh Prince of Bel Air (12:24)
- 11.30 Outdoor Outtakes (5:13)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Nágrannar
- 13.10 Sisters (19:24)
- 14.00 Extreme Makeover (8:23)
- 14.45 Man's Work (4:15)
- 15.10 Punk'd (7:16)
- 15.50 S Club 7 (e)
- 16.13 Galdrastelpurnar (16:26)
- 16.38 Batman
- 16.58 Hjólagerið
- 17.23 Froskafjör
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Nágrannar
- 18.18 Ísland í dag og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður
- 19.40 The Simpsons (20:22)
- 20.05 Heima hjá Jamie Oliver Allir elska kartöflur og nú kennir Jamie áhorfendum að búa til hið fullkomna kartöflusalat og frábæra eggjaköku með kartöflum.
- ▶ 20.35 Men In Trees (5:17) Marín veit ekki hvað hún á að gera þegar í ljós kemur að hún hefur óvart verið að eitra fyrir gæludýrinu á gistiheimilinu. Þegar hún snýr sér til Jack fær hún ekki þau viðbrögð sem hún bjóst við.
- 21.20 Pirate Master (7:14) Hörkuspenandi raunveruleikaþáttur í anda Survivor.
- 22.05 Saved (8:13)
- 22.50 Crime and Punishment in Suburb
- 00.25 The 4400 NÝTT (1:13)
- 01.10 Las Vegas (12:17)
- 01.55 Ovosodo
- 03.30 Afterlife (6:8)
- 04.20 Saved (8:13)
- 05.05 Fréttir og Ísland í dag
- 06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SIRKUS TV

- 18.00 Insider
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag
- 19.35 Entertainment Tonight
- ▶ 20.00 Jake In Progress 2 (3:8) Önnur þáttaröðin af þessum grínþáttum um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York. Þegar fræga fólk er rennur á rassinn mætur Jake Phillips á svæðið og reddar málunum. Vandamálin eru bæði stór og smá en Jake er alltaf til staðar, boðinn og búinn að lappa upp á mynd viðskiptavinanna. Mitt í amstri dagsins gleymir hann hinsvegar að hugsa um sjálfan sig en hann er hreint ekki barnanna bestur þegar kemur að einkalífnum.
- 20.25 True Hollywood Stories (3:8) Frábærir verðlaunaþættir þar sem fjallað er um helstu stjórnur Bandaríkjanna og ýmslegt er grafið upp sem almenningur hefur aldrei heyrt um.
- 21.15 Smallville (1:22) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglungurinn Clark Kent. Hann er þrúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Clark er samt ekki gallalaus og á það stundum til að vera dálítið klaufskur. Lendir hann í ýmsum vandræðum á sama tíma og hann er að uppgötva sinn rétta styrk. Frábærir þættir um Ofurmennið á yngri árum sínum. Leyfð öllum aldursþópum.
- 22.00 Cold Case (24:24) Hörkuspenandi lokapáttur þar sem Lily og félagar hennar rannsaka morð á heilli fjölskyldu. Í miðri rannsókn tekur málið skelfilega stefnu þegar teymið er tekið í gíslingu og svo virðist sem öll von sé úti. Bönnuð börnum.
- 22.45 The 4400 NÝTT (1:13)
- 23.30 Joan of Arcadia (14:22) (e)
- 00.15 Entertainment Tonight (e)
- 00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORDURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasinþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 07.35 Everybody Loves Raymond (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 16.15 Vörutorg
- 17.15 How Clean is Your House? (e)
- 17.45 All of Us (e)
- 18.15 Dr. Phil Dr. Phil, hreinskilni sjónvarpsáfræðingurinn frá Texas, heldur áfram að hjálpa fólk að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segja frábærar sögur og gefa góð ráð. Frábærir þættir sem létta manni lífið!
- 19.00 Everybody Loves Raymond (e)
- 19.30 According to Jim (e)
- ▶ 20.00 Greatest Dishes in the World - NÝTT Bresk þáttaröð þar sem kunnir matgæðingar leita að ljúfengustu réttum í heimi. Nokkrir af færustu matargagnrýndur Bretlands, með gómsætum réttum sem gerðir eru úr besta hráefni sem finnst. Þættirnir eru fimm og hver hefur sitt þema. Að sjálfsögðu er byrjað á forréttum, síðan eru það sjávarréttir, fuglar og villibráð, kjötréttir og að lokum eftirréttir. Í lokin verður síðan samsættur besti matsæðill í heimi. Kynnir þáttanna er breska blómarósín Naomi Cleaver og dómara eru Charles Campion og Matthew Fort sem skrifa um mat og veitingahús fyrir Evening Standard og The Guardian auk þess sem þeir hafa gefið út nokkrar bækur um mat og vín.
- 21.00 Runaway (5:9) Bandarísk spennusería um fjölskyldufóður á flótta með fjölskyldu sína eftir að hann er ranglega sakaður um morð. Paul óttast að kæruleysi sonarins komi honum um koll og óboðinn gestur setur líf fjölskyldunnar úr skordrum.
- 22.00 Law & Order Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Övenjulegur þáttur þar sem Briscoe og Green reyna að leysa fjögur morð á sama degi auk þess sem óléttir konu er rænt.
- 22.50 Everybody Loves Raymond Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskyldufóður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna
- 23.15 Jay Leno
- 00.05 Nora Roberts Collection - Carolina Moon (e)
- 01.35 The L Word (e)
- 02.25 Vörutorg
- 03.25 Óstöðvandi tónlist

Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI

6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA

HEIMIR OG KOLBRÚN TAKA Á MÓTI PÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN

Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli

BYLGJAN

989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05

Heima hjá Jamie Oliver

Jamie Oliver er snúinn aftur og er nú á heimavelli. Jamie mun nú sýna hvernig best er að elda einfalda rétti í eldhúsinu heima og mun hann meðal annars nota grænmeti sem hann ræktar í eigin garði. Hann mun einnig sýna hversu auðvelt það er að rækta eigið grænmeti.



▶ VIÐ MÆLUM MED

A Fistful of Dollars

Stöð 2 Bíó kl. 00.15

Myndin sem gerði Clint Eastwood að stórstjörnu og fyrsta myndin um hina ónefndu hetju vilta vestursins. Myndin var framleidd á Spáni af ítölsku fyrirtæki og telst þess vegna til hinna svokölluðu spaghetтивestra. Myndinni leikstýrði Sergio Leone og um tónlistin sá Ennio Morricone en hann fékk sérstök heiðursverðlaun á síðustu Óskarsverðlaunahátíð. Stórgóð mynd með Eastwood í sínu besta formi.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45	Veðurfreginir	15.03	Grannar okkur
06.50	Bæn	16.00	Síðdegisfréttir
07.05	Morgunvaktin	16.10	Veðurfreginir
08.00	Morgunfréttir	16.13	Hlaupanótan
09.05	Laufskálinn	17.03	Viðsjá
09.45	Morgunleikfimi	18.00	Kvöldfréttir
10.03	Veðurfreginir	18.25	Spegillinn
10.13	Stefnumót	19.00	Á sumarvegi
11.03	Samfélagið í nærmynd	19.40	Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
12.03	Hádegisútvarp	20.00	Sumarsalat
12.20	Hádegisfréttir	21.00	Framtíð lýðræðis
12.45	Veðurfreginir	21.55	Orð kvöldsins
13.00	Sakamálaheitið: Sá yðar sem syndlaus er	22.15	Kvöldsagan: Útlendingurinn
13.15	Á sumarvegi	22.45	Kvöldtónar
14.03	Útvarpsagan: Rokkað í Vittula	23.10	Útfaldir og myflugur
14.30	Miðdegistónar	00.10	Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

17.15 Sumarmótin 2007 (N1 - mótið)

Þáttur um N1 mótið í knattspyrnu sem fram fer á Akureyri. Mótið er fyrir 5. flokk drengja sem eru 11-12 ára. Löng hefð er fyrir þessu móti sem hét áður Esso-mótið.

17.45 Copa America 2007 Útsending frá úrslitaleik Argentínu og Brasilíu í Suður-Ameríku bikarnum.

19.45 Landsbankadeildin 2007 (Fram - Valur) Bein útsending frá Reykjavíkurslag á milli Fram og Vals í 10. umferð Landsbankadeildarinnar í knattspyrnu. Liðin gerðu jafntefli í fyrri umferðinni 1.1.

22.00 Landsbankamörkin 2007 Þáttur um Landsbankadeildina þar sem sýnd er helstu tilþrífir í síðustu leikjum í deildinni. Mörkin, spjöldin, dauðafærin, markvarslan, viðbrögð leikmanna og þjálfara ásamt fjölmörgu fleiru áhugaverðu.

22.30 Landsleikur Útsending frá leik íslensku nördanna og sænsku nördanna en leikurinn var sýningarleikur á Landsmóti UMFÍ í Kópavogi.

23.30 Landsbankadeildin 2007 (Fram - Valur) Útsending frá leik Fram og Vals í 10. umferð Landsbankadeildarinnar.

BBC PRIME

10.00 Big Cat Diary 10.30 Yes, Minister 11.00 My Hero 11.30 My Family 12.00 Hetty Wainthropp Investigates 13.00 Waking the Dead 14.00 Passport to the Sun 14.30 Superhomes 15.30 Bargain Hunt 16.00 As Time Goes By 16.30 My Family 17.00 Home Front 18.00 Waking the Dead 19.00 Love Soup 20.00 The Thick of It 20.30 French and Saunders 21.00 Waking the Dead 22.00 Yes, Minister 22.30 Love Soup 23.30 As Time Goes By 0.00 My Family 0.30 EastEnders 1.00 Waking the Dead 2.00 Hetty Wainthropp Investigates 3.00 Passport to the Sun

DR 1

11.05 En reporter går om bord 11.35 Søren og Søren 12.05 Dawsons Creek 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 Hjerteflimmer Classic 13.30 SommerSummerum 15.05 Trolldomsæskan 15.30 Peter Pedal 15.59 Når gorillaen forelsker sig 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Sommervejret 17.05 Miss Marple 18.00 Hammerslag 18.30 Forsvundne danskere 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.30 Sommervejret på DR1 19.45 Spartacus 21.15 Seinfeld 21.40 Dinas Dates 22.10 Skønhed uden grænser

NRK1

6.00 Bevare meg vel 6.15 Postmann Pat 6.30 Noahs dyrebare øy 7.05 Gjengen på taket 7.10 De tre vennene og Jerry 7.35 Trollz 8.00 Totalt genialt! 8.25 Med hjertet på rette staden 9.10 Jukeboks: Norge rundt 10.00 Jukeboks: Du skal høre mye 11.00 Jukeboks: Country 12.00 Jukeboks: Vitenskap 13.30 The Tribe - Den nye morgendagen 13.55 Lyoko 14.20 Norske filmminner 15.35 Tid for tegn 15.50 Oddasat - Nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Postmann Pat 16.15 Vennene på Solleikken 16.30 Jeg og sjiraffene 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Et liv med hiv 18.30 Faktor: Lærling i kamp 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Siste nytt 19.10 Sommeråpent 20.00 Vinbaronen 20.45 Verdensarven 21.00 Kveldsnytt 21.15 Norge i dag 21.25 Requiem for a falling star 22.35 Valkynen møter haugafolket

SVT 1

7.15 Hej hej sommar 7.16 Tintin 7.45 Blue Water High 10.00 Rapport 10.05 Sportspegeln 12.15 Vi på Vaddö 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 Melita möter 15.30 Expedition: Familjeliv 16.00 BoliBompa 16.10 Storasyster og lillebror 16.15 Räkna med skägg 16.30 Hej hej sommar 16.31 Tintin 17.00 Blue Water High 17.30 Rapport 18.00 Sommartorpet 18.30 Packat & klart sommar 19.00 Foyle's War 20.35 Bergen - Kirkenes t/r 21.05 Rapport 21.15 Vita huset 22.00 Sändningar från SVT24

ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE



skemmtilegri

HEITASTI STELPUÞÁTTURINN MEN IN TREES Í KVÖLD KL. 20:05

Frá framleiðendum Sex and the City



MEN IN TREES - kl. 20:05



PIRATE MASTER - kl. 20:50



SAVED - kl. 21:35

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég hlusta á gufuna þegar ég er á verkstæðinu, en annars hlusta ég ekki á útvarp þegar ég vinn úti. Mér finnst vont að vinna við tónlist og hlusta þá frekar á tal- að mál þegar ég er að vinna.“

Finnur Guðsteinsson, smiður.

Grafískt gallerí á Laugavegi

Nýverið var opnað gallerí í skóbúðinni Far á Laugavegi 35. Galleríð er sérstakt að því leyttu til að það er hið fyrsta hér á landi sem sýnir eingöngu grafíska hönnun. Egill Harðarson vefhönnuður reið á vaðið með sýningu á verkum sínum en fyrir skemmstu opnaði Godður (Guðmundur Oddur Magnússon) þar sýningu sem mun standa til 20. júlí. „Galleríð hefur fengið nafnið Temp,“ segir Pétur Guðmundsson sem stofnaði galleríð ásamt Ísak Winther en þeir eru báðir grafískir hönnuðir. „Okkur fannst vanta vettvang þar sem grafískir hönnuðir gætu sýnt verk sín, önnur en vörumerki og umbúðir, til þess að sýna fólki að þeir fást við fleira en auglýsingar. Vettvang þar sem markaðslögmál skipta ekki máli.“

Pétur segir að galleríð fái að þróast hægt og rólega. „Við erum ekki búinir að setja niður neitt langtíma plan. Ætlum bara að sjá til

hvernig þetta gengur. Galleríð hefur að minnsta kosti fengið gríðargóðar móttökur og fjölmargir hafa sóst eftir því að fá að sýna verk sín,“ segir Pétur. Nánari upplýsingar um galleríð er að finna á royal.is/temp. - sók



GRAFÍSKIR HÖNNUÐIR GERA FLEIRA EN AUGLÝSINGAR Pétur Guðmundsson og Ísak Winther í Gallerí Temp. Þeir stofnuðu galleríð til þess að gefa grafískum hönnuðum færi á að sýna hvað þeir gera utan hefðbundins vinnutíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. margskonar 6. kusk 8. blaður 9. struns 11. sjúkdómur 12. kál 14. gimsteinn 16. grískur bókstafur 17. angan 18. tunna 20. sjó 21. skrifa.

LÓÐRÉTT

1. asi 3. tvö þúsund 4. alls 5. suss 7. eilíffó 10. nögl 13. kjáni 15. lítillvægi 16. krot 19. bardagi.

LAUSN

smæð, 16. pár, 19. at.
5. uss, 7. óratími, 10. kíó, 13. apt, 15.

LÓÐRÉTT: 1. flás, 3. mm, 4. samtals, ílm, 18. áma, 20. see, 21. rita.

LÁRÉTT: 2. ýmsu, 6. íó, 8. mas, 9. ark, 11. ms, 12. selat, 14. tópas, 16. pl, 17.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Helga Margrét Þorsteinsdóttir.
- 2 Claire Danes.
- 3 Harry Potter and the Deathly Hallows.

Auglýsingasími

512

50

50

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið



SKEMMTILEGT Þeir Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur og Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði gáfu þau Marteinn Ibsen og Öldu Sveinsdóttur saman.

HJÁLMAR JÓNSSON: FJÖLMENNINGARSAMFÉLAG INN Í KIRKJUNA

Gifti með allsherjargoða

„Trúarbrögðin eiga að sameina en ekki sundra,“ segir séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur. Klerkurinn er vanur að fara ótroðnar slóðir í hempunni og um síðustu helgi gaf hann saman tvönn brúðhjón með heldur óvenjulegum hætti. „Ég byrjaði um morguninn með þau Sigurð Michaelsson og Benja Darayen en þau spurðu hvort það væri í lagi að búddamunkar yrðu viðstaddir athöfnina því Benja er búddatrúar. Mér fannst það ekkert annað en sjálfsagt og bauð þá velkomna í ræðunni minni enda var þetta skýrt dæmi um að heimurinn á að vera opin og veggjalaus. Og þar eiga trúarbrögðin að ganga á undan,“ útskýrir Hjálmar, sem var á miklum þönum 07.07.07 og gaf ein fern þör saman frammi fyrir mönnum og Guði.

Í Straumi, skammt frá álverinu í Straumsvík, hittust hins vegar gamli tíminn og sá nýi þegar Hjálmar tók höndum saman við Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoða en þar gengu þau Marteinn Ibsen og Alda Sveinsdóttir í það heilaga. Fyrst vígði Hjálmar þau en svo tók Hilmar Örn við að norrænum goðasið en Marteinn er ásatrúar og Alda kristin. Að sögn Hjálmars var athöfnin fallæg en spurður hvort víkingarnir frá fornöld væru ekki búnir að snúa sér við í gröfnni sagði presturinn svo ekki vera. „Þegar kristni var lögtekin á Íslandi í kringum árið þúsund voru einfaldlega sett lög á Alþingi og engu blóði úthellt. Trúin gekk í gegnum samfélagið og þar sannaðist það kannski hvað best hversu sterk fjölskyldutengsl við höfum,“ segir Hjálmar.

Í fjölmiðlum hafði mikið verið spáð og spekulerað um hvort einhver hjónavígslusprengrja yrði á 07.07.07. Hjálmar segir að þetta hefði ekki orðið jafn umfangsmikið og gert hafði verið ráð fyrir. Og augljóst væri að einhverjir hefðu hreinlega hlaupið á sig. „Þeim hefur kannski fundist dagsetningin skemmtileg en þegar á hólminn hefur verið komið þá hefur það sem raunverulega þurfti kannski ekki verið til staðar.“ Hjálmar taldi mikla möguleika á að framhald yrði á svona fjölmennningarlegum athöfnum og klykkti út með upphafsörðum predikunar sinnar á sunnudag. „Hér er jú enginn gyðingur né grískur, þræll né frjáls maður, karl né kona, þér eruð hér eitt í Kristi, Jesú.“

- fgg

Mikill áhugi á brytastarfi

„Já, það eru fjölmargir sem hafa hringt og sýnt þessu mikinn áhuga. Og þó nokkrir sem hafa sent inn umsóknir,“ segir Inga Steinunn Aradóttir hjá ráðningarþjónustu Hagvangs. Fyrir skömmu birti fyrirtækið auglýsingu í Morgunblaðinu þar sem óskað var eftir umsóknum um starf sem kannski þekkist betur meðal hinna auðugu úti í heimi. Starfið felst í tiltekt og þrifum, umsjón með þvotti, undirbúningi kvöldmatar og öðrum tilfallandi heimilisstörfum. Jafnframt fylgdi að viðkomandi fengi fallett húsnæði til eigin nota. „Þessum störfum fjölgar sífellt og eru miklu fleiri en fólk gerir sér grein fyrir,“ segir Inga, sem gat ekki gefið upp hver launin væru en bætti því að þau væru „sanngjörn“.

Flestir Íslendingar ættu að kannast við þessi störf frá kvikmyndum úr Hollywood. Þar hefur ríka fólkíð oft þjónustufólk og húsráðendur sem kallast „maid“ og „butler“ eða þernur og brytar. Þetta fólk er hógværdin og þagmælskan uppmáluð og talar nánast undantekningalaust lýtalausa ensku.

Frægastur er eflaust hinn ráðagóði Jeeves úr sjónvarpsþáttunum Jeeves and Wooster þar sem Stephen Fry fór á kostum ásamt Hugh Laurie. Þá má ekki gleyma hinum eldklára Alfred sem ósjaldan réði Bruce Wayne og Leðurblökumanninum heilt. Ekki var hægt að fá uppgefið hver það var sem auglýsti eftir þessari þjónustu.



ALFRED Einn frægasti bryti kvikmynda-sögunnar sem ráðlagði Bruce Wayne og Leðurblökumanninum heilt á erfiðum tímum.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ítarlega er fjallað um áheyrnarprufur fyrir bresku uppfærsluna af Latabæ í blaðinu Time í gær en frá þessu er greint á eyjan.is. Eins og fram kom í Fréttablaðinu fyrir ekki margt löngu fylgdist breska pressan með þessum áheyrnarprufum og margir tóku þátt og reyndu sig í hlutverki Íþróttarálsins. **Magnús Scheving** upplýsir síðan í viðtali við The Time að hann eigi fund við sjónvarpskokkinn Jamie Oliver í ágúst en þetta samstarf hefur lengi staðið til og fyrir um ári birti breska blaðið The Sun frétt þess efnis að þessir tveir baráttumenn gegn offitu barna væru jafnvel á leiðinni í samstarf. Og nú virðist loks vera komin á hreyfing á málið.



Þau undur og stórmerki áttu sér stað á Mannlífsvefnum að sjónvarpsmanninum **Steingrími Sævarri Ólafssyni** var hrósað í hástert. Lengi vel hefur verið æði kalt á milli þessara fjölmiðlunga en Mannlífsmenn sáu sæng sína útbreidda þegar ný skoðana-könnun Capacent leiddi í ljós að Ísland í dag væri að sækja í sig veðrið á kostnað Kastljóssins. Og fékk Steingrímur sín priki í kladdann að vel athuguðu máli hjá þeim Mannlífsfélögum.

Og ekki bólar á umdeildri erótískri kvikmynd sem forsvarsmenn klam.is með **Sigurð Valdimar Steinþórsson** fremstan í flokki hyggjast gera. Auglýsing Sigurðar á vefsíðu hans vakti mikla athygli en þar leitaði hann eftir áhugasömum til að leika í fyrstu íslensku klámmyndinni. Heimildir Fréttablaðsins herma að myndin áður nefnda sé komin í langt hlé ásamt vefnum og að nú hyggist Sigurður leita færiss hjá röppurum Íslands með heimasíðunni rapp.is. Og þarf það varla að koma neinum á óvart enda hefur sú tónlistarstefna ósjaldan verið tengd við berar stúlkur og erótík.



Og aðeins meira af röppurum því lítið virðist þokast í samkomulagsátt hjá **Erpi Eyvindarsyni** og Rottweilerhundunum og Óskari Axel Óskarssyni, markaðsstjóra Flass.net. Eins

og fram kom í Fréttablaðinu fyrir nokkru telja rapphundarnir að Óskar skuldi þeim peninga fyrir tónleikahald en Óskar sjálfur hefur vísað því á bug. Heimasíðan þar sem þessar fullyrðingar koma fram er þó enn í fullum gangi og 13. júlí síðastliðinn var tilkynnt að 235 dagar væru liðnir síðan greiðsla átti að berast.



Hvað þarf marga Íslendinga til að skipta um peru?*



IKEA býður mesta úrval landsins af sparperum. Þær endast 10 sinnum lengur en hefðbundnar ljósaperur og eru á frábæru verði.

Með því að skipta út gömlu perunum fyrir sparperur geta Íslendingar minnkað raforkukostnað sinn umtalsvert.

Kostnaður fyrir eitt heimili:

20 hefðbundnar peru á ári 9.512 kr.

20 sparperur á ári 2.097 kr.

Mismunur sem sparast: 7.415 kr.

Kostnaður fyrir Ísland (107.000 heimili):

2,14 millj. hefðbundnar peru á ári 1.017.784.000 kr.

2,14 millj. sparperur á ári 224.379.000 kr.

Mismunur sem sparast: 793.405.000 kr.

Viðmiðunarverð: Hefðbundin pera 60W: 50 kr. Sparpera 11W: 200 kr. Miðað er við 5 klst. meðaltalsnotkun á dag á hverri peru. Hefðbundin pera endist að meðaltali í 6 mánuði, en sparpera í 5,5 ár.

Sjá nánar á www.IKEA.is/spar



* Í raun bara einn. En til að spara rúmlega 793 milljónir kr. á ári með minni rafmagnsnotkun og færri peruskiptum ættu allir Íslendingar að sameinast um að skipta yfir í sparperur frá IKEA.



Enn ein snjöll lausn frá IKEA

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi

Opið 8-24
alla daga



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Sauðkindur nútímans

Ef manneskja stendur úti á Eðmiðri götu og hefur gleymt bílaumferðinni við að taka mynd af Leifi heppna með Hallgrímskirkju í baksýn eru yfirgnæfandi líkur á því að þetta sé svonefndur túristi. Þeirra vegna verða ökumenn að gæta sérstakrar varúðar. Annars er eins víst að maður aki yfir ferðamann, sem væri ekki bara leiðinlegt fyrir túristann og mann sjálfan heldur einnig fyrir þjóðarbúið. Ferðamenn eru nefnilega sú tegund búsmala sem hefur leyst sauðkindina af hólmum sem undirstaða efnahagslegrar vel-sældar á Íslandi.

FERÐAMÁLASTJÓRI segir að fyrir utan þær hjarðir ferðamanna sem nú þegar hafa komið til landsins sé á næstu tveimur vikum von á fjörutíuþúsund stykkjum til viðbótar. Tálnaglöggir menn reikna með því að sá fríði flokkur muni skila um fjórum milljörðum í þjóðarbúið. Það samsvarar því að hver ferðamaður leggi sig á um hundraðþúsund kall. Til að sauðkind næði sömu framlegð þyrfti hún að eignast að minnsta kosti fimm lömb á ári.

BÆNDUR voru fljótir að sjá líkindi með sauðkindum og ferðamönnum og sneru sér því frá sauðfjárbúskap og fóru að sinna ferðamönnum. Sem betur fer er ekki mikið um lausagöngu ferðamanna heldur er þeim smalað saman í rútur og ekið með þá milli staða þar til þeir hafa fengið nægju sína af laxi og lambaketi. Engu að síður eru margir ferðamenn haldnir flökkueðli eins og sauðkindin. Þessir aðilar flækjast til og frá um landið þar til þeim er loksins bjargað upp úr Krossá og sendir aftur til sinna heimkynna.

ENGAR rannsóknir eru til að bera saman túrista og sauðkindur. Bæði fyrirbærin eru jafn mállaus á íslenska tungu. Í ratvísi ber þó sauðkindin horn og herðakamb yfir túristann. Sauðkindum tekst að rata um hálendið án GPS-tækja meðan algengt er að sjá ferðamenn með niðurrignð landakort reyna að átta sig á leiðinni frá Lækjartorgi að Hótel Borg. Það er sömuleiðis vafamál að til sé nokkur sauðkind sem fengist til að borga tuttugu-ogfimmþúsund kall fyrir nætur-gistingu eða tvöþúsund kall fyrir venjulega máltíð. Sýnum því þessum tvífatnu sauðum nútímans sömu umhyggju og forfeður okkar sýndu fé sínu í gamla daga.

Sjónvarps-tækifæri



Tilboð 149.900
42PC1RR
Uppplausn 1024x768
Skærpa 10.000:1
Birtustig 1.200
80 GB harður diskur
Viðbragðstími innan við 1 ms

ÓTRÚLEGT
VERÐ!



Verð 299.900
50PC1RR
Uppplausn 1366x768
Skærpa 10.000:1
Birtustig 1.000
80 GB harður diskur
Viðbragðstími innan við 1 ms

80 GB
UPPTAKA-
DISKUR!



Verð 189.900
42LC51
42"
Uppplausn 1366x768
Skærpa 5000:1
Birtustig 450
Viðbragðstími 5 ms
Aðers 8 cm á þykki



Verð 219.900
42LC2D
42"
Uppplausn 1366x768
Skærpa 1600:1
Birtustig 500
Viðbragðstími 8 ms
Stuflaun mottakari
Kortarauf



Verð 199.900
42LC2RR
42"
Uppplausn 1366x768
Skærpa 1.600:1
Birtustig 500
80 GB harður diskur
Viðbragðstími 8 ms

80 GB
UPPTAKA-
DISKUR!



Verð 179.900
37LC2RR
37"
Uppplausn 1366x768
Skærpa 1.600:1
Birtustig 500
80 GB harður diskur
Viðbragðstími 8 ms

80 GB
UPPTAKA-
DISKUR!



Verð 109.900
32LC51
32"
Uppplausn 1366x768
Skærpa 5000:1
Birtustig 450
Viðbragðstími 8 ms
Aðers 8 cm á þykki



Verð 119.900
32LC2RB
32"
Uppplausn 1366x768
Skærpa 1000:1
Birtustig 500
Viðbragðstími 8 ms



Verð 98.900
26LC2R
26"
Uppplausn 1366x768
Skærpa 1.200:1
Birtustig 500
Viðbragðstími 8 ms



Verð 64.900
20LC1RB
20"
Uppplausn 640x480
Skærpa 500:1
Birtustig 550
Viðbragðstími 16 ms



Verð 95.900
23LC1RB
23"
Uppplausn 1366x768
Skærpa 600:1
Birtustig 600
Viðbragðstími 8 ms

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16



Pioneer - fyrsta flokks bíltæki



HANDFRJÁLS BÚNAÐUR
Í BÁÐUM TÆKJUNUM



FJARSTYRING
FYLCIR

Pioneer
DEH-P75BT

Innbyggð Bluetooth tenging við GSM síma (handfrjáls búnaður) og tónlistarspillara - 4x50W RMS MOSFET magnari - Rotary Commander stýring - FM/AM/LW útlarp með RDS og 24 stöðva minni Mótur í framhljó - Grafískur OEL skjár - Spillar CD/MP3/WMA - EQ 7-band tónjafnari - 3x RCA útgangar - Aux-in og möguleiki á beinni iPod tengingu - **TILBOÐSVERÐ: 44.900 kr.**



FJARSTYRING
FYLCIR

Pioneer
DEH-P55BT

Innbyggð Bluetooth tenging við GSM síma (handfrjáls búnaður) - 4x50W RMS MOSFET magnari Rotary Commander stýring - FM/AM/LW útlarp með RDS og 24 stöðva minni - Laus framhljó Skiptanlegir RGB litir í tökkum og skjá - Spillar CD/MP3/WMA - EQ 3-band tónjafnari - 2x RCA útgangar - Aux-in og möguleiki á beinni iPod tengingu - **TILBOÐSVERÐ: 34.900 kr.**

ALVÖRU
GRÆJUR
Í BÍLINN

ORMSSON

UM LAND ALLT • www.ormsson.is